

C'EST CHIC!

Balenciaga fær frábæra dóma á tískuvíkunni í París



66

MAX RAFTÆKI
AUKABLAÐ Í DAG
Velkomin í Holtagarða og Kaupþún

Dúndur TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. mars 2008 – 60. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

LAUGARDAGUR



„ÉG LEGGST EKKI Á BEKK OG HUGSA.“


Gabriela Friðriksdóttir er bókuð langt fram í tímann á sýningum um heim allan.

HELGAREFNI 36



STÍLL 66

VEÐRIÐ Í DAG



BJART SYÐRA Í dag verður víðast hæg norðaustlæg átt en þó strekkingur eða allhvasst norðan til og á Vestfjörðum. El nyrðra og eystra en víða bjart sunnan og vestan til. Frost yfirleitt 0-8 stig.

VEÐUR 4

Auglýsingasími

512
50
50

- Mest lesið

Margir sitja uppi með íbúðir

Margir hafa gert skuldbindandi samning um kaup á íbúð án þess að vera búnir að sölutryggja íbúð sína. Þetta gæti valdið vandræðum í því árferði sem nú er, segir framkvæmdastjóri Félags fasteignasala.

FASTEIGNIR Margir hafa gert skuldbindandi samning um kaup á íbúð án þess að hafa sölutryggt íbúð sína. Þetta getur valdið snöggum verðlækkunum á fasteignamarkaðnum þar sem kaupendur verða tilneyddir til þess að lækka verðið mikið, að mati viðmælenda Fréttablaðsins.

„Þetta er eitt af því sem getur gerst. Það gæti valdið vandræðum,“ segir Grétar Jónasson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala.

Tölur um hversu margir eru í

fyrirnefndri stöðu liggja ekki fyrir.

Hann telur það afar óheppilegt að stjórnvöld hafi ekki tímasett niðurfall á stimpilgjöldum fyrir kaupendur á fyrstu íbúð. Það geti haft slæmar afleiðingar þar sem það sé engum til hagsbóta ef markaðurinn hrynji. „Stjórnvöld hafa boðað það að stimpilgjöld verði afnumin af kaupum á fyrstu íbúð. Það eru góðar fréttir en óvissan um hvenær það gerist er skadleg,“ segi Grétar. „Það liggur í augum uppi að fólk sem er að fara að

kaupa sína fyrstu íbúð kaupir hana ekki ef það veit að það getur fengið hundraða þúsunda afslátt innan skamms. En hvenær kemur hann?“

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra segir það tímaspursmál hvenær þetta verði tilkynnt. „Ég hugsa að stimpilgjöldin ráði ekki úrslitum um hvort fólk kaupir sér íbúð sem það kann vel við eða ekki. En ég get tekið undir það að óvissan er alltaf til ama. Það mun ekki líða á löngu þar til tímasetning verður tilkynnt á

þessu,“ segir Björgvin. Farið er að hægjast um á fasteignamarkaði eftir mikinn uppgang síðustu ár. Veltan hefur dregist mikið saman frá því í haust, og er næstum tvöfalt minni en hún var á sama tíma í fyrra. Í síðustu viku minnkaði veltan frá vikunni á undan og var 3,3 milljarðar samkvæmt Fasteignamatí ríkisins. Hún var tæplega sex milljarðar á sama tíma í fyrra. Íbúðalánasjóður lánaði rúmlega fimmfalt meira en bankarnir til húsnæðiskaupa í janúar.

- mh / sjá síðu 38



Í MATARTÍMA HJÁ GÆSAMÖMMU Fjöldi gæsa fékk sér gott í gogginn hjá Ástu í gær þegar ljósmyndari Fréttablaðsins leit þar við. Skömmu eftir jólf gaf Ásta fjórum gæsum í gogginn en þær hafa greinilega borið henni vel söguna því fljótlega voru um sextíu gæsir farnar að venja komu sína í Hátúni til Ástu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sextíu gæsir halda til hjá gæsamömmu í Hátúni:

Sannkallað gæsapartí í Hátúni

DÝRALÍF „Það er sennilega enginn með stærri hjörð hérna inni í borginni,“ segir Ásta Pálsdóttir, gæsamamma eins og hún kallar sig, en um sextíu gæsir venja komu sína á planið fyrir utan heimili hennar í Hátúni enda gefur hún þeim brauð í gogginn margsinnis á dag.

„Þetta byrjaði á því að það voru hér fjórar gæsir inni í garði hjá mér skömmu eftir jólf og þær voru eitthvað svo umkomulausar greyin að ég gaf þeim brauð. Þær hafa svo greinilega kjaftað frá því hinar voru fljótar að koma,“ segir hún og hlær við.

Það getur verið tilkomumikið að sjá til Ástu

þegar hún bregður sér af bæ eða þegar hún er að koma heim því þá fljúga gæsirnar nánast í fang hennar. „Þetta er voðalega gaman og þær eru afar spakar og éta úr lófanum á mér.“

En þessu fylgja nokkur útgjöld því gæsirnar klára hæglega tíu brauðhleifa á dag. „Þeir hafa reyndar hlaupið undir bagga í bakaríi Jóa Fel og síðan Bakarameistarinn, sem er voðalega gott því maður hefur varla efni á þessu.“

Fleiri vængjaðir njóta góðs af gæsku gæsamömmu því hún hefur komið fyrir körfum með góðgæti fyrir presti og snjöttitlinga í garðinum.

- jse



Á BARDAGASVÆÐUM Harry prins hefur verið í Afganistan í tíu vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ótti við morðtilraunir talibana:

Harry prins sendur heim

BRETLAND, AP Harry prins hefur undanfarnar tíu vikur verið við herþjónustu í Afganistan en verður nú kallaður heim eftir að fjölmiðlar greindu frá veru hans þar. Óttast er að talibananar reyni að ráða hann af dögum.

Breska varnarmálaráðuneytið greindi fjölmiðlum frá því að Harry yrði sendur til Afganistan en gerði við þá samkomulag um að sitja á upplýsingunum til að stofna ekki öryggi Harrys og sveitar hans í hættu. Ástralskt tímarit og þýskt dagblað láku fréttinni. Harry er fyrsti meðlimur konungsfjölskyldunnar til að sinna herþjónustu á bardagasvæðum frá því Andrés frændi hans flaug þyrlum í Falklandseyjastríðinu 1982.

- sdg

Stóri BÓKA MARKAÐURINN Perlunni

28. febrúar til 9. mars
Ópið 10-18 alla daga



NÆSTUM NÝIR BÍLAR
www.bilathing.is

BÍLAPING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

SPURNING DAGSINS



Steinþór, hvernig er að vera unglíngur í dag?

„Það er alveg ljómandi, sérstaklega á mínum aldri.“

Steinþór Torfason hlauþársbarn fagnaði sextugsafmæli í gær, á fimmtánda afmælisdegi sínum.

Ráðherra um seðilgjöld:

Neytendastofa geri úttekt

VIÐSKIPTI Björgvin G Sigurðsson viðskiptaráðherra hefur óskað eftir því við Neytendastofu að hún geri úttekt á því í hversu oft opinberar stofnanir og fyrirtæki innheimti seðilgjöld og í hvaða tilvikum séu fullnægjandi lagaheimildir fyrir slíkri gjaldtöku.

Með þessu er hann að bregðast við bréfi sem umbodsmáður Alþingis sendi honum og óskaði eftir upplýsingum um þetta.

Neytendastofu er ætlað að kynna niðurstöður úttektarinnar fyrir 1. apríl næstkomandi. - jse



LOÐNUVINNSLA Mikið hefur verið að gera í Vinnslustöðunni í Eyjum.

Loðnuskip á miðum:

Mikil veiði en lítil kvótavon

SIÁVARÚTVEGUR Góð veiði var hjá loðnubátum á miðum við suðurströndina. „Við sprengdum nótna tvisvar“, sagði Róbert Axelsson, stýrimaður á Ingunni, þegar hann var á heimstími með um 2.000 tonn eftir þrjú köst í fyrrakvöld.

En þrátt fyrir það dvínar von manna um bætt verði við kvótann. Árni Friðriksson var á ferð austur fyrir Ingólfshöfða og segir Agnar Sigurðsson rannsóknamaður að lítið hafi verið að sjá. Skipið heldur nú enn austur en þaðan hafa fengist þær fréttir að einhverja loðnu sé að fá. - jse

Mikið vantraust landsmanna á borgarstjórnina í Þjóðarpúlssi Gallup:

Setja Íslandsmet í vantrausti

SVEITARSTJÓRNIR Íslendingar virðast bera afar takmarkað traust til borgarstjórnar Reykjavíkur því samkvæmt Þjóðarpúlss-könnun Gallups fyrir Ríkisútvarpið treysta aðeins níu prósent aðspurðra borgarstjórninni.

Að því er sagði í fréttum Ríkisútvarpsins í gær eru um einstakt met að ræða í mælingum sem Gallup hefur gert á stofnunum íslensks samfélags. Verstu mælinguna hingað til hafi Alþingi átt þegar það mældist með 25 prósent traust árið 1997. „Þetta er langlanglægsta tala sem birst hefur í traustsmælingum Gallup frá upphafi.“ sagði Ríkisútvarpið.

Ekki náðist tal í gærkvöld af nokkrum af sex borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokks né Ólafi F. Magnússyni borgarstjóra og aðstoðarkonu hans. Ekki náðist heldur í oddvita minnihlutaflokkanna í borgarstjórninni.

Í Þjóðarpúlssi Gallup kom enn fremur fram að nútíu



BORGARSTJÓRNARMEIRIHUTINN Mikill andbyr hefur mætt nýjum borgarstjórnarmeirluta allt frá stofnun hans 21. janúar síðastliðinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

prósent landsmanna treysta Háskóla Íslands, áttatíu prósent treysta lögreglunni, 68 prósent heilbrigðiskerfinu, 42 prósent Alþingi og bönkum og dómkerfi segjast um fjórutíu prósent aðspurðra bera traust til Gallup gerði könnun sína frá miðjum febrúar.

- gar

Hjúkrunarfræðingar neita nýjum vöktum

Langflestir 150 hjúkrunarfræðinga og geislafræðinga á Landspítalanum neita að vinna eftir nýju vaktafyrirkomulagi. Trúnaðarmaður á skurðeild segir nýja vaktakerfið ógna öryggi sjúklinga. Formaður geislafræðinga segir kjörin rýrð.

HEILBRIGÐISMÁL Yfirgnæfandi meirihluti um 150 hjúkrunarfræðinga og geislafræðinga á fjórum deildum Landspítalans fellst ekki á boðaðar breytingar á vaktafyrirkomulagi.

Deildirnar sem um ræðir eru myndgreiningarsvið og kvennadeild og skurðstofur á Hringbraut og í Fossvogi. Vigdís Árnadóttir, trúnaðarmaður skurðstofu á Hringbraut, segir breytingarnar tefla öryggi sjúklinganna í tví-sýnu. Í stað þess að sérhæfðir hjúkrunarfræðingar séu bæði á næturvakt á kvennadeild og á skurðeild eigi einn að sinna báðum deildunum.

„Hjúkrunarfræðingur af kvennadeild veit ekki hvað snýr upp og hvað snýr niður í hjartaáðgerð og hjúkrunarfræðingur af skurðeild þekkir ekki inn á keisaraskurði. Í báðum tilfellum er um líf að tefla,“ segir Vigdís.

Hjúkrunarfræðingarnir fengu frest út febrúar að samþykkja eða synja að starfa samkvæmt nýja kerfinu. „Við lítum svo á að okkur hafi í raun verið sagt upp störfum 1. febrúar og séum lausar 1. maí,“ segir Vigdís.

Katrín Sigurðardóttir, formaður Félags geislafræðinga, segir geislafræðinga á myndgreiningarsviði vera dagvinnufólk á lágum grunnlaunum sem hafi getað bætt kjörin með gæsluvöktum. „Nú á að taka upp þrískipt vaktakerfi sem þau telja afar ófjölskylduævant auk þess sem tekjur þeirra muni rýrna verulega. Það telja þau óviðunandi,“ segir Katrín, sem telur langflesta



Á LANDSPÍTALANUM Um 150 hjúkrunarfræðingar og geislafræðingar líta þannig á að þeim hafi verið sagt upp 1. febrúar með boðun nýs vaktakerfis.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

á myndgreiningarsviði hafa hafnað því að starfa eftir breyttu fyrirkomulagi.

„Vonandi átta yfirmenn okkar sig á að því að breytingarnar eru gjörsamlega óraunhæfar, annars óttast ég verulega um sjúklingana,“ segir Vigdís Árnadóttir.

Helga Kristín Einarsdóttir, sviðsstjóri skurðsviðs, segir breytingarnar eiga að færa vinnuvernd hjúkrunarfræðinga til móts við kröfur ESB. Hún hafnar því að öryggi sjúklinga minnki og bendir á að sérfræðingarnir sem um er rætt séu aðeins á spítalan-

um fjórar nætur í viku og ekki um helgar. Með breytingunni verði sérfræðingur ávallt á staðnum.

„Þessir skurðhjúkrunarfræðingar og svæfingarhjúkrunarfræðingar eru vel í stakk búnir að fara á milli húsa,“ segir Helga, sem kveður Landspítalan ekki telja að hjúkrunarfræðingum hafi verið sagt upp þótt breyta eigi vaktafyrirkomulagi utan dagvinnutíma. „Nú tek ég tíu daga í að fara yfir rök og hugmyndir frá hjúkrunarfræðingunum,“ segir hún.

gar@frettabladid.is

Aftökur í Sádi-Arabíu:

Fjórfafl fleiri háshögggnir

SÁDI-ARABÍA, AP Maður sem fundinn var sekur um morð í Riyadh var háshöggvinn á miðvikudag. Alls hafa þar með 29 manns verið teknir af lífi með þessum hætti í Sádi-Arabíu það sem af er ári.

Yfirvöld í Sádi-Arabíu framfylgja mjög strangri túlkun íslamskra laga. Samkvæmt þeim á hver sá líflátsdóm yfir höfði sér sem fundinn er sekur um morð, fíkniefnasölu, nauðgun eða vopnað rán.

Árið 2006 voru 38 menn háshögggnir í Sádi-Arabíu. Í fyrra voru slíkar aftökur nærri fjórfafl fleiri eða 137.

- að

Sjávarútvegsráðherra:

Rækjuveiði í Arnarfirði á ný

SIÁVARÚTVEGUR Sjávarútvegsráðherra hefur heimilað veiðar á 150 tonnum af rækju í Arnarfirði en þar hefur hún ekki verið veidd síðan árið 2005. Hafnarsóknastofnunin hefur nýlokið könnun á innfarðarækjuskvæðum í firðinum og þá kom í ljós að stofnvisitalan hefði hækkað og útbreiðsla rækjunnar væri mun meiri en undanfarna vetur. Einnig reyndist rækjan mun stærri en oftast áður, eða 188 rækjur í kíló.

„Þetta kætir okkur mikið enda er þetta eini staðurinn þar sem veiði á innfarðarækju er heimiluð,“ segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra.

Jón Þórðarson, athafnamaður frá Bíldudal, segir þetta ekki nægja til þess að Rækjuverksmiðjan fari af stað á ný en verið sé að bíða eftir tilboði í rækjuna frá vinnslustöðum á Ísafirði og Grundarfirði.

Pútín Rússlandsforseti:

Hvetur fólk að greiða atkvæði

RÚSSLAND, AP Þrátt fyrir að úrslit forsetakosninganna í Rússlandi á morgun þyki löngu ráðin, þá ávarpaði Vladimir Pútín forseti þjóðina í sjónvarpsávarði í gær og hvatti fólk til að mæta á kjörstað og greiða atkvæði.



DIMITRÍ MEDVEDEV

Búist er við mikilli þátttöku í kosningunum, ekki síst vegna þess að stjórnmál og fyrirtæki hafa beitt starfsfólk töluverðum þrýstingi, með hótunum um uppsagnir þeirra sem ekki taka þátt. Dimitrí Medvedev þykir nánast öruggur um sigur þótt þeir aðrir séu í framboði.

- gb

Dómsmálaráðherra tekur ekki undir hugmyndir um breytingu á skipan dómara:

Lokaákvörðun sé ráðherrans

STJÓRNSÝSLA Björn Bjarnason dómsmálaráðherra tekur ekki undir þá afstöðu Eiríks Tómassonar lagafrófsors að breyta þurfi fyrirkomulagi við skipan dómara.

„Ég hef þá meginafstöðu í þessu máli, að lokaákvörðun eigi að vera í höndum ráðherra,“ segir Björn í tölvupósti til Fréttablaðsins.

Eiríkur hefur lagt til að lögum verði breytt, að mestu að danskri fyrirmynd, þannig að dómnefnd bindi að mestu hendur ráðherra við skipan dómara. Hugmynd Eiríks var reifuð á málstofu lagadeildar Háskóla Íslands á miðvikudag. Björn tók ekki afstöðu til hugmyndarinnar að öðru leyti.

Á málstofunni gagnrýndi Hrafn Bragason, fyrrverandi hæstaréttardómari, Björn Bjarnason. Sagði hann að tillögum matsnefndar um hæfi dómara, og mati Hæstaréttar, hefði verið fylgt að mestu þar til Björn hefði tekið við embætti.

Þessu svarar Björn með því að vísa í úttekt á skipan héraðsdómara síðustu tíu ár. Þar kemur fram að tíu héraðsdómara hafi verið skipaðir frá árinu 2003 þegar Björn varð dómsmálaráðherra.

Samkvæmt úttektinni hefur í sjö tilvikum verið



ÓBUNDINN Björn Bjarnason dómsmálaráðherra er ekki hrifinn af hugmyndum lagafrófsors um að takmarka vald ráðherra við skipan dómara.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

farið að álitu nefndarinnar. Gengið var framhjá álitu nefndarinnar í þriggung; árið 2004, árið 2006 og árið 2007.

„Einnig er ástæða til að velta því fyrir sér, hvort þeir dómara, sem hafa verið skipaðir eða settir af mér, hafa ekki reynt fyllilega starfi sínu vaxnir,“ segir Björn.

- bj

50% afsláttur

VERÐHRUN!

Móa **1.398** kr.

kjúklingabringur **50% afsláttur**

NÓATÚN

www.noatun.is

LETTIR PÉR LÍFIÐ

VERKFÆRI FYLGJA EKKI



3.995
~~6.995~~

Verkfærataaska
Mastermate, á hjólum, 2 skúffur,
690x355x410 mm.
5024620



**GERÐU
BYLTINGU
HEIMIA**



1.495
kr/m²

Gólfplís, Keope
Gegnheilar frostþolnar,
8,5 mm þykkar, 30x30 sm.
8630030/31/33

3 rafhlöður

Hleðsluborvél
Hitachi, 12V,
3 rafhlöður, ljós,
67 stk bitar og
borar fylgja,
hleðslutími
40 mín
5247028

19.499
~~29.995~~



Smáhlutabox
Black&Decker, 420x334x70 mm
5024634 **1.799**
~~2.599~~



Rúlluset
Anza, 23 sm
7014821 **699**
~~1.399~~

50%
afsláttur

3.999

Veggmálning
Venjuleg plastmáning með
gljástig 7, beinhvít, 10 ltr
7119800



Electrolux



Uppþvottavél
Electrolux,
ESF 64020X, stál, AAA,
5 þvottakerfi, 12 manna
1808860 **59.990**

3
ÁRA
ÁBYRGÐ

40%
afsláttur

damixa™



8.394
~~13.990~~

Blöndunartæki
Fyrir handlaug.
8000095

Tarkett



895
kr/m²

15 ára
ábyrgð

Plastparket, Scenic 7 mm
Eikarlíki, 3ja stafa.
Borðastærð 194x1.292 mm.
146878



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

| GJALDMÍÐLAR | KAUP | SALA |
|-----------------|--------|--------|
| Bandaríkjadalur | 65,47 | 65,79 |
| Sterlingspund | 129,88 | 130,52 |
| Evra | 99,52 | 100,08 |
| Dönsk króna | 13,353 | 13,431 |
| Norsk króna | 12,614 | 12,688 |
| Sænsk króna | 10,607 | 10,669 |
| Japanskt jen | 0,6271 | 0,6307 |

| SDR | 105,41 | 106,03 |
|-----------------------------|----------|--------|
| GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR | | |
| | 129,9155 | |
| HEIMILD: Seðlabanki Íslands | | |

Fimmta aftakan á fyrrverandi ráðamönnum Íraks hefur verið ákveðin:

Efnavopna-Ali verður líflátinn

ÍRAK, AP Efnavopna-Ali verður tekinn af lífi innan mánaðar. Forsætisembættið í Írak gaf heimild til þess í gær.

Ali Hassan al-Majid, jafnan nefndur Efnavopna-Ali, er náfrændi Saddams Hussein, fyrrverandi Íraksforseta, og var ásamt tveimur öðrum liðsmönnum Saddams dæmdur til dauða fyrir aðild sína að fjöldamorðum á Kúrdum fyrir meira en tveimur áratugum. Al-Majid verður fimmti liðsmaður stjórnar Saddams Hussein sem tekinn er af lífi eftir að stjórninni var steypst af stóli.

Saddam var hengdur 30. desember árið 2006 fyrir að láta drepa



EFNAVOPNA-ALI Hlaut líflátsdóm fyrir aðild sína að fjöldamorðum á Kúrdum á valdatíma Saddams Hussein.

NORDICPHOTOS/AFP

meira en 140 sjá-múslima árið 1982. Tveir aðrir voru hengdir í janúar á síðasta ári og sá fjórði í mars.

Tveir aðrir félagar al-Majids hlutu dauðadóm um leið og hann fyrir sömu sakir, Hashan Rashid Mohammed og Sultan Hashim al-Taie, en forsætisembættið hefur ekki fallist á líflátsdóm þeirra.

Sérstakur stríðsglæpadómstóll í Írak dæmdi þessa þrjá menn til dauða fyrir aðild þeirra að útrýmingarherferð gegn Kúrdum. Meira en 200 þúsund manns voru dreppir í þeirri herferð.

Forsætisembættið í Írak er skipað þremur mönnum, Kúrdanum Jalal Talabani, sem er forseti, og tveimur varforsetum, Abdel Abdul Mahdi og Tariq al-Hashimi.

- gb

Notuðu sérþjálfaða hunda: Fundu fíkniefni í háskólaborpi

LÖGREGLUMÁL Fíkniefni fundust í þremur íbúðum í háskólaborpinu á Bifröst á fimmtudagskvöld. Þau áttu þrjár nemendur skólans; tveir karlmenn og ein kona.

Fjölmennit lögreglulið ásamt tollgæslumönnum leitaði í íbúðunum. Þrjár sérþjálfaðir fíkniefnahundar voru notaðir. Leitað var í samráði við skólayfirvöld. Samkvæmt upplýsingum lögreglu fannst lítilræði af kannabis, amfetamíni og kókaíni í öllum þremur íbúðunum. Efnin voru ætluð til einkanota. Nemendunum var vísað úr skólanum í gær.

- sþs



TYRKJAHER Hermenn í snævi þakri íraskri fjallshlíð. NORDICPHOTOS/AFP

Innrás Tyrkja í Írak á enda:

Tyrkir kalla herlið sitt heim

TYRKLAND, AP Tyrkneski herinn er byrjaður að draga herlið sitt frá norðurhluta Íraks að því er íraski utanríkisráðherrann, Hoshyar Zebari, greindi frá í gær.

„Tímasetningin er góð. Ég tel að herinn hafi staðið við loforð sín um að kalla heim tyrkneska hermenn þegar aðgerðum gegn kúrdískum uppreisnarmönnum væri lokið.“

Daginn áður hafði varnarmálaráðherra Bandaríkjana, Robert Gates, skorað á tyrknesk stjórnvöld að binda enda á innrásina í Írak sem fyrst.

Nú dagar eru síðan tyrkneski herinn réðst inn í Írak til að uppræta uppreisnarsveitir kúrdíska verkamannaflokksins PKK.

- sdg

ÞÝSKALAND

Kohl á sjúkrahús

Helmut Kohl, fyrrverandi kanslari Þýskalands, var fluttur á sjúkrahús eftir að hafa dottið á heimili sínu í Ludwigschafen. Kohl er orðinn 77 ára og gekkst nýverið undir aðgerð á hné.

ÁRÉTTING

Frétt birtist í blaðinu í gær um að fyrirlesari á tölvuöryggisráðstefnu í Smárabíói í gær hefði brotist inn í kerfi Reykjavíkurborgar til að sýna fram á veikleika kerfisins. Það skal áréttað að fyrirlesarinn fór ekki inn í sjálf tölvukerfið heldur sýndi áhorfendum hvaða öryggisgalla í kerfinu væri hægt að nota til að brjótast inn.

Um sextíu manns sagt upp hjá Decode

Uppsagnir um sextíu starfsmanna hjá Decode eru viðbrögð við breyttu efnahagsástandi segir Kári Stefánsson forstjóri. Hann harmar aðgerðirnar og telur að fleiri fyrirtæki eigi eftir að bregðast við með sama hætti á næstu misserum.

ATVINNULÍF Um sextíu starfsmönnum var sagt upp hjá Decode, móðurfélagi Íslenskrar erfðagreiningar, í gær. Meirihluti þeirra vinnur hér á landi. „Ástæðurnar eru tiltölulega einfaldar og ættu að vera auðsýnlegar hverjum þeim sem horfir í kringum sig í efnahagslífinu beggja megin Atlantshafsins,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri fyrirtækisins.

„Fyrirtækið er rekið af tekjum og svo fjármagni sem er aflað af markaði. Þegar við öfluðum síðast fjár á markaði var ástandið allt öðruvísi en það er nú í dag þegar enga fjármuni er að fá, hvorki í Bandaríkjunum né hér heima á Íslandi, og ekkert útlit fyrir að það ástand breytist á næstunni. Því litum við svo á að það væri í samræmi við ábyrgan rekstur að herða belti og láta það fé sem við höfum milli handanna núna nýtast lengur en við reiknuðum með áður.“ Hann segir enn fremur að þessi aðgerð muni ekki bitna á kjarnastarfsemi fyrirtækisins.

Helmingur þeirra sem sagt var upp lætur af störfum nú þegar en hinir starfa úti uppsagnarfrestinn. Á meðal þeirra sem sagt er upp eru allir starfsmenn dótturfyrirtækisins nCode. Um 450 manns starfa fyrir Decode og því nær uppsögnin til um þrettán prósentu starfsmanna.



KÁRI STEFÁNSSON



HÖFUÐSTÖÐVAR DECODE Uppsagnirnar ná til um þrettán prósentu starfsmanna Decode. Kári Stefánsson segir þær þó ekki vega að kjarnastarfsemi fyrirtækisins.

Tap á rekstri Decode nam um fimm og hálfum milljarði árið 2006 og rúmlega fjórum milljórum um árið þar á undan. Því var Kári spurður hvort farið væri að hrikta í stöðum fyrirtækisins. „Við erum á ósköp svipuðum stað og við höfum verið þau tólf ár sem fyrirtækið hefur starfað. Líftæknin er ekki einföld iðngrein til að vinna í en það er þó ekkert erfiðara nú en það hefur verið oft áður.“

Hann harmar mjög þessar aðgerðir. „Það er ekki gert af neinni léttúð að segja upp sextíu manns nú í þessu ástandi þegar

fólk gengur ekki úr einni vinnu í aðra svo einfaldlega. Þetta er allt mjög hæfileikaríkt fólk og ég vona það svo sannarlega að því farnist vel,“ segir Kári. „Satt best að segja held ég að fréttum á við þessa eigi eftir að fjölga því ástandið hér á landi sem og annars staðar er þannig að ég tel líklegt að menn fari að einbeita sér mjög mikið að sparnaðarþættinum. Við erum að taka á þessu snemma því við teljum að það sé skynsamlegt svo áhrfin komi fram sem fyrst.“

jse@frettabladid.is

Geir H. Haarde:

Fagnar grein Bjarna og Illuga

EFNAHAGSMÁL Geir H. Haarde forsætisráðherra fagnar blaðagrein þingmannanna Bjarna Benediktssonar og Illuga Gunnarssonar sem birtist í Morgunblaðinu í fyrradag.



GEIR H. HAARDE

„Þar vörpuðu þingmennirnir upp þeirri spurningu hvort Seðlabankinn ætti að breyta áherslum sínum og víkja tímabundið frá verðbólgu markmiði sínu. „Það er gott og merkilegt að þingmenn í ábyrgðarstöðu setjist niður og vinni svona grein,“ segir Geir. „Ég hef ekki tekið efnislega afstöðu til hennar en sumt af því sem ríkisstjórnin er að gera er í samræmi við tillögur þeirra. Við erum að vinna sameiginlega með bönkunum og ríkisstofnunum að því að komast út úr þessu erfiða ástandi.“

- sþs/bþs

Ótti við ofbeldi í Sarajevo: Útgöngubann lagt á unglinga

BOSNÍA, AP Stjórnvöld í Sarajevo hafa lagt útgöngubann á unglinga, sem gildir eftir klukkan 23 á kvöldin og fram á morgun.

Foreldrar geta þurft að greiða sektir ef börn þeirra eru á ferli utandyra á þessum tíma.

Ástæða bannsins er gróft ofbeldi unglinga, sem dæmi eru um á síðustu vikum. Í janúar kveiktu þrjú unglingspiltar í 72 ára gamalli konu og í byrjun febrúar réðust þrjú unglingspiltar á sautján ára dreng í sporvagni og myrtu hann.

Íbúar borgarinnar hafa efnt til fjölmennra mótmæla og krafist þess að stjórnvöld grípi til aðgerða.

- gb

Nei eða já af eða á?

Mundu eftir að kjósa í atkvæðagreiðslu um nýjan kjarasamning.

VEÐURSPÁ




Sigurður P. Ragnarsson
Veðurfræðingur

HELGIN

Almennt má segja að vindur verði hægur þessa helgina, en þó ekki alls staðar. Þannig verður strekkingur með norðurströndinni og allhvasst á Vestfjörðum þegar líður á daginn. Á morgun potast lægð upp að vestanverðu landinu og þá hvesir þar með ofankomu.

Á MORGUN 3-13 m/s, hvasast sunnan og vestan til



HEIMURINN

| | |
|-----------------|-----|
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Billund | 6° |
| Ósló | 1° |
| Stokkhólmur | 3° |
| Gautaborg | 6° |
| London | 12° |
| Paris | 10° |
| Frankfurt | 7° |
| Friedrichshafen | 6° |
| Berlín | 7° |
| Alicante | 19° |
| Mallorca | 17° |
| Basel | 9° |
| Eindhoven | 8° |
| Las Palmas | 21° |
| New York | 4° |
| Orlando | 24° |
| San Francisco | 14° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

RÓSIR OG RÓMANTÍK

LEYFÐU OKKUR AÐ AÐSTOÐA VIÐ BRÚÐKAUPSUNDIRBÚNINGINN

Kæru verðandi brúðhjón! Komið og skráið ykkur í gestabókina og fáið **15 % afsláttarkortið** „Brúðarvöndurinn og annað fyrir brúðkaupið“

BRÚÐKAUPS- OG RÓSASÝNING

1. OG 2. MARS 

Dagskrá

Laugardagur

15:00 Tvö hjörtu tiskusýning
16:00 Brúðarkjólaleiga Dóru /
Anna Design tiskusýning

Sunnudagur

15:00 Brúðarkjólaleiga Dóru /
Anna Design tiskusýning
16:00 Tvö hjörtu tiskusýning

Brúðarvendir Garðheima verða sýndir á öllum fjórum sýningunum!

Lukkupottar – hver hlýtur?

- :: Brúðkaupsferð frá Icelandair
- :: Brúðarsvítu á Grand Hótel
- :: Brúðarvönd og barmblóm frá Garðheimum
- :: Gjafabréf frá öllum fyrirtækjunum á Brúðarsýningu Garðheima 2008



Veisluföng :: skreytingar :: föndur :: förðun
sýnikennslur :: kynningar



Opið 10.00 til 21.00
laugardag og sunnudag

RÓSASÝNING
YFIR 60 TEGUNDIR AF RÓSUM
– Veljið réttu rósina í brúðarvöndinn!



RÓSATILBOÐ
Í BLÓMABÚÐINI



heimur heillandi hluta og hugmynda

Stekjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

KJÓSTU FEGURSTU
RÓSINA
og þú átt kost á
fögnum rósavendi!



Á að breyta reglum um skipan dómara?

Já 81%
Nei 19%

SPURNING DAGSINS Í DAG?

Á danska ríkisstjórnin að biðjast afsökunar á Múhamedsteikningunum?



Grunnnámið hefur hækkað hlutfallslega mest í HR, kostar nú 274 þúsund á ári: Skólagjöld hækkað um 40 prósent

MENNTUN Skólagjöld til grunnnáms í Háskólanum í Reykjavík (HR) hafa hækkað um tæplega fjórutíu prósent síðan 2005. Á sama tíma hafa skólagjöld til meistaranáms hækkað um 21 til 24 prósent. MBA-námið hefur hækkað minnst, eða um sautján prósent.

Nemandi í grunnnámi þarf nú að greiða 274 þúsund fyrir skólaárið. Í meistaranámi borgar hann 622 til 728 þúsund eftir því á hvaða braut hann er. MBA-námið kostar 1,45 milljónir á ári.


Aðspurður segir Jóhann Hjartarson, fjármálastjóri HR, verðlagsbreytingar aðalástæðuna fyrir

þessum hækkanum. Grunnnámið hafi hækkað hlutfallslega mest vegna þess að gjöldin fyrir árin á undan hafi ekki fylgt verðlagi. Meistara- og MBA-námið hafi hins vegar byrjað árið 2005.

Tekið skal fram að í MBA-námi í HR gildir sú regla að nemandi borgar sama skólagjaldið á hverju ári allt námið sitt, þó gjöldin hækki fyrir nýja nemendur.

Nemendur sem voru í Tækniháskólanum, sem sameinaðist HR árið 2005, borga einnig mun lægri skólagjöld eða tæpar fimmtíu þúsund krónur á ári. Þó eru fáir slíkir nemendur eftir í skólanum og fækkar ört, segir Jóhann. - sps

SKÓLAGJÖLD Í HR



Íslensk stjórnvöld: Hyggjast viðurkenna Kosovo

UTANRÍKISMÁL Íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að viðurkenna sjálfstæði Kosovo. Endanleg ákvörðun um dagsetningu liggur þó ekki fyrir.

Í yfirlýsingu frá utanríkisráðuneytinu er tekið fram að „vegna hinna sérstöku aðstæðna í Kosovo“ muni „viðurkenning á sjálfstæði þess ekki hafa fordæmisgildi“.

Kosovohérað lýsti 17. febrúar yfir stofnun sjálfstæðs ríkis. Nú þegar hafa mörg ríki á Vesturlöndum viðurkennt nýja ríkið, þar á meðal Bandaríkin og helstu ríki Evrópusambandsins.

- gb

Stórt skref í eflingu starfsmenntunar

Menntafélagið ehf. yfirtekur rekstur Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands í sumar. Skólarnir verða reknir sem einn og fá nýtt nafn sem hefur ekki verið ákveðið. Skólameistarar verða tveir núverandi stjórnendur skólanna.

MENNTUN Skrifað hefur verið undir þjónustusamning um að Menntafélagið ehf. taki yfir rekstur Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands 1. júlí. Skólarnir verða reknir sem einn og fá nýtt, sameiginlegt nafn en ekki hefur verið ákveðið enn hvað ný skólinn mun heita. Hann tekur til starfa í haust.

Tveir menn munu stýra skólanum; Baldur Gíslason, skólameistari Iðnskólans í Reykjavík, og Jón B. Stefánsson, skólameistari Fjöltækniskólans. „Skólinn verður á nokkrum stöðum til að byrja með en við erum metnaðarfullir stjórnendur og horfum auðvitað til þess að geta komið skólanum í eitt hús þegar tímar líða,“ segir Baldur, „en það er ekki komið lengra.“

Hann bendir á að tilgangur yfirtökunnar sé sá að efla iðn- og starfsmenntun. Talsverð samlegðaráhrif fáist. „Með þessu teljum við okkur vera að stíga mjög stórt skref í því að efla iðn- og starfsmenntun í landinu,“ segir hann.

Í Fréttablaðinu kom nýlega fram að óánægja hefði verið meðal kennara Iðnskólans með það hvernig staðið hefði verið að sameiningunni, upplýsingaflæði hefði verið af skornum skammti og ekkert samráð verið haft við kennara.

Baldur segir engan veginn hægt að segja að veruleg óánægja sé meðal kennara. „Svona óánægja er alltaf einstaklingsbundin. Í upphafi vann fámennur hópur gegn þessu. Í þeim hópi hefur mjög fækkað en það verða alltaf einhverjir sem ekki eru sáttir við svona aðgerð. Við erum að tala um stóra stofnun með 160-170 starfsmenn og þó að einhver



MENNTAMÁLARÁÐHERRA UNDIRRITADI Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra undirritaði nýlega þjónustusamning um að Menntafélagið ehf. tæki yfir rekstur Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS



IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

se óánægður endurspeglar það ekki stöðuna,“ segir hann.

Baldur segir að hugmyndin hafi verið kynnt fyrir rámu, eða 1. febrúar í fyrra. „Við kynntum hugmyndina á stórum fundi og síðan er liðið heilt ár og rúmlega það þar til hugmyndinni er lokað í dag. Fyrir þessa kynningu höfðu menn ekki fengið að fylgjast með en eftir fundinn hafa kennarar

verið upplýstir reglulega um gang mála.“

Menntafélagið ehf. er í eigu Samtaka iðnaðarins, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samorku, Sambands íslenskra kaupskipa og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík. Kennarafélag Iðnskólans ætlar að biðja umboðsmann Alþingis að kanna lögmati samrunans.

ghs@frettabladid.is

Hættu við að borga þegar eigandi gallaðrar eldhúsinnréttingar „fór í blöðin“:

Ikea hunsar álit Neytendastofu

NEYTENDAMÁL Ikea ætlar ekki að hlíta álitinu á kerunefndar lausafjár- og þjónustukaupa hjá Neytendastofu. Nefndin hafði úrskurðað að Ikea bæri að taka þátt í kostnaði við endurnýjun eldhúsinnréttingar sem var gölluð.

Upphaflega ætlaði fyrirtækið að hlíta álitinu en hætti við, meðal annars vegna þess að Fréttablaðið sagði frá niðurstöðu nefndarinnar.

Málið snýst um eldhúsinnréttingu sem Guðjón Einarsson keypti hjá Ikea í nóvember 2002. Fjórum árum síðar kvartaði hann við Ikea og vildi fá nýja innréttingu. Sú gamla hefði elst hratt og orðið fljótlega mött og flekkótt. Tíu ára ábyrgð er á innréttingunni.

Í rökstuðningi Ikea var því

hafnað að fyrirtækið ætti að útvega nýja innréttingu. Skemmdirnar mætti rekja til slæmrar umgengni.

Aðspurður segist Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri Ikea, hafa hætt við að una niðurstöðunni eftir að hafa skoðað málið betur. Ástæðan sé meðal annars sú að Guðjón hafi „farið í blöðin“.

Einnig geri hann athugasemdir við vottorð sem lagt var fyrir nefndina, frá manni sem sé titlaður trésmiðameistari. Maðurinn sé trésmiður, ekki trésmiðameistari.

„Ég fékk þau skilaboð að Ikea ætlaði ekki að hlíta álitinu en mér væri velkommið að fara með þetta fyrir dómstóla,“ segir Guðjón. „Þá verð ég bara að gera það.“ - sps/ghs



IKEA Eigandi eldhúsinnréttingarinnar sem um ræðir vildi fá nýja innréttingu vegna skemmda á hinni gömlu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Síðan skín sól
Lanzarote
– draumaeyja við Afríkustrendur

Verðdæmi
39.217 kr.

Playa Flamingo 20. maí.
Flug og gisting í 7 nætur með íslenski fararstjórn.
Á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára.
Ef 2 ferðast: 47.535 kr.

plús FERÐIR
www.plusferdir.is

VISA MASTERCARD

PLÚSFERÐIR – Lág múla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

VETRAR FJÖR



Lokadagur Vetrarfjors

Kíktu við í dag og gæddu þér á ilmandi kakói og ljúffengum kleinum og vöflum í sýningarsal okkar að Grjóthálsi 1.



SantaFe

Sjálfskiptur, 2.7L.

Vetrartilboð: **3.980.000**

Verð áður: 4.080.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 85 þ.), dráttarbeisli (verðmæti 85 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti Vetrarfjorspakka
320.000 kr.



Land Rover Freelander

Sjálfskiptur, leður, 2.2L., 160 hö.

Vetrarfjorsverð: **4.670.000**

Verð áður: 4.770.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 85 þ.), dráttarbeisli (verðmæti 110 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti Vetrarfjorspakka
345.000 kr.



Tuscon

Beinskiptur, 2.0L.

Vetrarfjorsverð: **2.850.000**

Verð áður: 2.930.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 70 þ.), dráttarbeisli (verðmæti 85 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti Vetrarfjorspakka
285.000 kr.



Síðustu **Arctic-Cat** sleðarnir á sérstöku Vetrarfjorsstilboði - fyrstir komu, fyrstir fá



BMW X5

Sjálfskiptur, 3,0L., 272 hö.

Vetrarfjorsverð: **7.780.000**

Verð áður: 8.020.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 160 þ.), dráttarbeisli (verðmæti 140 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti Vetrarfjorspakka
590.000 kr.



Renault Megane Sport Tourer

Beinskiptur, 1,6L., 115 hö.

Vetrarfjorsverð: **2.290.000**

Verð áður: 2.400.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 40 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti Vetrarfjorspakka
200.000 kr.



Með bílinn handa þér

Óvæntir glaðningar fyrir gesti Vetrarfjors – frábær verð hjá B&L og umboðsmönnum um allt land.

B&L Grjóthálsi 1 - 110 Rvk - Sími: 575 1200 - www.bl.is

Ópið: 10-18 virka daga, 12-16 laugardag.

Umboðsaðilar: Bílas, Þjóðbraut 1, Sími: 431 2622 - Bílasala Akureyrar, Freyjunesj 2. Sími: 461 2533

B&L Selfoss, Hrísmýri 2a., Sími: 575 1460 - Bílasala Keflavíkur, Bolafæti 1, Sími: 421 4444

Bilaverkstæðið Áki, Sæmundargötu 3 - 550 Sauðárkrúkur - Sími: 453 5141

TANAÐUR Í DRASL

Börn og unglingar eru næmari en aðrir fyrir skaðlegum áhrifum geislunar frá ljósabekkjum og sól.

HÆTTAN ER LJÓS

Félag íslenskra húðlækna, Geislavarnir ríkisins, Krabbameinsfélagið, Landlækniseimbættið og Lýðheilsustöð hvetja foreldra og forráðamenn fermingarbarna til að fara að tilmælum alþjóðastofnana um að börn og unglingar fari ekki í ljósabekki.

Sýrlensk-bandarískur íslamsfræðingur fjallar um hagi múslima í Bandaríkjunum: Stuðlað að skilningi trúarhópa

TRÚMÁL Íslamstrú og heimi múslima hefur verið ranglega lýst í fjölmiðlum vesturlanda. Lykillinn að skilningi og friði milli ólíkra trúar- og menningarhópa í síminkandi heimi nútímans er að sýna vilja til að kynnast náunganum fordómalaust. Þetta segir íslamsfræðingurinn dr. Mohamad Bashar Arafat, sem jafnframt er imam eða safnaðarformaður múslimasöfnunar í Maryland í Bandaríkjunum.

Arafat, sem er af sýrlenskum uppruna en flutti vestur um haf fyrir um fimmtán árum, flutti í gær erindi um íslamska guðfræði í Háskóla Íslands en hann mun í

hádeginu í dag fjalla um líf múslima í Bandaríkjunum á málfundi á vegum ungliðahreyfinga stjórnmálaflokkanna. Fundurinn verður á kaffihúsinu Sólon.

Arafat er stofnandi og stjórnandi samtaka sem á ensku kallast Civilizations Exchange and Cooperation Foundation (CECF), en markmiðið með starfsemi þeirra er að stuðla að auknum skilningi milli ólíkra trúarhópa og forða því að trúarbragðadeilur leiði til átaka. Arafat er nýkominn úr ferð á vegum samtakanna með bandarísk ungmanni til Jórdaníu og Egyptalands. Hann gerir sér líka vonir um að Íslendingar sýni því áhuga að



MOHAMED BASHIR ARAFAT Boðar samlyndi trúarhópa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

taka þátt í að kynna sér líf og viðhorf fólks í múslimalöndum. Það geti þeir til dæmis gert með því að taka þátt í starfi CECF.

- aa

Auglýsingasími

512 50 50

CONCETTA


STELL, PÚÐAR OG FYLGIHLUTIR

NÝJAR VÖRUR



Opið alla daga vikunnar
Askalind 1, Kópavogur. Sími 568 9700.

habitat



SAMKOMULAG UM SAMSTÆPUSTJÓRN Mwai Kibaki og Raila Odinga skrifuðu undir samkomulagið undir vöktu auga Kofi Annan, fyrrverandi framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. NORDICPHOTOS/AFP

Samið um frið í Kenía

Eftir níu vikna ófrið í Afríkurlöndum Kenía eru horfur á friði. Stjórnarandstöðuleiðtoginn Raila Odinga verður forsætisráðherra við hlið Mwai Kibaki forseta.

KENÍA, AP Stjórnarandstöðuleiðtoginn Raila Odinga lýsti í gær yfir að hann yrði forsætisráðherra í nýrri samstæpustjórn í Kenía sem muni binda enda á þau blóðugu átök sem hafa geislað í landinu frá umdeildum kosningum 27. desember síðastliðinn. Ekki var greint frá hvenær Odinga tæki við forsætisráðherraembættinu til að stjórna landinu við hlið Mwai Kibaki forseta en Kibaki sagðist ætla að kalla saman þingið 6. mars næstkomandi til að hefja vinnu við þær stjórnarskrárbreytingar sem til þarf. Odinga og Kibaki, sem var endurkjörinn forseti í kosningunum, náðu samkomulagi á fimmtudaginn með aðstoð Kofi Annan, fyrrverandi framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, sem hefur unnið að því að miðla málum í deilunni undanfarinn mánuð.

Odinga sakaði Kibaki um að hafa staðið fyrir umfangsmiklu kosningasvindli og Kibaki sakaði

Odinga um slíkt hið sama. Deilurnar um úrslit kosninganna leiddu til átaka víða um Kenía, sem hefur verið eitt stöðugasta ríki álfunnar. Yfir þúsund manns hafa fallið í átökunum og 600.000 flúið heimili sín.

Mikið af átökunum átti sér stað milli ættbálka þar hinn valdamikli Kikuyu-ættbálkur, sem Kibaki tilheyrir, hefur átt í útistöðum við flesta aðra ættbálka landsins. Stjórnarmálamenn hafa einnig verið sakaðir um að kynda undir ófriðarbálinu. Fyrsta stóra verkefni nýrrar samstæpustjórnar verður að koma á friði í landinu og afvopna hópa sem hafa gengið harðast fram í átökunum undanfarnar níu vikur.

Odinga sagðist í samtali við AP fréttastofuna í gær viss um að þetta samkomulag héldi og að hann byggist ekki við því að Kibaki „gengi á bak orða sinna“.

sdg@frettabladid.is

TÆKNIDAGUR HR & TFÍ
LAUGARDAGINN 1. MARS KL. 13 - 16



Tæknifræðingafélag Íslands

Laugardaginn 1. mars munu Háskólinn í Reykjavík og Tæknifræðingafélag Íslands standa fyrir Tæknidegi í Háskólanum í Reykjavík, Höfðabakka 9.

- » Fyrirtæki úr atvinnulífinu sækja skólann heim og kynna starfsemi sína.
- » Fulltrúar úr atvinnulífinu flytja fyrirlestra.
- » Nemendur í tæknifræði við HR kynna verkefni sín.

Allir velkomnir - ókeypis aðgangur



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

www.hr.is »

IÐNÞING 2008

ÍSLAND OG EVRÓPA MÓTUM EIGIN FRAMTÍÐ

Evrópumálin verða til umræðu á Iðnþingi Samtaka iðnaðarins á Grand Hótel Reykjavík, fimmtudaginn 6. mars.

Dagskrá hefst kl. 13.00 og lýkur kl. 16.00.



Helgi Magnússon
**Ávarp formanns
Samtaka iðnaðarins**



Jón Karl Ólafsson,
formaður Samtaka ferðaþjónustunnar
**Krónan og ferðaþjónustan – Nauðsyn
á kennslu í sveifluhagfræði**



Össur Skarphéðinsson
Ávarp iðnaðarráðherra



Sigrún Davíðsdóttir, blaðamaður
**Ísland og Evrópa –
Mótum eigin framtíð.
Já af hverju ekki?**



Illugi Gunnarsson,
alþingismaður
**ESB, evra og breytt
heimsmýnd**



Hörður Arnarson, forstjóri
Marel Food Systems hf.
**Lífskjör ráðast af
samkeppnishæfni fyrirtækja**



Valgerður Sverrisdóttir,
alþingismaður
**Framtíðin liggur í
heimsvæðingunni**

Þinginu stýra Árni Snævarr, fréttamaður,
og Erna Indriðadóttir, framkvæmdastjóri
hjá Alcoa Fjarðaáli.

6. mars
Taktu
daginn frá

Þingið er opið og aðgangur ókeypis.

SI
Samtök iðnaðarins

Karlmaður dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gagnvart stúlku:

Þuklaði á fjórtán ára barnapíu

DÓMSMÁL Karlmaður á fertugsaldri var í fyrradag dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir að hafa misnotað fjórtán ára stúlku kynferðislega á heimili sínu aðfaranótt 13. maí í fyrra. Hann þuklaði gróflega á stúlkunni og beraði sig. Maðurinn var auk þess dæmdur til þess að greiða stúlkunni 750 þúsund í miskabætur auk einnar milljónar í sakarkostnað.

Stúlkan hafði verið að passa fjögurra og ellefu ára gamla syni mannsins fyrr um kvöldið. Fór maðurinn út að skemmta sér í tilfni þess að það var kosninganótt. Hann kom heim um sex um morguninn þar sem stúlkan var enn

ásamt vinkonu sinni, sem fór síðan út í verslun. Áttu atburðirnir sem maðurinn var dæmdur sekur um sér stað þegar hann og stúlkan voru tvö saman í íbúðinni.

Í skýrslutöku hjá lögreglu sagðist stúlkan hafa orðið „stjörf“ af hræðslu og ekki getað hreyft legg né lið þegar maðurinn beraði kynfæri sín og gerði sig líklegan til þess að koma fram vilja sínum. Stúlkan fór á neyðarmóttöku Landspítalans fyrir fórnarlömb kynferðisofbeldis daginn eftir og komst málið í kjölfarið í rannsóknarfarveg.

Maðurinn sem fundinn var sekur um kynferðisbrot gagnvart



HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR Framburður stúlkunnar þótti trúverðugur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

stúlkunni hafði ekki áður gerst sekur um refsiverð lögbrot. - mh

☆ ... eru betri en aðrar



SOGN Fram kemur í skýrslu, sem unnin var fyrir heilbrigðisráðuneytið og skilað fyrir tveimur árum, að þrefalda þurfi fjölda rýma á réttargeðdeildinni að Sogni. Ekkert hefur verið aðhafst í þeim málum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Erfitt að vista geðsjúka á Litla-Hrauni

Lækningarforstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands segir vandræði hafa skapast vegna þess hve veikir menn hafi verið vistaðir á Litla-Hrauni. Samkvæmt skýrslu frá 2006 þarf að þrefalda fjölda rýma á réttargeðdeildinni að Sogni.

HEILBRIGÐISMÁL „Við höfum höfum lent í vandræðum á Litla-Hrauni vegna þess hve veikir menn hafa verið vistaðir þar. Menn sem þyrftu svo sannarlega að vera vistaðir á heilbrigðisstofnun,“ segir Óskar Reykdalsson, lækningarforstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

Undir embætti hans heyrir heilbrigðisþjónusta fangelsisins og réttargeðdeildin að Sogni. Hann segir að oftar þurfi að leita til geðheilbrigðisvirkvalda í tengslum við afbrot manna sem eigi við geðræn vandamál að etja. Eins og staðan sé nú sé það aðeins gert ef mjög alvarleg brot eigi sér stað.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að samkvæmt skýrslu um Sogn, sem unnin var fyrir heil-

brigðisráðuneytið og skilað var fyrir tveimur árum, væri þörf á því að stækka stofnunina úr sjö rýmum í tuttugu.

Skýrslunni var skilað í ráðherratið Sivjar Friðleifsdóttur en ekki hefur enn verið brugðist við niðurstöðum skýrsluhöfundar á nokkurn hátt.

Þó að aðeins séu sjö rými á Sogni hefur þörfin fyrir fleiri pláss verið svo brýn að frá aldamótum hafa þar verið vistaðir fleiri menn en gert er ráð fyrir, eða upp í átta til níu manns.

Á fundi sem boðaður var í heilbrigðisráðuneytinu með fulltrúum ráðuneytisins, Landlæknis og Geðhjálpar í janúar síðastliðnum var farið yfir stöðu réttargeðdeildarinnar og voru fundarmenn sammála um að úrbóta væri þörf.

Meðal annars þyrfti að ráða nýjan geðlækni.

„Við höfum ekki fengið viðbótarfjármagn til þeirra ráðninga en við viljum gera allt sem í okkar valdi stendur til að bæta geðheilbrigðisþjónustuna. Fjölgun rýma á Sogni myndi skila miklu í þeim efnun,“ segir Óskar.

„Ég vil ekki segja af eða á hvort það eigi að fjölga rýmum á Sogni, það er pólitísk ákvörðun sem heilbrigðisráðuneytið verður að taka,“ segir Matthías Halldórs-son aðstoðarlandlæknir. „Við höfum haft eftirlit með Sogni eins og það er í dag, og niðurstaðan hefur verið frekar góð í síðustu heimsóknun.“ Þó segist hann sammála því að réttargeðdeildin sé á köflum of litil.

karen@frettabladid.is / salvar@frettabladid.is

Sex menn handteknir í Noregi og Svíþjóð grunaðir um að fjármagna hryðjuverk:

Tveir menn þegar látnir lausir

OSLÓ, AP Þrjú menn voru handteknir í Stokkhólmi og þrjú menn í Osló nýlega grunaðir um að undirbúa hryðjuverk í öðrum löndum og fjármögnun þeirra. Þá tók lögreglan tölvur í sömölsku netkaffihúsi í Osló í sína vörslu. Tveir hinna handteknar hafa þegar verið látnir lausir í Noregi.

Hinir handteknar eiga allir uppruna sinn að rekja til Sómalíu og eru grunaðir um að fjármagna þar hryðjuverk. Einn hinna handteknar rekur fyrirtæki í Svíþjóð og hefur rekstur þess verið til rannsóknar hjá efnahagsbrotadeild sænsku lögreglunnar. Hann er meðal annars grunaður um að hafa sent peninga til Sómalíu í gegnum fyrirtæki sitt en ekki er vitað um hversu háar upphæðir er að ræða.

Handtökurnar áttu sér stað í samstarfi norsku og sænsku öryggislögreglunnar. Einn hinna handteknar var þó með teikningar af listamanninum Lars Vilks sem gerði skopmyndirnar af Múhamed sem dönsk dagblöð endurbirtu nýlega. Fjármögnun hryðjuverka er vandamál sem er talið fara vaxandi í Evrópu. Grunnur leikur á að hryðjuverkahópar eigi óformlegt hæli á Norðurlöndum þar sem þeir geta skipulagt og fjármagnað hryðjuverk í ró og næði.

Minnst tuttugu Svíar hafa verið handteknir víða um heim vegna gruns um þátttöku í hryðjuverkum síðustu



EINN HINNA HANDTEKNU Þrjú menn af sömölskum uppruna voru leiddir fyrir rétt í Stokkhólmi í gær. Á myndinni má sjá einn þeirra í dómssalnum.

NORDICPHOTOS/AFP

ár en aðeins tveir hafa verið dæmdir í Svíþjóð. Þetta eru íraskir Kúrdar sem voru dæmdir í lífstíðarfangelsi og þeim vísað úr landi fyrir að fjármagna hryðjuverk. Mennirnir höfðu sent 148 þúsund dollara frá Svíþjóð til Ansar al-Islam hryðjuverkasamtakanna í Írak. - ghs

SUMAR FERÐIR

sumarferdir.is

Móðir á Indlandi:

Missti nýfætt barn sitt úr lest

INDLAND, AP Nýfædd stúlka féll niður um klósett á járnbrautarlest skammt frá Ahmabad á Indlandi á þriðjudaginn. Barnið fannst nærri tveimur tímum síðar heilt á húfi.

Móðirin fór ein á klósettið þar sem barnið fæddist átta til tíu vikum fyrir tímann. Móðirin missti síðan meðvitund og barnið féll niður og lenti á milli járnbrautarteinanna. Ættingjar móðurinnar tóku í neyðarhemil lestarinnar eftir að hafa fundið móðurina meðvitundarlausa og hófst þá leit að barninu. Lögreglan telur ekki ástæðu til að efast um sögu móðurinnar.

- gb

Heilbrigðiseftirlitið ítrekar að Einingaverksmiðjan Borg reki steypustöð í Kópavogi án leyfis:

Bærinn boðar hálfa milljón í dagsektir

SVEITARSTJÓRNIR Einingaverksmiðjan Borg á yfir höfði sér allt að 500 þúsund króna sekt á hverjum degi ef fyrirtækið hættir ekki rekstri steypustöðvar í Kársnesi.

Forsvarsmenn Borgar og bæjaryfirvöld í Kópavogi hafa deilt um hvort fyrirtækið hafi leyfi til að framleiða og selja steypu. Bæjaryfirvöld telja Borg aðeins hafa leyfi til að framleiða steypu til nota fyrir framleiðslu sína á forsteypum einingum en eigendur Borgar telja sig hafa leyfi til reksturs almennrar steypustöðvar. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis gerir nú þá kröfu að Borg hætti þegar í stað

allri steypusölu frá lóð sinni á Bakkabraut í Kársnesi. Þess er einnig krafist að Borg þrifu „upp eftir þá ólöglegu starfsemi sem verið hefur á lóðinni“ og bæti ásýnd og umgengi um lóðina.

„Vakin er athygli á að hafi rekstraraðili ekki sinnt fyrirmælum innan tiltekins frests getur heilbrigðisnefnd ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt og er hámark þeirra 500.000 krónur á dag,“ segir heilbrigðiseftirlitið.

Borg hefur skotið málinu til Úrskurðarnefndar um hollustuvernd og mengunarvarnir og er nú beðið niðurstöðu nefndarinnar.

- gar



BORG Framleiðir forsteypur einingar og selur einnig steypu frá lóð sinni í Kársnesi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jón áfram vegamálastjóri:

Ráðherra það um tvo mánuði

STJÓRNMÁL Jón Rögnvaldsson mun að beiðni Krisjáns L. Möller samgönguráðherra áfram gegna



JÓN RÖGNVALDSSON

starfi Vegamálastjóra næstu tvo mánuðina. Jón hefur sagt starfi sínu lausu og áætlaði að láta af störfum hinn 1. mars.

„Hann hefur að beiðni minni fallist á að vera áfram næstu tvo mánuði,“ segir Kristján. Ástæðuna segir hann vera að niðurstöðum stjórnsluúttektar Ríkisendurskoðunar á Vegagerðinni sé að vænta og þar geta komið fram tillögur sem Kristján vill þá skoða betur. Er úttektin gerð að beiðni ráðherra og má vænta niðurstaðna eftir um tvo mánuði. „Á þeim tíma munum við auglýsa starfið,“ segir Kristján.

- ovd



VINNUVÉLIN UTANVEGAR Í EYJUM Skotlyftan með skóflunni var uppi og varnaði því að vélin færi alveg á hvolf.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Ók með skotlyftuna uppi:

Velti vinnuvél í Eyjum

VESTMANNAEYJAR Ökumann sakaði ekki þegar hann velti vinnuvél við Hamarsveg í Vestmannaeyjum í gærmorgun. Mjög dimmt var á slysstað og mikill snjór og hálfka. Ókumaðurinn með svokallaða skotlyftu og áfasta skóflu uppi til að minnka slyshættu gagnvart öðrum bifreiðum. Líklegt þykir að við það hafi stöðugleiki vélarinnar verið minni en annars. En staða skotlyftunnar kom í veg fyrir að vélin færi alveg á hvolf og á hús vinnuvélarinnar sem ökumaðurinn sat í.

- ovd

PÓLLAND

Lech Walesa fékk gangráð

Læknar í Houston í Bandaríkjunum komu í gær fyrir gangráði í Lech Walesa, fyrrverandi forseta Póllands, í þeirri von að hann þurfi þá ekki að fá nýtt hjarta. Walesa var lagður inn á sjúkrahúsið í Houston fyrr í vikunni til rannsókna.

UMHVERFISMÁL

Ellefta landgræðslufélagið

Landgræðslufélag Hrunamanna var stofnað á mánudag og er það ellefta landgræðslufélag Íslands. Nýja félagið mun stuðla að uppgræðslu lands og stöðva jarðvegs- og gróðureyðingu.

FERMINGARGJÖF FYRIR FRAMTÍÐINA

GJAFABRÉF KLASSA ER FRÁBÆR FERMINGARGJÖF SEM VEX OG DAFNAR Í TRAUSTRI OG GÓÐRI ÁVÖXTUN.



Taktu þátt í að byggja upp framtíðarsjóð fermingarbarnsins með Gjafabréfi Klassa. Gjafabréfið og fermingarpeningarnir eru góður grunnur að fjárhag framtíðarinnar.

Ef 30.000 kr. eða meira, í gjafabréfi eða peningum, eru lagðar inn á Framtíðargrunn bætir Landsbankinn 5.000 kr. við. Þeir sem leggja fyrir eiga möguleika á að vinna MacBook fartölvu eða iPod shuffle.

Þú færð gjafabréfið í næsta útibúi Landsbankans.



Landsbankinn

„SVAKALEGA STEIKTUR“

Börn og unglingar eru næmari en aðrir fyrir skaðlegum áhrifum geislunar frá ljósabekkjum og sól.

HÆTTAN ER LJÓS

Félag íslenskra húðlækna, Geislavarnir ríkisins, Krabbameinsfélagið, Landlækniseimbættið og Lýðheilsustöð hvetja foreldra og forráðamenn fermingarbarna til að fara að tilmælum alþjóðastofnana um að börn og unglingar fari ekki í ljósabekki.

Skráningu nýnema í grunnskóla Reykjavíkur lauk í gær:

Fimm ára bekkur með hausti

MENNTUN Haldið verður áfram með vinnu vegna tillögu meirihluta leikskólaráðs, um að næsta haust verði í fjórum grunnskólum Reykjavíkur sérstakur bekkur fyrir fimm ára börn, þrátt fyrir að skráningu nýnema hafi lokið í gær.

Það að skráningu sé lokið útilokar ekki að fimm ára börn komist í skólana í haust, segja fulltrúar meirihlutans.

„Það er auðvitað ekki allt gert í einu,“ segir Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir, fulltrúi F-lista og varaformaður leikskólaráðs. Undirbúningur muni halda áfram til haustsins. Hún

segir einnig að stutt sé síðan meirihlutaskipti urðu í borgarstjórn og lítið verið fundað í leikskólaráði.

„Við samþykktum þetta sem prufuverkefni og ég get ekki ímyndað mér annað en að hægt verði að skrá börnin, þetta var jú samþykkt.“

Sigurlaug segist ekki þekkja til þess hvort lagaheimild skorti fyrir fimm ára bekknum, en Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir úr Samfylkingu hélt því fram hér á dögnum í Fréttablaðinu.

„Þetta er auðvitað bara fyrsta skrefið,“ segir Sigurlaug.



SIGURLAUG SVEINBJÖRNSDÓTTIR Varaformaður leikskólaráðs er hrifin af hugmynd sjálfstæðismanna um að boðið verði upp á fimm ára bekk í grunnskólum landsins.

- kóp

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



SIEMENS



Eldunartæki, kælitæki, uppþvottavél og ljós í eldhúsið þitt. Sannarlega góð hugmynd!

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



SEÐLABANKI ÍSLANDS Stjórnarformaður Kaupþings telur að bankinn eigi að bakka út úr því öngstræti sem hann hafi komið sér í.

Stjórnarformaður Kaupþings um Seðlabankann:

Ýta á verðbólgu- markmiði til hliðar

EFNAHAGSMÁL Seðlabankinn ætti að bakka út úr því öngstræti sem hann hefur komið sér í, og ýta verðbólgu markmiði tímabundið til hliðar. Þá má einbeita sér að því að búa atvinnulífi betri skilyrði, segir Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings.

„Einhvern tímann var jú sagt: Ef þú ert kominn ofan í holu, hættu þá að moka,“ sagði Sigurður, sem var meðal frummælenda á málþingi BSRB um málefni lífeyrissjóðanna í gær. Þar vitnaði hann til ummæla Davíðs Oddssonar, seðlabankastjóra og þáverandi forsætisráðherra, frá 17. júní 2001.

Segja má að krónan hafi verið markaðssett sem hávaxtamýnt, sagði Sigurður. Seðlabankinn hafi hækkað vexti undanfarin ár og styrkt þar með gengi krónunnar og breitt yfir innlenda verðbólgu.

Gallinn við þessa aðferð sé að stöðugt gengi krónunnar hafi ekki áhrif á gengisvísitölu neysluverðs. Því hafi Seðlabankinn þurft að styrkja gengi krónunnar sífellt meira. Þetta hafi aftur leitt til mesta viðskiptahalla sem þekkt hafi meðal ríkja OECD.



SIGURÐUR EINARSSON „Einhvern tímann var jú sagt: Ef þú ert kominn ofan í holu, hættu þá að moka.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í hagkerfi sem fjármagni sig í æ ríkari mæli í erlendri mynt auki gengisstyrking þenslu með því að auka eftirspurn eftir innfluttri vöru og lækka fjármagnskostnað erlendra lána.

„Það er spurning hvort ekki sé rétt að Seðlabankinn bakki út úr þessu öngstræti, ýti verðbólgu markmiði tímabundið að minnsta kosti til hliðar og hjóðin stöðvi erlenda skuldasöfnun og búi atvinnulífina samkeppnishæf rekstrarskilyrði með heilbrigðara vaxtastigi og raungengi,“ sagði Sigurður.

- bj

NÆSTUM NÝIR PAJERO JEPPAR



Opið 10-18 virka daga og 10-14 laugardaga

Laugavegi 174
Kletthálsi 11

sími 590 5040
sími 590 5040

www.bilathing.is
bilathing@bilathing.is

BÍLAPING HEKLU

Númer eitt í notuðum bílum




Nafnávöxtun 5,9% á árinu 2007

- eignir jukust um 8.200 milljónir króna

Rekstur Sameinaða lífeyrissjóðsins hefur gengið mjög vel undanfarin ár og er staða hans sterk þrátt fyrir óhagstæða þróun hlutabréfamarkaða á síðasta ári. Þannig voru eignir sjóðsins umfram áfallnar skuldbindingar 7.119 milljónir króna eða 8,0% og eignir umfram heildarskuldbindingar voru 2,8% í lok árs 2007. Á síðastliðnu ári var nafnávöxtun eigna sjóðsins 5,9% sem er jafnt hækkun vísitölu neysluverðs á árinu. Þessi breyting á ávöxtun milli ára skýrist fyrst og fremst af gengislækkun hlutabréfaeignar. Meðalraunávöxtun sl. 5 ára er 7,5%. Sjá nánar í töflu.

| Ár | Nafnávöxtun | Raunávöxtun |
|------|-------------|-------------|
| 2007 | 5,9% | 0,0% |
| 2006 | 19,6% | 11,8% |
| 2005 | 16,7% | 12,0% |
| 2004 | 10,9% | 6,7% |
| 2003 | 10,1% | 7,2% |

Skipting verðbréfaeignar 31.12. 2007



| Helstu niðurstöður ársreiknings 2007 | 2007 | Breyting frá 2006 |
|--|------------------|-------------------|
| Heildariðgjöld | 5.137 millj. kr. | + 17,0% |
| Heildarlífeyrisgreiðslur | 2.324 millj. kr. | + 10,7% |
| Fjárfestingartekjur umfram fjárf.gjöld | 5.504 millj.kr. | - 61,4% |
| Rekstrarkostnaður | 119 millj. kr. | + 19,8% |
| Rekstrarkostnaður sem hlutfall eigna | 0,12% | + 9,6% |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 96.573 millj.kr. | + 9,3% |

Inneignir í séreignardeild 3,8 milljarðar króna

Ávöxtun einstakra leiða í séreignarsparnaði var í takt við þróun markaða á árinu og almennt komu þær leiðir sem höfðu meira vægi skuldabréfa betur út en þær sem vægi hlutabréfa var hátt. Tæplega 80% eigna í séreignarsparnaði sjóðsins eru í innlendum skuldabréfum.

Sameining deilda – hækkun réttinda

Grunndeildir sjóðsins, stigadeild og aldurstengd deild, hafa verið sameinaðar í eina tryggingadeild í samræmi við breytingar á samþykktum sjóðsins sem ákveðnar voru á síðasta ársfund. Vegna sameiningarinnar voru áunnin réttindi í aldurstengdri deild hækkuð um 10,62%, en allir greiðandi sjóðfélagar áttu a.m.k. hluta réttinda sinna þar.

Nýjung í starfsemi sjóðsins á árinu 2007

Örorkuvernd, hagstæð váttrygging sem ungu fólki býðst með séreignarsparnaði sjóðsins. Váttryggjandi er VÍS.

28. FEBRÚAR – 2. MARS

TILBOÐ

BETRI NOTAÐIR BÍLAR Á MÖGNUM AFSLÁTTARVERÐI

Dagana 28. febrúar til 2. mars stendur yfir Tilboðstími hjá Toyota – Betri notuðum bílum á Nýbýlaveginum. **Nú er þinn tími kominn** til að tryggja þér magnaðan afslátt og einstök fjármögnunarkjör á Úrvalsbílum og Gæðabílum.

- +Frábært tilboðsverð
- +Flugmiðar til Evrópu fyrir tvo fylgja fyrstu 100 bílunum*
- +Allt að 100% fjármögnun
- +Lengri afgreiðslutími dagana 28. feb. til 2. mars

Hvað er Gæðabíll?

Er ekki í verksmiðjuábyrgð. 3 mánaða viðbótarábyrgð:

- Vélbúnaðar
- Drifbúnaðar
- Fjöðrunarbúnaðar
- Rafbúnaðar
- Hemlakerfis
- Stýrisbúnaðar

Hvað er Úrvalsbíll?

Er í verksmiðjuábyrgð. 12 mánaða viðbótarábyrgð á ofangreindum atriðum.

- Ef bíllinn bilar sjáum við um að láta gera við hann
- 14 daga skiptiréttur
- Umframábyrgð á bremsuhlutum (sliti)
- Við lánnum þér annan bíl á meðan
- Neyðarsími 570 5000

BNB - sölugreining

Bílarirnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

LENGRI AFGREIÐSLUTÍMI >

28. FEB.
Opið frá: 9-20

DSTÍMI

FLUGMIÐAR TIL EVRÓPU FYRIR TVO FYLGJA FYRSTU 100 BÍLUNUM*



29. FEB.
Opið frá: 9-20

01. MARS
Opið frá: 12-17

02. MARS
Opið frá: 12-17



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

Áhrif dóms vegna ummæla á blogg síðu augljós á Lúkasarmál:

Bloggdómur gefur línuna

DÓMSMÁL „Þessi dómur gefur línuna sem við getum búist við að dómur fylgi. Hæstiréttur á þó enn eftir að taka á málinu,“ segir Erlendur Þór Gunnarsson, lögmaður Helga Rafns Brynjarssonar, um dóminn sem féll á þriðjudag þar sem Gaukur Úlfarsson bloggari var dæmdur til að greiða Ómari Valdimarssyni 300 þúsund krónur í miskabætur vegna umfjöllunar um hann á síðu sinni.

Helga Rafni var hótað líkamsmeiðingum og fleiru að ósekju vegna misskilnings um að hann hefði banað hundinum Lúkas sem aldrei drapst. Helgi Rafn var sakaður um að hafa sparkað í hann þar

sem hann var ofan í íþróttatösku á tjaldsvæði á Akureyri.

Erlendur segir málið enn vera í rannsókn hjá lögreglu. „Miðað við þann tíma sem rannsóknin hefur tekið reikna ég með því að fá ítarlega og vandaða niðurstöðu frá lögreglunni í hendurnar von bráðar. Annars er okkar mál rannsakað sem refsímál, þar sem þess er krafist að þeir sem skrifuðu og hótuðu á netinu verði dæmdir til refsinga og greiðslu bóta.“

Í dómnum yfir Gauki voru skrif á netinu færð undir prentlögin, sem til þessa hafa aðeins náð yfir skrif í dagblöðum og öðru prentuðu efni.

Erlendur segir það vera jákvætt



ERLENDUR ÞÓR GUNNARSSON Telur blogg dóm jákvæðan og gefa línuna í Lúkasarmálinu svokallaða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

skref að færa prentlögin yfir á skrif á netinu þar sem þau eigi það til að fara úr böndunum.

- mh

ORF Líftækni hf. fékk Nýsköpunarverðlaunin 2008:

Fremst í heimi á sínu sviði

VIÐURKENNING Fyrirtækið ORF Líftækni hf fékk í ár Nýsköpunarverðlaun Rannís, Nýsköpunarmiðstöðvar og Útflutningsráðs.

ORF Líftækni er eina fyrirtækið í heiminum sem framleiðir sérvirk prótein mannlíkamans í fræjum byggplöntunum. Próteinin, sem kallast vaxtarþættir, gegna mikilvægu hlutverki í líkama mannsins. Vaxtarþættir sem framleiddir eru á rannsóknastofum hafa mikið notagildi við rannsóknir á stofnfrumum, krabbameini, vefjaverkfræði, í ofnæmisfræðum og við lyfjaframleiðslu.

Björn Lárus Órvar, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir að með tilkomu framleiðslutækni þess verði framleiðsla á vaxtarþáttum mun hagkvæmari og öruggari en áður. Hingað til hafi próteinin fyrst og fremst verið framleidd í bakteríum og spendýrfrumum, sem er bæði flókið og dýrt.

Byggplönturnar eru ræktaðar í nýju 2.000 fermetra hátæknigróðurhúsi í Grindavík. Sérstakar náttúrulegar aðstæður hér á landi veita fyrirtækinu samkeppnisforskið þar sem ræktun byggs í gróðurhúsum krefst mikillar orku í formi jarðhita og rafmagns.



NÝSKÖPUNARVERÐLAUNIN VEITTI Heilbrigðisráðherra, Guðlaugar Þóróðarsonar, veitti þeim Birni Lárusi Órvar, Einari Mäntylä og Júlíusi B. Kristinssyni Nýsköpunarverðlauninn 2008.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Björn Lárus segir verðlaunin hafa mikla þýðingu fyrir fyrirtækið. „Í þeim felst viðurkenning á þeirri tækniþróun sem fyrirtækið hefur staðið fyrir, auk þess sem þau auðvelda okkur markaðssetningu og sölustarf erlendis.“

- að

**Fjórfaldur
pottur
stefnir í
22 milljónir.
Er komið
að þér?**

Náðu þér í Lottómiða fyrir
kl. 18.40 á laugardag.



Taktu Lottó í áskrift! ☎ 580 2530

Sölustaðir 📍 lotto.is

KÖFUNARKÚPAN OG FÍÐRILDIÐ

FRUMSÝND 29. FEBRÚAR Í REGNBOGANUM

4 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA

BESTI LEIKSTJÓRI
Julian Schnabel

Besta handritið - Ronald Harwood
Besta myndatökan - Janusz Kaminski
Besta klippingin - Juliette Welfling

2 GOLDEN GLOBE VERÐLAUN

Besti leikstjórinn - Julian Schnabel
Besta erlenda myndin

THE DIVING BELL AND THE BUTTERFLY

„Sannkölluð veisla. Það er engu líkara en að kvikmyndaformið hafi hér með gengið í endurnýjun lífdaga.“
- David Denby, The New Yorker.

„Stórfengleg! Skemmtilega ljóðræn og snertir gríðarlega við manni.“
- Andrew Sarris, New York Observer.

„Vitnisburður um takmarkalaus möguleika og getu mannshugans.“
- Steven Rea, The Philadelphia Inquirer

„Tilfinningalega sannfærandi og konfekt fyrir augun.“
- Jan Stuart, Newsday

KLIPPIÐ HÉRI

1 Ekkert hlé

2 Minna af auglýsingum

3 Engin truflun

græna ljósið
- Ekkert hlé á góðum myndum

FRÉTTABLAÐIÐ 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar gegn framvisun þessarar úrklippu.

www.graenaljosisid.is - Skráning í Bíóklúbb Græna ljóssins margborgar sig

Ný verslun í Holtagörðum

Höfum opnað nýja
og stórglæsilega verslun
í Holtagörðum.
Fjöldi opnunartilboða.



Asics Kayano 13 hlaupaskór

Verð: 18.300 kr.

Opnunartilboð: **12.990** kr.



Jamis reiðhjól Árgerð 2007

Opnunartilboð:

40% afsláttur



Chrysalis dúnsvefnpoki frá The North Face

Verð: 25.990 kr.

Opnunartilboð: **17.990** kr.



Heelys hjólaskór

Verð: 9.990 kr.

Opnunartilboð: **7.990** kr.



Jamis barnahjól Árgerð 2008

Opnunartilboð:

20% afsláttur



Nike T-bolir

Opnunartilboð:

20% afsláttur



Stórglæsileg North Face deild

Opnunartilboð:

20% afsláttur

af öllum
North Face vörum



Casall fatnaður

Opnunartilboð:

20% afsláttur

TIL ATLÖGU GEGN FORDÓMUM

Mótmæli eru umhyggja

Hörður Torfason hlaut á dögnum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í flokknum Til atlögu gegn fordómum. Hann er þjóðþekktur leikari, leikstjóri og tónlistarmaður en er ekki síður þekktur fyrir baráttu sína fyrir réttindum samkynhneigðra. *Vigdís Þormóðsdóttir* ræddi við Hörð um ferilinn og baráttuna.

Það má með sanni segja að Hörður sé vel að verðlaununum kominn enda hefur hann fært þjóðinni boðskap sinn um umburðarlyndi og virðingu svo áratugum skiptir og hefur aldrei látið bugast þrátt fyrir talsvert mótlæti á stundum. Það liggur því beint við að hefja spjallið á að óska Herði til hamingju með verðlaunin og spyrja hvernig honum lístist á þau.

„Það er ákaflega gott að fá klapp á bakið þegar maður er búinn að vera í baráttu í áratugi,“ segir Hörður. „Ég hef verið að í langan tíma og því hafa óneitanlega fylgt hæðir og lægðir. Viðurkenning sem þessi er því ánægjuleg, sérlega ef hún kemst til skila út í þjóðfélagið. Það er nauðsynlegt að fólk viti af því að verið sé að verðlauna fólk fyrir góðverk; við þurfum á slíkri umfjöllun að halda, ekki síst þar sem við verðum stöðugt fyrir neikvæðu áreiti, til dæmis frá fjölmiðlum. Ég reyni að forðast þessa neikvæðni og á til dæmis ekki sjónvarp; ég vil ekki fá slenið og ofbeldið sem því fylgir inn á heimilið.“

Ástandið var skelfilegt

Viðhorf til samkynhneigðra hafa tekið miklum breytingum hérlandis á undanförunum áratugum. Samkynhneigðir hafa þannig tekið skrefið frá því að vera ósýnilegir og jafnvel fyrirlitnir yfir í að vera áberandi og viðurkenndir þjóðfélagsmeðlimir. Hörður man vel þá tíma þegar vissara þótti að halda samkynhneigð leyndri.

„Ég var um tvisugt þegar ég uppgötvaði að ég væri hommi. Þá var ástandið í réttindamálu samkynhneigðra alveg skelfilegt hér á landi; það þótti eðlilegt að tala illa um homma og ofsækja þá. Ég fann fyrir þessu þegar ég kynntist öðrum hommum því á meðal þeirra var eiturlyfjanoftkun og ofdrykkja mjög algeng enda var sjálfsvirðingin engin. Ég var á þessum tíma í námi í Leiklistarskólanum, en eftir útskriftina þáðan fór að þróast sú hugmynd hjá mér að ég gæti notað leikhúsið og tónlistina til þess að sýna andóf við þessu ástandi og koma á framfæri mínum boðskap um mannréttindi og virðingu fyrir öllum manneskjum.“

Á þessum tíma var Hörður á fljúgandi uppleið í samfélaginu; hann var vinsæll leikari og tón-

listarmaður og naut góðs af. „Já, ég var frægur og því litu þeir sem vissu af því að ég var hommi í gegnum fingur sér við mig, en á sama tíma var verið að berja vini mína úti á götu og ráðast inn á heimili þeirra með ofstopa. Það var því tvískinnungur í gangi og það kunnist ekki við; mér fannst að ef ráðist væri á aðra homma væri líka verið að ráðast á mig. Svo ég opinberaði kynhneigð mína þegar ég var þrítugur og vakti það gríðarlega sterk viðbrögð. Ég missti allt út úr höndunum í kjölfarið, gat hvergi fengið vinnu og það var alls staðar ráðist að mér. Á endanum fór það svo að ég þurfti að flýja land. Ég stakk greinilega á gríðarlega stóru kýli með opinberuninni.“

Fordómar eru fræðsluskortur

Þrátt fyrir erfiðleikana sem yfirlýsing Harðar olli honum og fjölskyldu hans sér hann ekki eftir neinu. Enn fremur er hann ekki á þeirri skoðun að Íslendingar séu á nokkurn hátt fordómafyllri en aðrar þjóðir. „Þegar ég lýsti því yfir að ég væri samkynhneigður fékk ég ekki vinnu hér í Reykjavík. Ég fór þá að ferðast um landið, leikstýra og halda tónleika hér og þar. Ég þori að fullyrða að 95 prósent þeirra sem ég hitti á ferðum mínum um landið voru gott fólk og fordómalaust. Það vantaði aftur á móti upplýsingar og fræðslu. Þegar ég kom á staðinn mætti fólk mér oftast með þögn og varúð, þó að stundum hafi einn og einn ráðist að mér með látum. Megnið af þessu fólki fór varlega í byrjun en gaf mér tækifæri. Svo komu frá þeim setningar á borð við: „Þú ert öðruvísi en ég hélt að þú værir.“ Þá vissi ég að ég var að ná árangri með starfi mínu. Þannig hefur grunnurinn að mínu starfi verið. Áhugaleikhúsið fjármagnaði tónleikahaldið lengi framan af og þannig gat ég haldið uppi minni mannréttindabaráttu.“

Listin hefur því verið góður miðill fyrir boðskap Harðar og hefur, ásamt þrautseigju og góðri framkomu, reynst lykillinn að því að ná til fólks. „Ég hélt oft tónleika jafnvel þótt enginn keypti sig inn. Ég hef stundum bent á það að þó að húsvörðurinn hafi verið eina manneskjan sem var viðstödd, þá spilaði ég bara fyrir hús-

vörðinn. Svo næst þegar ég kom að spila þá kom húsvörðurinn kannski aftur og tók með sér vini sína. Baráttan hefur því byggt á óendanlegri þolinmæði, enda fæ ég oft að heyra hvað ég er þolinmóður. En maður verður að reyna að skilja fólk; þú lemur fólk ekki í hausinn af því að það veit ekki hvað þú ert að tala um heldur sest þú niður með því og ræðir við það svo báðir njóti góðs af.“

Allir hafa afstöðu

Þó að nokkuð hafi dregið úr fordómum gagnvart samkynhneigðum á undanförunum áratugum virðast annars konar fordómar sífellt verða sýnilegri, til að mynda þeir sem beinast gegn innflytjendum. Herði þykir þó eðlilegt að allir hafi sína skoðun á málunum og að fólk sé ekki alltaf sammála. „Ég forðast sjálfur að nota orðið fordómar; allar manneskjur hafa tiltekna afstöðu. Ég er búinn að benda á það allan minn feril að það að grípa til ákveðinna varna eru einfaldlega eðlileg viðbrögð við því að kynast einhverju framandi. En það á ekki að umbera mannvönsku, hatur og afneitun á þekkingu sem lífsviðhorf. Manneskjum sem telja sig ofar öðru fólki vegna trúarviðhorfs og ástundar ofsóknir á ekki að veita neina virðingu. Það er einfaldlega rangt í alla staði að útiloka, ofsækja og niðra aðra mannesku eða þjóðfélagshóp. Slíkt á ekki undir neinum kringumstæðum að líðast. Aldrei.“

En hvernig væri best, að mati Harðar, að stemma stigu við hvers konar fordómum í samfélaginu? „Með því að upplýsa og fræða og ræða. Börnin eru bergmál fullorðna fólksins. Því fannst mér það skipta mestu máli á sínum tíma að stofna Samtökin 78 og virkja þannig fleiri í að berjast fyrir réttindum samkynhneigðra. Það er svo mikilvægt að standa ekki bara einn í svona baráttu eins og ég var búinn að gera þá í nokkur ár.“

Tónleikar fram undan

Þó svo að nokkuð hafi hægt á tónleikastarfseminni hjá Herði vegna veikinda stefnir hann að tónleikahaldi þegar í næstu viku. „Ég er að undirbúa svokallaða kertaljósa-tónleika sem ég hef lengi haldið á þessum árstíma. Næstkoma



HÖRÐUR TORFASON Hefur svo áratugum skiptir unnið að því að vekja athygli á mál-
efnum og réttindum samkynhneigðra og annarra minnihlutahópa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

þriðjudagskvöld held ég slíka tónleika í Borgarleikhúsinu og mun á þeim fjalla um ástina. Ég fékk vel rökstudda áskorun frá föstum tónleikagesti um að taka ástar-söngva mína fyrir á tónleikum og þegar ég fór að skoða málin sá ég að ég á mikið af slíkum söngvum. Eðlilega, því ástin er alls staðar í lífinu og á sér mörg andlit og er því söngvaskáldum óþrjótandi uppspretta efnis.“ Auk tónleikahalds er Hörður einnig að vinna að ævisögu sinni í samstarfi við Evar Örn Jósepsson og er því með mörg járn í eldinum.

Það væri þó vart við hæfi að ljúka samtali við jafn einarðan baráttumann fyrir mannréttindum og Hörð á öðru en pólitískum nótum. Talið berst að aðstæðum aldraðra, sem Herði þykir ábótavant. „Ég hef séð um háaldraðan

föður minn í nokkur ár. Það er gríðarlega mikil vinna að sjá um aldrað foreldri sem treystir á mann. Þar er mikla fegurð og mikinn þroska að finna. En illa er komið fyrir þeim sem eru aldraðir og eiga engan að, aðstæður þeirra eru afar dapurlegar. Þegar maður verður vitni að slíku langar mann til að sparka öllum stjórn-málamönnum langt út í hafsauga. Fólk er oft að hnýta í mig fyrir að vera duglegur að mótmæla en mér finnst skipta máli að vera sýnilegt atkvæði og láta í sér heyra ef maður er ósáttur. Með því sýnir maður að manni er ekki sama. Manni á ekki að vera sama um borgina sína, landið sitt eða meðborgara sína, sjálfan sig eða hvernig stjórn-málamenn haga sér. Um það snýst málið. Mótmæli eru umhyggja.“




ÁSTÆÐA TIL AÐ
FAGNA
ENDURGREIÐSLUM
ÁRSINS 2007

Halldór Bergþórsson
Viðskipavinur Glitnis
Endurgreiðsla

Ingveldur Finnisdóttir
Viðskipavinur Glitnis
Endurgreiðsla

GLITNIR

www.glitnir.is



ÁSTÆÐA TIL AÐ
FAGNA
ENDURGREIÐSLUM
ÁRSINS 2007

**DÆMI UM
ENDURGREIÐSLU**

Viðskiptavinur
í **Vildarþjónustu Glitnis** með
11,4 milljóna kr. óverðtryggt
skuldabréfalán og með
220.000 kr. tryggingariðgjald
í Stofni hjá Sjóvá fær samtals
85.000 kr. endurgreiddar.

ENDURGREIÐSLA ÁRSINS 2007

Viðskiptavinir Glitnis geta glaðst því að bankinn endurgreiðir þeim nú á annað hundrað milljónir króna vegna ársins 2007!

Þeir heppnu eru annars vegar skilvísir viðskiptavinir í Vildarþjónustu Glitnis sem fá endurgreidda vexti skuldabréfalána* og hins vegar þeir sem eru í Vildarklúbbi Glitnis og í Stofni hjá Sjóvá. Þeir fá viðbótarendurgreiðslu af tryggingariðgjöldum í formi Glitnispunkta.

Kynntu þér endurgreiðslur á www.glitnir.is.

*Gildir ekki um verðtryggð húsnæðislán með föstum vöxtum

ÁSTÆÐA TIL AÐ
FAGNA
ENDURGREIÐSLUM
ÁRSINS 2007

ÁSTÆÐA TIL AÐ
FAGNA
ENDURGREIÐSLUM
ÁRSINS 2007

GLITNIR

www.glitnir.is

GLITNIR

Úrval farsíma á frábæru tilboðsverði hjá Nova!

Verslanir Nova Lágmúla og Smáralind
www.nova.is

Opið í dag
frá 11-16 í Lágmúla
og 11-18 í Smáralind.
Opið á morgun, sunnudag,
frá 13-18 í Smáralind.



Sony Ericsson
W910i

Útborgun

14.900 kr.

Afborgun 2.000 kr.
á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun
á mánuði fylgir!

38.900 kr./stgr.



**NOKIA
E51**

Útborgun

4.900 kr.

Afborgun 2.000 kr.
á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun
á mánuði fylgir!

28.900 kr./stgr.



**SAMSUNG
U700**

Útborgun

9.900 kr.

Afborgun 2.000 kr.
á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun
á mánuði fylgir!

33.900 kr./stgr.

2 litir, silfur og svart

NOVA

Stærsti skemmtistaður í heimi!

2000 kr.
notkun á mánuði
í 12 mánuði
fylgir öllum síma-
tilboðum hjá Nova!



SAMSUNG
L760

Útborgun

0 kr.

Afborgun 2.000 kr.
á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun
á mánuði fylgir!

24.000 kr./stgr.

2 litir, silfur og kopar

NOKIA
N95 8Gb

Útborgun

54.900 kr.

Afborgun 2.000 kr.
á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun
á mánuði fylgir!

78.900 kr./stgr.



30%
afsláttur af
heyrnartólum!

NOKIA
6120

Útborgun

0 kr.

Afborgun 2.000 kr.
á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun
á mánuði fylgir!

24.000 kr./stgr.



Úrval farsíma á frábæru tilboðsverði hjá Nova – komdu við og veldu þér síma!

www.nova.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
4.887 -0,21%Fjöldi viðskipta: 440
Velta: 7.332 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ EIMSKIPAFÉLAGIÐ +2,22%
FØROYA BANKI +2,19%
ALFESCA +0,76%

MESTA LÆKKUN

↓ BAKKAVÖR -2,52%
ATLANTIC AIR. -1,36%
365 -1,28%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 8,16 +0,49% ... Bakkavör 40,65 -2,52% ... Eimskipafélagið 29,90 +2,22% ... Exista 12,05 -0,33% ... FL Group 9,45 -1,15% ... Glitnir 16,95 -0,29% ... Icelandair 25,20 +0,27% ... Kaupþing 731,00 +0,27% ... Landsbankinn 26,80 -0,37% ... Marel 91,00 -0,33% ... SPRON 5,42 +0,19% ... Straumur-Burdarás 11,77 -0,68% ... Teymi 5,20 -0,57% ... Össur 92,50 +0,00%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Skjálfti á 19. bjórdegi

Í dag eru liðin nitján ár frá því sala á bjór var heimilud á ný hér á landi og látið var af drykkju bjórlikis, en svo nefndist görótt blanda vodka, eða annars spíra, pilsners og mögulega maltöls. Í tilefni af þessum tímamótum er í dag markaðssett af tándru Suðurlands-undirlendis ný bjórtegund sem nefnist Skjálfti. Skjálfti er fimm prósent að áfengisstyrkleika og kynntur undir þeirri yfirskrift að „skjálfti upp á 5 á Richter skeki landið“. Framleiðandi bjórsins er Ölvisholt brugghús í Ölvisholti í Flóa.



Þriðjungur til Danmerkur

„Viðtökurnar hafa verið frábærar og við vonum að það verði eins þegar bjórinn er kominn á almennan markað“, segir Bjarni Einarsson, framkvæmdastjóri Ölvisholts, en hér til hliðar má sjá Jón Elias Gunnlaugsson, stjórnarformann Ölvisholts, og Árna M. Mathiesen, fjármálaráðherra og æðsta yfirmann ÁTVR, skála eftir að fyrstu Skjálftaflöskurnar runnu af færibandinu. Framleiða á 300 þúsund lítra á ári til að byrja með og þar af fer þriðjungur í sölu í Danmörku, undir merkjum Gourmet-bryggeriet A/S í Hróarskeldu.

MARKAÐSPUNKTAR

Ákveðið var á aðalfundi Existu í fyrradag að greiða ekki út arð vegna síðasta árs þrátt fyrir hagnað upp á 50 milljarða króna. Lýður Guðmundsson stjórnarformaður sagði ekki útilokað að ákvörðunin yrði endurskoðuð bötunum aðstæður á fjármálamörkuðum síðar á árinu.

Heimsmarkaðsverð á hráolúu fór í rúma 103 dali á tunnu í Bandaríkjunum í gær og hafði aldrei verið hærra. Áframhaldandi lækking á gengi Bandaríkjadals skýrir verðhækkunina að mestu.

Einkaneysla jókst um 0,4 prósent í Bandaríkjunum í janúar. Þetta er nokkur yfir væntingum. Sé horft til verðbólguþróunar á sama tíma er aukningin engin og þykir auka líkurnar á stöðnun í efnahagslífinu.

Stórkaupmenn deila um stefnu

Stjórn Félags íslenskra stórkaupmanna (FÍS) er klofin í afstöðu sinni um hvort sameina beri félagið Samtökum verslunar og þjónustu (SVP). Innan FÍS er hart deilt um málið, en félagsmenn kjósa um framhaldið á aðalfundi eftir viku.

Birgir Rafn Jónsson, framkvæmdastjóri Kjarans ehf., sem er fyrrverandi formaður FÍS og sat í stjórn samtakanna í um áratug, segist ekki geta skrifað upp á fullyrðingar um að með sameiningu verði til „einhver langþráður sameinaður vettvangur“ fyrirtækja í verslun. „Þetta er nefnilega ekki félag verslunar heldur blönd-



BIRGIR RAFN JÓNSSON

uð hagsmunasamtök“, segir hann og bendir á að innan SVP séu jafnólík fyrirtæki og 365, RÚV, flutningafyrirtæki á borð við Eimskip og Samskip, auk lögmannsstofa og fleiri fyrirtækja. Þótt fyrirtækin innan SVP séu góð og gild segist hann óttast að rödd fyrirtækja, svo sem í heildsölu, sem þjónusti önnur fyrirtæki (business-to-business), hverfi í stærri samtökum.

„Hin hliðin er svo þessi blanda af stærð fyrirtækja. Okkar fyrirtæki eru minni og meðalstór, líkt og algengt er í verslun, en í SVP eru öll stærstu fyrirtæki landsins.

Tuttugu stærstu fyrirtækin þar hafa meira atkvæðavægi en öll 200 fyrirtækin sem eru í FÍS þannig að við gjörsamlega druknum“, bendir hann á.

Á seinni hluta síðasta árs varð ljóst að stjórn FÍS var klofin í afstöðu sinni til sameiningar við SVP, þrír stjórnarmenn með og þrír á móti. Þá voru blásnar af viðræður sem verið höfðu í gangi um sameiningu félaganna. Nú liggur fyrir aðalfundi FÍS, 7. mars, tillaga um að leggja félagið niður og hefja á ný viðræður um sameiningu við SVP. „Eðlilegra væri að einstök fyrirtæki færðu sig bara yfir í hitt félagið ef þau finna sig ekki innan FÍS“, segir Birgir.

- óká

LÁNSHÆFISEINKUNN BANKANNA TIL LANGS TÍMA

| Kaupþing | Glitnir | Landsbanki |
|------------------|------------------|------------------|
| febrúar 2008 A1 | febrúar 2008 A2 | febrúar 2008 A2 |
| apríl 2007 Aa3 | apríl 2007 Aa3 | apríl 2007 Aa3 |
| febrúar 2007 Aaa | febrúar 2007 Aaa | febrúar 2007 Aaa |
| ágúst 2006 A1 | maí 2005 A1 | mars 2005 A2 |

MOODY'S-KVARÐINN

| | | |
|------------------|---|------------------------------|
| Aaa: | Hæsta einkunn Moody's. | Lánaáhætta talin hverfandi. |
| Aa1, Aa2, Aa3 | Skuldbindingar mjög traustar. | Lánaáhætta talin mjög lítil. |
| A1, A2, A3 | Skuldbindingar yfir meðallagi traustar. | Lánaáhætta lítil. |
| Baa1, Baa2, Baa3 | Skuldbindingar í meðallagi traustar. | Lánaáhætta nokkur. |

Staða Kaupþings kom á óvart

Það kom á óvart að láns-hæfiseinkunn Kaupþings lækkaði ekki eins mikið og hinna bankanna. Það er á skjön við skoðun margra og skuldatryggingarálag Kaupþings hefur aldrei verið hærra.

Það kom mörgum á óvart að langtíma láns-hæfiseinkunn Kaupþings lækkaði ekki um tvo flokka hjá alþjóðlega matsfyrirtækinu Moody's eins og varð í tilfalli Landsbankans og Glitni. Eftir það-áða endurskoðun áttu allir von á því að einkunnir bankanna myndu lækka. En fáir töldu Kaupþing standa eitthvað betur að vígi en til dæmis Landsbankinn, sem hefur metið stöðu sína mjög sterka, sérstaklega ef tekið er mið af svokölluðu skuldatryggingarálagi. Þar hefur Landsbankinn notið hagstæðustu kjara allra íslensku bankanna.

Í skuldatryggingarálaginu endurspeglast mat sérfræðinga á að bankinn (lántakinn) geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Skuldatrygging er trygging lánveitenda og telji hann meiri líkur á vanefndum á lánasamningi hækka álagið á skuldatryggingunni.

Sérstaða Kaupþings

Nokkrar ástæður ráða því helst að Kaupþing lækkar ekki um tvo flokka eins og Landsbankinn og Glitnir. Þeirra mikilvægust er að bankinn hefur dreifðari áhættugrunn. Tekjumöguleikar bankans eru meiri og víðfeðmari, sem er mikilvægt í samdrætti og minni umsvifum. Staða bankans er góð í Bretlandi og Skandinavíu. Það gerir bankanum mögulegt að vinna gegn hugsanlegu tekjutapi sem fylgir færri og smærri verkefnum í náinni framtíð. Það má segja að Kaupþing njóti þess núna að hafa verið umfangsmikið á erlendri grund.

Þá hafði það jákvæð áhrif að hætt var við kaupin á hollenska bankanum NIBC. Það hefði klárlega dregið úr fjárhagslegum styrk bankans enda hefur Kaupþing verið í endurmati hjá Moody's frá því í fyrrahaust þegar tilkynnt var um kaupin.

Umdeilt er hvort tilkynning um sölu eigna Singer & Friedlander í Bretlandi hafi haft mikil áhrif á þessar niðurstöður. Það er ljóst að

gangi þau áform eftir losar Kaupþing um 130 milljarða, sem léttrir á fjármögnun bankans. Það skiptir miklu máli í því árferði sem ríkir á lánsfjármarkaði þar sem peningar til fjármögnunar eru mjög dýrir, sérstaklega hjá Kaupþingi með hátt skuldatryggingarálag.

Galinn munur á bönkunum

Viðmælandi Fréttablaðsins taldi gálið að gera þennan greinarmun á íslensku bönkunum, sérstaklega þegar kæmi að mati markaðarins á stöðu Landsbankans. Var jafnvel gengið svo langt að segja að láns-hæfiseinkunn Moody's skipti ekki eins miklu máli og áður. Matsfyrirtækið hefði misst trúverðuleika þegar það hækkaði láns-hæfiseinkunn allra bankanna í kjölfar breyttrar aðferðarfræði.

Nýja aðferðafræðin gekk út á að endurmeta áhrif ríkisástoðar, Seðlabankans, til að forða bönkum frá gjaldþroti til þess að vernda fjármálakerfi í viðkomandi landi frá hruni. Moody's varð fyrir harðri gagnrýni fyrir þessa aðferðafræði og er nú að hörfa frá.

Í apríl í fyrra voru allir íslensku bankarnir í kjölfarið lækkaðir um þrjú flokka, fóru úr Aaa í Aa3 (sjá töflu). Þrýstingur á frekari lækkingun hefur vaxið síðustu mánuði, sem varð til þeirrar niðurstöðu sem Moody's kynnti í fyrradag.

Stuðningur ríkisins ítrekaður

Á símafundi í gær ítrekuðu samt sérfræðingar Moody's að ríkið gæti komið til hjálpar ef íslensku bankarnir lentu í vandræðum. Það væru miklar líkur til þess og Seðlabankinn hefði burði til þess. Vægi þessa þáttar skiptir þó minna máli í heildareinkunum en hann gerði í febrúar 2007 þegar allir bankarnir fengu Aaa í einkun.

Skuldatryggingarálag allra bankanna hækkaði í gær. Frá því á fimmtudagsmorgun til gærmorguns hækkaði álag á Landsbankann um 65 punkta, 35 punkta á Kaupþing og 30 punkta á Glitni. Landsbankinn er þó enn með lægsta álagið, um 480 punkta, Glitnir með 670 punkta og Kaupþing með 715. Það hefur aldrei verið hærra.

Fulltrúar allra bankanna eru ánægðir með að ákveðinni óvissu hafi verið eytt. Lausafjárstaða bankanna sé viðunandi og nú sé verkefni að tryggja traustan rekstur íslenskra fjármálfyrirtækja.

bjorgvin@frettabladid.is

La Marina

Kæri Sumarbústaðaeigandi á Spáni



Erum að senda stóran gám til Spánar á La Marina svæðið

Það er ennþá pláss fyrir 4 potta.

Það eru spes verð í gangi fyrir þessa einu sendingu.

ATH!! Opín alla helgina.

Laugardag 10.00-16.00
Sunnudag 12.00-16.00Ath: Það þarf ekki að greiða
24,5% vsk af vörinni hérna
þar sem um útflutning er að ræða.

Arctic Spas Faxafeni 9

Sími: 554 7755 www.arcticspas.is

Hyundai *i30*

Staðalbúnaður

- Árekstrarvörn
- ABS búnaður
- Tvöfaldir styrktarbitar
- 8 loftpúðar
- Isofix festingar
- Útíhitamælir
- iPod samhæfður
- USB
- AUX- tengi
- Hiti í framrúðu
- Samlitir stuðarar
- Reyklitað gler

Frá kr. 1.840.000



Hefur gæðin

Hyundai *i30*. Nýi besti vinur þinn!

Komdu og reynsluaktu!

Þetta gæti verið upphafið að dásamlegri vináttu



„Hver heldur þú að vinni?“



„Höfum við einhverja möguleika ef þessi verður á staðnum?“

Ætlar þú að mæta?

Stóra alþjóðlega hundasýningin er um helgina í Reiðhöllinni Víðidal. 797 hundar af 83 tegundum mæta til leiks. Nánari upplýsingar á heimasíðu á www.hrfi.is

Í tengslum við kynningu á Hyundai i30 – „nýja besta vini mannsins“ verður efnt til happdrættis þar sem bæði keppendur og gestir og gangandi geta tekið þátt. Það eina sem þú þarft að gera er að mæta í anddyri Reiðhallarinnar um helgina og fylla út þátttökuseðil. Í verðlaun er 50.000 kr. úttektarkort frá Kaupþingi*



Með bílinn handa þér

HYUNDAI

www.hyundai.is

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

*Nánari upplýsingar um úttektarkort á vef Kaupþings á www.kaupthing.is

UMMÆLI VIKUNNAR

„Hér mátti heyra eina af þessum venjubundnu ræðum Vinstri grænna sem í stuttu máli eru þannig að þeir eru á móti málinu alveg sama hvað lagt er til og alveg sama hversu langt er gengið til móts við þeirra sjónarmið og þegar þeir geta ekki lengur staðið gegn framgangi máls leggja þeir til að málinu verði frestað og sett í allsherjar-, ítarlega, heildstæða skoðun og úttekt.“

Kristinn H. Gunnarsson, Frjálslynda floknum

„Frú forseti. Þessi andsvör háttvirts þingmanns eru ekki þess virði að ég fari í umræðu um þau.“

Atli Gíslason, VG

stjórnsmál

stjornmal@frettabladid.is

nánar á vísir.is

Unnið í níu mánuði að lækku lyfjaverðs

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra upplýsti á Alþingi á fimmtudag að hann hefði unnið að því í níu mánuði að lækka verð á lyfjum; sem sagt allar götur frá því hann varð ráðherra.

Enn hefur ekkert gerst – lyfjaverð er óbreytt.

Guðlaugur upplýsti að ástæður þess væru að málið væri vandasamt enda giltu aðrar reglur um lyf en aðrar vörur á evrópska efnahagssvæðinu. Hins vegar styttist í að hann legði fram frumvarp í þinginu sem miðaði að því að opna markaðinn og auka samkeppnina.

Birkir Jónsson Framsóknarflokki spurði Guðlaug út í málið og hermdi upp á hann fögur orð úr kosningabaráttunni um lækku



lyfjaverðs. Spurði hann sérstaklega út í loforð um afnám virðisaukaskatts af lyfjum.

Guðlaugur sagði æskilegt og mikilvægt að lækka þann skatt en að fleiri þyrftu að koma að þeirri ákvörðun en bara hann. Birkir fannst þau svör heldur rýr og innti ráðherra eftir afdráttarlausari yfirlýsingu. Þær fékk hann ekki.

SETIÐ UNDIR UMRÆÐUM Á myndinni má meðal annars sjá Ragnheiði Elinu Árna-dóttur og Gunnar Svavarsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

VIKA Í PÓLÍTÍK

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

Vináttulandsleikur



Eftir fundi Geirs H. Haarde með fimm kommisörum Evrópusambandsins á miðvikudag hefur afstaða hans til Evrópumála ekki breyst. Ekkert kom fram á fundunum fimm sem breytir skoðunum hans. Aðild er enn ekki á dagskrá.

En bjóst einhver við því í alvöru að Geir kæmi út úr Berlaymont og lýsti því yfir að hann hefði skipt um skoðun? Varla. En kannski einhver hafi vonað það – svona innst inni. Suma dauðlangar í Evrópusambandið.

Samfylkingin er í þeim hópi. Flokkurinn vill að Ísland sækji um aðild og hefji viðræður þar að lútandi. Sjálfstæðisflokkurinn telur hins vegar aðild ekki þjóna hagsmunum þjóðarinnar eins og málum er háttað. Þessi gjá er brúuð í stjórnarsáttmálanum með því að segja skýrslu Evrópunefndar grundvöll

nánari athugunar á hvernig hagsmunum Íslendinga verði í framtíðinni best borgið gagnvart Evrópusambandinu. Einnig með að koma á fót nefnd sem á að fylgjast með þróun mála í Evrópu og leggja mat á breytingar út frá hagsmunum Íslendinga. Sú nefnd tekur senn til starfa.

Þetta þýðir ekki óbreytt ástand. Það á að skoða málin. Og þingmenn Samfylkingarinnar mega og eiga að halda skoðunum sínum á lofti. Enda hafa þær engin áhrif á daglega starfsemi í höfuðstöðvunum í Belgíu. Þar víta menn að á Íslandi er samsteyputjórn og að í samsteyputjórnunum kunna að ríkja ólík sjónarmið.

Það er svo rétt að halda því til haga að Geir fór ekki til Brussel til að láta Barroso og félagar reyna að sannfæra sig um ágæti þess að Ísland gerist aðili. Heimsóknin var farin til að treysta ágætt samband Íslands og ESB. Þetta var vináttulandsleikur. Ekkert meira og ekkert minna. Það varð markalaust jafntefli og eins og sæmir skiptust liðin á treyjum að leik loknum.



RJÓMINN ER EKKI Í BOÐI EINN OG SÉR Geir H. Haarde forsætisráðherra og José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, ræddu samskiptin á fundi í Brussel á miðvikudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/BPS

Kakan öll eða ekki neitt

Hafi einhver vonast eftir að Evrópusambandið væri til í að leyfa Íslendingum að taka upp evru en standa utan sambandsins getur sá hinn sami hætt að láta sig dreyma. Það er ekki í boði.

José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, hefur endanlega afgreitt málið. Eftir fund þeirra Geirs H.

Haarde forsætisráðherra í höfuðstöðvum sambandsins í Brussel á miðvikudag sagði hann upptöku evru aðeins á færi aðildarríkja ESB.

„Það eru ákveðnir skilmálar fyrir því að fá að taka þátt í þessu evrusamstarfi og menn geta ekki fleytt rjómann ofan af því með einhliða ákvörðunum. Það er alveg skýrt og ef eitthvað er, enn skýrara en það var áður en við komum hingað,“ sagði Geir við íslenska blaðamenn eftir fundi með fimm af helstu forvígismönnum Evrópusambandsins.

„Það er ljóst að umræðan heima var á villigötum fyrir viðskiptaþingið og það er staðfest hér af öllum að við myndum lenda í pólitískum vandræðum gagnvart Evrópusambandinu ef okkur dytti í hug að taka upp evruna einhliða,“ sagði Geir og útskýrði að slík pólitísk vandræði gætu falist í vandræðum í kringum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og Schengen. „Þeir gætu lagt stein í okkar götu.“

Á fundinum með Barroso var rætt um sjávarútvegsmál en sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins er til endurskoðunar. Skýrði hann frá því að sambandið gæti hugsað sér að líta til íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins við þá vinnu. Geir sagði ekki undan neinu að kvarta í samskiptunum við Evrópusambandið sem fara fram í gegnum EES og Schengen. Það hafi enda ekki verið ástæða funda hans heldur væru þeir hluti af pólitísku samstarfi við ESB.

Auk þess að ræða við Barroso hitti Geir Javier Solana, utanríkisráðgjafi, Benito Ferrero-Waldner, framkvæmdastjóra á sviði utanríkismála, Joaquín Almunia, framkvæmdastjóra á sviði efnahags- og peningamála og Olli Rehn, framkvæmdastjóra á sviði stækkunarmála. Fundarefni voru jafnan samskipti Íslands og Evrópusambandsins, staða efnahagsmála á Íslandi og ýmis alþjóðamál.

Í ljósi þess að ekkert var rætt um mögulega aðild Íslands að sambandinu var Geir spurður hvort ekki hefði verið rétt að tæpa á slíkum málum, til dæmis til að fá að vita hve langan tíma aðildarvandræður gætu tekið. „Það á ekki að vera að gefa undir fótinn með hluti sem eru ekki á dagskrá,“ sagði hann og bætti við að það lægi ljóst fyrir hvernig ferlið gengur fyrir sig auk þess sem Ísland hafi þegar tekið upp stóra kafla úr Evrópusambandssamningnum með aðild að EES-samningnum.

Í ferðinni ræddi Geir einnig við starfsbræður sína í Lúxemborg og Belgíu. Á þeim fundum kom meðal annars í ljós að hvorugt ríkið ætlar að greiða Íslandi atkvæði í kosningu til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna; bæði hafi heitið Austurríkismönnum og Tyrkjum atkvæði sín. „Við erum auðvitað vonsviknir yfir þessu, sérstaklega með Lúxemborg því það er land sem við höfum átt mikið og gott samstarf við,“ sagði Geir.

- bps



Biblía
21. ALDAR

Biblían er jafn órjúfanlegur hluti af hugarheimi okkar og dulvitundin af hugarstarfseminni. Öldum saman var Biblían eina bókin og aðrar bækur voru ýmist útlekking eða afsprengi hennar. Biblían horfir yfir öxlina á höfundi Njálu og gervallur sagnaarfur Íslendinga er samofinn Biblíunni. Áhrif hennar eru slík að jafnvel þótt maður hafi aldrei opnað hana er hún smogin manni í merg og bein. Að kannast ekki við Biblíuna er eins og að kunna ekki skil á uppruna sínum. Við það er hægt að búa, þótt hitt sé óneitanlega skemmtilegra.

Pétur Gunnarsson



JPV ÚTGAFA
www.forlagid.is



FÁNARNIR HVER AF ÖÐRUM Úr anddyri höfuðstöðva ráðherraráðs Evrópusambandsins í Brussel.

FRÉTTABLAÐIÐ/BPS



49.900

MAURITIUS
Sófi, 2 stólar og 2 borð
0488884



verð **4.490**
SHO CHI BUDDHA stytta
517522

áður 3.990
verð nú **1.990**
KRYDDKOMMÓÐA með 6 skúffum
474290

áður 1.490
verð nú **990**
PRJÁR LUKTIR
534871

áður 1.290
verð nú **790**
RAMMI
með perlum
1946885

3
fyrir **2**
tilboð af
kertum

verð **990**
BAMBUS
borðrenningur
1867410


MATARSTELL
hvítt postulín 16 hlutir
501330
verð **3.990**

áður 39.990
verð nú **19.900**
MAWARI MOTTA 150X240
489522

ofur
tilboð
Rauður
glerkertastjaki
verð **9 kr stk.**

KIM baststólar
4 litir
verð áður 3.990 verð um helgina **2.990**





1100 titlar í Sjónvarpi Símans með einum takka á fjarstýringunni

SkjárBíó, vídeóleigan í Sjónvarpi Símans, veitir þér aðgang að hundruðum bíómynda, úrvali af barnaefni á 0 kr. og margs konar fræðslu- og skemmtiefni. Með Sjónvarpi Símans nærðu auk þess öllum íslensku sjónvarpsstöðvunum og yfir 60 erlendum sjónvarpsrásum.

800 7000 • siminn.is

Það er alltaf opið!
Í Sjónvarpi Símans eru allar myndir alltaf inni!



Sími



Netið



Sjónvarp

Það er Síminn 

Það vilja allir valdið hafa.

Varist á báða bóga

SVANBORG SIGMARSÓTTIR SKRIFAR

Dómarar hér á landi, og þá sérstaklega hæstaréttardómarar, hafa þurft að verjast tvenns konar gagnrýni af hendi núverandi dómsmálaráðherra. Annars vegar er það núverandi deila um það hvort dómara séu að seilast um of inn á yfirráðsvæði framkvæmdavaldsins. Þetta á að gerast með þeim hætti að dómara, og þarf af leiðandi dómvaldið, vilji hafa um of að segja um ráðningar annarra dómara.

Hins vegar er það eldri og alþjóðlegri deila, sem snýr að því hvort dómara séu að seilast um of inn á yfirráðsvæði löggjafavaldsins. Það myndu þeir gera með lagatúlkun sinni í dómstúðurstöðu sem færir lengra en lögin gefa til kynna. Svo langt í raun að þeir séu ekki í raun lengur að túlka lögin í úrskurðum sínum, heldur skrifa ný lög.

Sum lög virðast þannig að það sé nauðsynlegt að þau séu opnari fyrir lagatúlkun en önnur lög. Má þar til dæmis nefna stjórnarskrárbundin mannréttindi og mannréttindasáttmála. Á sama tíma verða til deilur um túlkunir á slíkum lögum, eins og sést hefur á umræðu um dómabróun Mannréttindadómstóls Evrópu. Hætta er á að dómstólarnir fari inn á svið löggjafans í lagatúlkun sinni á óskýrum og ónákvæmum lagatexta, sem hluti mannréttindatexta er óhákvæmilega. Það er ekki hægt að setja nákvæma útlistun á því hvað það þýðir til dæmis að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda og hvað í því felst fyrir dómstólana. Að þessu leyti má segja að nauðsynleg aðkoma dómstóla vegna mannréttindamála, auk friðhelginna sem mannréttindi njóta, gangi jafnvel of langt í að takmarka vald löggjafans.

Þegar rétt hefur verið um þrískiptingu ríkisvaldsins hér á landi, og stöðu hvers meids þess, sýnist flestum að staða framkvæmdavaldsins sé í raun of sterk. Gert er ráð fyrir þeirri meginreglu að löggjafinn semji lögin, framkvæmdavaldið framkvæmi lögin og dómvaldið skeri úr um hvort lögum hafi verið framfylgt.

Þeir sem telja að framkvæmdavaldið sé hér heldur sterkt benda á að raunverulegt valdsvið framkvæmdavaldsins sé æði sterkt miðað við löggjafarvaldið, þrátt fyrir að ríkið kallist þingræðisríki. Þetta megi meðal annars sjá á því að nánast öll framlögð frumvörp eru stjórnarfrumvörp. Nánast öll lög sem samþykkt eru voru stjórnarfrumvörp. Það er ekki þar með sagt að alþingismenn, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, geti ekki haft áhrif til breytinga á frumvörp, sérstaklega innan þeirra nefna sem þeir starfa í á þingi. Það breytir því ekki að framkvæmið að nánast öllum lögum sem samþykkt eru hér á landi kemur frá framkvæmdavaldinu.

Með það í huga er kannski hægt að velja fyrir sér hvort varðstaða löggjafarvaldsins gagnvart dómvaldinu í því hversu langt þeir megi eða eigi að ganga í lagatúlkun sé í raun varðstaða löggjafans eða framkvæmdavaldsins til að verja þann lagatexta sem það samdi.

Hvort sem það er framkvæmdavaldið eða löggjafarvaldið sem leggur til lagatextann er eðlilegt að gera þá kröfu að textinn sé samilega skýr og að dómara þurfi ekki að leggja í mikla rannsóknar- og túlkunarvinnu til að komast að niðurstöðu um meiningu þeirra. Lögin geta þó aldrei orðið það skýr að aldrei komi til túlkun dómara.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson
 AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir
 FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldósson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál).
 FULLTRUI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Enn ein ferjan

Sagt var frá því í vikunni að árið 2006 seldi ríkið Sæferðum ferjuna Baldur fyrir tæpar 38 milljónir, án þess að auglýsa hana til sölu. Stuttu síðar seldu Sæferðir ferjuna fyrir hundrað milljónir. Meðal ráðgjafa Sæferða voru Einar Hermannsson og Navís, þeir sömu og voru Vegagerðinni innan handar þegar Grímseyjarferjan var keypt. Þótt það klúður hafi verið á ábyrgð Sturlu Böðvarssonar reyndi Kristján Möller samgönguráðherra að bjarga málinu í horn með því að skella skuldinni á Einar. Það mistókst. Kristján heggur ekki í sama knérinn í þetta sinn og hefur

greinilega lítinn áhuga á að sitja aftur uppi með óhreina taulið frá Sturlu. Þess í stað heldur hann til á kontór bæjarstjórnans í Kópavogi og maular snúða með góðri samvisku.

Loksins góðar fréttir

Það kom að því að Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra fengi tilefni til að flytja góðar fréttir – ekki aðeins eina heldur tvær. Á miðvikudag voru loðnuveiðar heimilaðar á ný og í gær gaf ráðherra leyfi fyrir rækjuveiðum í Arnarfirði. Eftir hver ótíðindin á fætur öðrum hefur sjálfsga heyrst siguróskur á skrifstofu sjávarútvegsráðherra



þegar góðar fréttir rak loks á fjörur hans.

VG gengur menntavegin

Ung vinstri græn halda stjórnmalaskóla fyrir ungt fólk á Akureyri í dag. Skólinn hefst klukkan 11 með erindi Steingríms J. Sigfússonar um stofnun og sögu hreyfingarinnar. Á hádegishléi verður svöngum róttæklingum boðið upp á pitsur. Klukkan 13 hefst skólafest með nýju. Þá verður fjallað um stefnu VG og UVG, ungt fólk í pólitík og fundi og mótmæli. Líklega er Vinstrihreyfingin – grænt framboð eini stjórnmalaflokkurinn sem býður upp á skipulagða kennslu í mótmælum. Sem bendir til að ungliðahreyfing VG búi sig undir áframhaldandi stjórnarandstöðu.

bergsteinn@frettabladid.is

Hitað upp fyrir ESB

Hálft Reykjavík var mætt til Brussel á þriðjudagskvöldið. Hjaltafín lék fyrir skrafi á opnun íslensku menningarháttíðarinnar, Iceland on the Edge, í Bozar-listamiðstöðinni, einhverju mesta húsbákni sem undirritaður hefur villst inn í, og gestir gleypu í sig hangikjöts-tartar og hákarl au vin brulé. Þrjár íslenskar sýningar voru opnaðar sama kvöldið og tveir íslenskir ráðherrar voru mættir, annar þeirra í fylgd tveggja lífvarða frá Evrópusambandinu. Íslensk menningarinnrás í Brussel var hafin, með pomp og pragt, myndlistar-, leik- og kvikmyndasýningum, tónleikum og upplestrum, og þrotlausri fjölmiðlaumfjöllun um Ísland og íslenska menningu. Tuttugu belgískir blaðamenn höfðu mætt á skerið síðastliðið haust og spurt mannskapinn úr spjörum.

Glæsilegt verkefni fór vel af stað. Allir sem veitingum gátu valdið voru mættir, með sitt „voilà!“ og „ca veut dire“, og ráku sín konunglegu nef upp í landans geð og sín þaulæfðu augu inn fyrir fossatjöld Rúríar, að ljósmyndum Spessa og Kela, og myndböndum Ragga Kjartans og Gjörningaklúbbsins. Málara-meistarar voru, Kjarval, Davíðsson og Guðni urðu því miður eilífið hornreka í þessu samhengi, hengdir upp á furðulegum og alltof litlum gangi lengst uppi á lofti.

Sigling sigandi og hæg Samkvæmt fréttum nýtti forsætisráðherra ferðina til funda með forkólfum Evrópusambandsins. Sú staðreynd styrkti grun sem listamenn höfðu leikið sér með í vélinni fyrr um daginn: Hvers vegna Brussel? Jú, er ekki verið að hita upp fyrir aðildarumsókn að ESB?



HALLGRÍMUR HELGASON Í DAG | Útrás

Íslenski menningarherinn er sendur inn til að fitla við menn og kitla konur svo þau mæti hlajandi mjúk að samningaborði þegar þar að kemur. „Þegar þar að kemur“ virðist hins vegar óþarflega langt undan. Þeir sjálfstæðismenn sem spurðir voru hæfilega kæruleysislegra spurninga á opnun svöruðu æstir sem einn að málið væri ekki á dagskrá. Ekki einu sinni á menningardagskrá. Annaðhvort stefnir því í íhaldsstjórn XD og VG á komandi árum, með allt í bakkgrí og enn hærri vöxtum, eða Sjálfstæðisflokkurinn mun setta sig við verðandi hlut og halda áfram innrásinni í Brussel. Líklega benda krampakennd viðbrögð sjalla til þess að málið sé eldfimt í þeirra flokki, annaðhvort það eða formaðurinn hefur þegar ákveðið sig og enginn má segja frá því.

Síðari möguleikinn er reyndar í anda hins hófstilla forsætisráðherra. Hans sigling er sigandi hæg og varkár en virðist þó alltaf skila málum í höfn. Það hvarflar að manni að Geir hafi fyrir Íslands hönd þegar ákveðið að sækja um inngöngu í ESB, en bíði eftir því að umræðan heltaki flokkinn og málið verði sjálfsga. Samkvæmt öllum teiknum virðist það ætla að verða fyrr en síðar.

Hvar er gengið inn?

Þá er bara spurning HVAR gengið er inn í ESB. Hin marg-

slungna Brussel lumar á mörgum hurðum og anddyrum en ekki fundum við Halldór Guðmundsson innganginn í Evrópusambandið á rölti okkar um miðbæinn. Hann var enda trúflaður nokkrum sinnum af blaðamönnum heima sem vildu vita allt um þá gleðifrétt sem braust út þennan dag þess efnis að Ísland verði fókusland á Bókamessunni í Frankfurt 2011. Að sögn diplómata hafa þýskir messumenn gengið á eftir okkur með grasið í skónum um árabíl en það þurfti þýskumælandi handboltakonu með keppnissskap á ráðherrastól og ögn nútímallegri samstarfsflokki til að skilja mikilvægi málsins; að það er hægt að sækja fram völlinn með annað en bolta í hönd.

Til hamingju, Ísland. Annar kafli útrásar er því hafinn. Þeim fyrsta lauk með viðskiptamönnum inni á klósetti að skoða sjálfa sig í spegli. Minnisvarðar fyrsta kafans standa þó enn. Þetta er skrifað á herbergi 810 á Hótel Íslandi í Riga. Yfir skrifborðinu hangir falleg ljósmynd af Mývatni. Yfir rúminu vakir Jökulsárlón. Á hæðinni fyrir ofan standa ráðstefnusalirnir Óðinn og Freyja og niðri í lobbí sýna klukkurnar tímarn hér og heima og út af Restaurant Reykjavík ómar Friðrik Ómar. Skrífi maður frá baðkrananum blasir við blátt vatn, á la Blue Lagoon.

Ut um gluggann blasir við borg sem stendur föstum fótum í ESB. Lettar eru um margt líkir Íslendingum. Lítil þjóð með stóra drauma og nýlendusögu á bakinu. Sauðsvartur almúgi í bland við bankamenn á Þorscheppum. Er ekki gott að vera í EB? spyr ég mitt fólk. „Bæði og“, segir það. „En það verður bara gott þegar við fáum loksins evruna.“

Notar þú ekki örugglega smokkinn?

UMRÆÐAN

Kynfræðsla

Kynsjúkdómar eru stöðug ógn hér-klendis. Ástráður, jafningjafræðslan í Reykjavík og FKB hafa því ákveðið að blása til vitundarvakningar um notkun smokksins.

Langalgengasta leiðin til að fá kynsjúkdóma er með því að stunda kynlíf. Með kynlífi á ég við munnmök, endaparmsmök og samfarir. Slímhúð við slímhúð. Einungis eru þekktar tvær leiðir til að komast hjá kynsjúkdómasmiti; skírlífi eða að nota smokkinn, rétt. Ef smokkurinn rifnar, sem stundum gerist, getur kynsjúkdómasmit átt sér stað sem og þungun. Þegar og ef fólk stundar kynlíf með nýjum félagum getur það ekki vitað hvort manneskjan er með kynsjúkdóm.

Fólk getur borið með sér kynsjúkdóma án þess að finna fyrir einkennum sjúkdómsins, jafnvel í lengri tíma, og er því grunlausir smitberar. Gott ráð er því að fara í kynsjúkdómarannsókn áður en farið er að stunda óvarið kynlíf, ganga hægt



HRUND MAGNÚSDÓTTIR

en öruggt um gleðinnar dyr. Það er ekki ófunduð að staða að þurfa að hringja í fyrrverandi bólfélag og segjast hafa greinst með kynsjúkdóm og biðja þá um að fara í „tökk“, til öryggis. Né að gangast undir þær lækni meðferðir sem til þarf til að losna við kynsjúkdóma.

Eitthvað er um að fólki finnist smokkurinn feimismál, finnist óþægilegt að verða sér úti um hann og/ eða ræða notkun hans við bólfélagann. Þá má velja fyrir sér hvort manneskjan sé nógu þroskuð til að stunda kynlíf og bera þá ábyrgð sem kynlíf krefst. Niðurstaðan er að stundi fólk kynlíf á annað borð og vilji komast hjá kynsjúkdómum er eina ráðið að nota smokkinn. Nota smokkinn, og vera ekki feiminn að ræða þessi mál við bólfélagann. Og ef fólk hyggst sleppa smokknum að fara, bæði, í kynsjúkdómapróf, til dæmis á göngudeild húð- og kynsjúkdóma eða hjá heimilislækni. Notar þú ekki örugglega smokkinn?

Höfundur er félagi SEKS (Samtök einstaklinga um kynsjúkdóma).

Ný sending!

Full búð af spennandi vor-vörum

IANA

Laugavegi 53 • s. 552 3737
 opið mánudag til föstudag 10-18
 laugardag 10-17

**30%
afsláttur**

Þú sparar 536 kr/kg

GODI

1.250 kr/kg. áður 1.785 kr/kg.
Goða hunangsgrísakótilettur

**30%
afsláttur**

Mexíkódagar

30% afsláttur
af öllum Casa fiesta vörum

**40%
afsláttur**

Þú sparar 424 kr/kg

GODI

635 kr/kg. áður 1.059 kr/kg.
Goða blandað hakk pre pc

**40%
afsláttur**

299 kr/kg. áður 498 kr/kg.
Ísfugl veisluvængir

989 kr/kg.

Danpo kjúklingabringur

279 kr/kg. áður 449 kr/kg.

Vínber - Rauð

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 28. febrúar. til 2. mars eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn

OFURHELGI!



699 kr

Verð áður 1.199,-

Hobbykassi 31 lítra með loki



1.499 kr

Verð áður 2.499,-

Winnie the Pooh tígra sími

50% afsláttur við kassa



410 kr/stk.

Merkt verð 819,-

Haagen-Dazs - 4 tegundir



1.999 kr

Verð áður 3.999,-

Eyrnaslappur

60% afsláttur við kassa



172 kr

Verð áður 429,-

Tomma og Jenna ávaxtalurkar 5 stk. í kassa



999 kr

Verð áður 2.499,-

Sportskór gráir, svartir; st. 36-46



799 kr

Verð áður 1.999,-

Barnaskór brúnir, dökkbrúnir; st. 28-34



999 kr

Verð áður 2.999,-

Náttbuxur dömu og herra



brjóstahaldari

999 kr

Verð áður 2.999,-

nærbuxur

499 kr

Verð áður 1.499,-

Nærföt, stærri stærðir brjóstahaldari, boxer, strengur



35% afsláttur við kassa

Loreal Dermo expertise og make-up



199 kr

GOTT VERÐ

Geisladiskar og DVD

Gildir til 2. mars eða á meðan birgðir endast.

FRÁBÆR TILBOÐ

á vinsælum vörum



699 kr

Verð áður 2.499,-

Herra bolur
margir litir
st. M-XXL

2.999 kr

Verð áður 6.999,-

Herra jakki
brúnn; st. S-XL

Íslandslamb lambalæri

50%
afsláttur
við kassa



865 kr/kg

Merkt verð 1.729,-



45%
afsláttur
við kassa

1.539 kr/kg

Merkt verð 2.798,-

Kjúklingabringur




1 kg.

599 kr/kg

Verð áður 1.556,-

Jarðaber 1 kg



Tveir
fyrir
einn

Baguette brauð



30%
afsláttur
við kassa

Páskaegg

Nói, Freyja og Góa

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Sunnudagsbíltúr á meginlandi Evrópu

Í dagbók *Práins Bertelssonar* er fjallað um baráttu lífs og dauða, hroka og stærilæti, nasistafangelsi, viðskipti við þýsku lögregluna og fagurt mannlíf í fögru umhverfi.



KÆRA DAGBÓK Práinn Bertelsson skrifar

FÖSTUDAGUR, 22. FEBRÚAR.

Stormur eða gjörningaveður?

Nýjustu fréttir frá Íslandi fjalla enn um að Vilhjálmur ætli „að standa af sér storminn“. „Gjörningaveður“ væri kannski betra orð en „stormur“ í þessu tilvik.

Óssur vinur minn er búinn að æsa mannskapinn heldur betur upp með óborganlegum pistli um Gísli Marteini á sínu fræga næturbloggi. Mikið er ég feginn að einhver úr þessari ríkisstjórn skuli leyfa sér, þó ekki sé nema stund og stund, að tjá sig eins og venjuleg manneskja í staðinn fyrir að herma eftir mör-gæsum í ráðherraleik.

Grátbroslegast er þegar fólk heldur að Óssur skrifi þessa pistla öls við þel. Það er greinilega erfitt að trúa því að stjórnmalamaður skuli þora að tjá sig hreinskilnislega um pólitík ódrukkinn.



LAUGARDAGUR, 23. FEBRÚAR.

Auðmýkt og stærilæti

Greint er frá því á fréttavefnum visir.is í dag að það sé Geir H. Haarde, formanni Flokksins, og Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur varaformanni ekki að skapi að Vilhjálmur skuli ætla að halda áfram.

„Þetta hefur visir.is eftir heimildarmönnum sem sagðir eru úr innsta kjarna Sjálfstæðisflokksins. Fréttastofa reyndi að ná tali af formanninum við opnun ljósmyndasýningar í dag. Honum fannst dónaskapur að vera spurður um þetta mál og svaraði ekki spurningum fréttamanns.“

Eitthvað sýnist mér vera farið að skorta upp á auðmýktina þarna hjá þessum þriðja æðsta starfsmanni þjóðarinnar og minni á að af dauðsýndunum sjö er hrokinn hættulegastur.

Því ofar sem öldufaldurinn ber mann upp á ströndina þeim mun meiri auðmýkt þarf maður að temja sér gagnvart mannhafinu. Annars getur maður endað sem seðlabankastjóri.

SUNNUDAGUR, 24. FEBRÚAR.

Sunnudagsbíltúr á meginlandi Evrópu

Þórir vinur minn hefur áhyggjur af því að ég rykkfalli hérna við lykklaborðið. Hann kom og sótti mig í morgun og fór með mig í skoðunarkerfi til Terezín og Dresden.

„Litla virkið“ (Malá pevnost) í Terezín eða Theresienstadt eru



gamlar herbúðir sem Jósep II keisari lét reisa og nefndi í höfuðið á mömmu sinni, Maríu Theresu. Þegar herbúðirnar úreltust voru þær notaðar til að vista pólitíska fanga. Frægastur þeirra er Gavrilo Princip sem 28. júní 1914 hleypti af skotunum sem komu fyrri heimstyrjöldinni af stað þegar hann sallaði Franz Ferdínand erkihertoga og spúsu hans niður í Sarajevó.

Princíp sálaðist svo „úr berklum“ í klefa númer eitt í Terezín vorið 1918 – áður en stríðinu lauk.

Í júní 1940 tók þýska öryggislögreglan, Gestapo, við stjórninni í Terezín og gerði Litla virkið að fanga-búðum og stóru herbúðirnar, þorpið Theresienstadt, að gettói eða samastað gyðinga sem millilendingu á leiðinni til Auschwitz eða annarra útrýmingarbuða. Og þarna var tekið til óspilltra málnanna við misþyrmingar, morð og glæpi gegn mannkyni þar til í maí 1945 þegar nasistar hörfuðu undan Rauða hernum.

Við Þórir fórum um Terezín og skoðuðum Litla virkið.

Veðrið var einstaklega fagurt. Sólskin og nær 20 stiga hiti. Samt var eins og helkuldri ríkti þarna inni og sólin næði ekki að skína þarna inn.

Við komum í lítinn garð umlukinn háum múrveggjum. Þar rann lækjarsytra í gegn og á bakkanum stóð dældill tréfallur og á honum lítill þriggja þrepa trappa og þvertre yfir. Það tók mig nokkra stund að átta mig því að sem betur fer hafði ég aldrei séð alvöru gálga áður. Þarna voru þeir hengdir sem ekki voru skotnir eða barðir eða sveltir til dauða.

Handan við múrinn varð andrúmsloftið hlýrra. Við vorum komnir út úr fangabúðunum sjálfum og yfirgáfum svæðið með því að ganga í gegnum íbúðahverfi starfsfólksins sem vann við að kvelja og tortíma þeim sem bjuggu hinum megin við vegginn. Þar var útisundlaug og allt skipulag bar vott um mikla snyrtimennsku og hagsýni.

Æ, þetta var óþægileg en þörf áminning. Prívat og persónulega finnst mér að útskriftarferðir skólanna eigi fremur að hafa viðkomu á stöðum eins og Terezín en á sólarströndum Suðurlanda.

Því miður væri það fullmikil bjartsýni að ætla að manlegt eðli hafi tekið grundvallarbreytingum frá því á miðri síðustu öld. Þess vegna verðum við að gefa því gaum hvernig valdi er beitt í umhverfi okkar. Jafnvel þótt við búum sundlaugarmegin við múrvegginn.

Hálftíma eftir að við Þórir yfirgáfum Terezín vorum við handteknir af vopnaðri lögreglu. Engin gæsla er á landamærum Tékklands



og Þýskalands en fljótlega eftir að við vorum komnir yfir fjöllin og niður í þýska sveit urðu lögreglumenn á vegi okkar sem gáfu okkur merki um að stoppa og báðu okkur síðan um að sýna skilríki.

Það var ónotaleg tilfinning að vera stöðvaður af vopnuðum þýskum lögreglumönnum – verandi nýkominn frá Theresienstadt.

Þeir létu það þó gott heita lögreglumennirnir þegar Þórir sagðist vera íslenskur ræðismaður í sunnudagsbíltúr.

Mér fannst reyndar skrýtið að þeir skyldu trúa honum því að í mínum augum lítur hann út fyrir að vera að minnsta kosti sendiherra.

Kvöldmatinn okkar borðuðum við í Dresden sem iðar af mannlífi og uppbyggingu. Þangað ætti borgarstjórn Reykjavíkur að drífa sig í kynnisferð til að sjá hvernig með góðu skipulagi og útsmognum arkitektúr er hægt að samræma gamalt og nýtt og reisa úr rústum menningu og verðmæti sem skemmdar-skrín eyðilögðu á öldinni sem leið. Þarna hefur tekist að byggja upp lifandi borgarmiðju og fagurt mannlíf í fögru umhverfi.

Ótrúlegt að vera í miðri Evrópu og borða kvöldmatinn sinn utanhúss í 15 stiga hita í febrúarmánuði.

ÞRIÐJUDAGUR, 26. FEBRÚAR.

Samstarf með munkum

Landar mínir hérna í Prag keppast við að sýna mér ræktarsemi. Í dag kom Jón Ragnarsson veitingamaður í heimsókn og mátti ekki heyra minnst á annað en ég gerði mér dagamun og færi með honum að skoða eitt af mörgum glæsihótelum sem hann rekur í samvinnu við Valdimar son sinn.

Jón er fundvís á merkilega staði. Hann rak Valhöll á Þingvöllum og nú er hann farinn að reka glæsihótel



í samstarfi við munkana í hinu forna Strahov-klaustri rétt við Borgarvirkið í Prag. Þrátt fyrir samstarfið við munkana og klaustrið er ekki hægt að segja að Jón sé sestur „í helgan stein“.

FIMMTUDAGUR, 28. FEBRÚAR.

Klapp á kollinn

Björn Bjarnason klappar Héraðsdómi Reykjavíkur á kollinn fyrir góða frammistöðu í meiðyrðamáli ræðismanns El Salvadors og blaðafulltrúa Impregilo á hendur kjaftforum bloggara og segir dóminn „ekki koma sér á óvart“.

Og svo bætir dómsmálaráðherrann við – væntanlega til leiðbeiningar fyrir Hæstarétt:

„Ég tel æskilegt, að einnig verði látið reyna á ábyrgð þeirra, sem halda úti síðum, þar sem nafnleysingjar geta vegið að samborgurum sínum með hvers kyns óhróðri og svívirðingum.“

Auðvitað er takmarkið að þjóðfélagsmáttæði fari fram á kurteis-an máta án upphrópana og illyrða – en umræða án borgaralegrar síðfágunar, menntunar og greindar er betri en engin umræða og óttaslegin þögn.

Og það er frumstætt að halda að hlutverk dómstóla skuli vera að kenna alþýðunni mannsiði.

Þetta hefur verið góð vika. Vond veðurspá fyrir helgina. Gott veður til skrifta.

Um leið og þú sérð hana langar þig í hana. Hún air bara þannig.

Físlétt: 1,36 kg

Örþunn: 4–19,4 mm

Sýningareintak er komið í verslunina að Laugavegi 182



Apple IMC

MAÐUR VIKUNNAR

Keppnismaður í einu og öllu

Guðmundur Þórður Guðmundsson var kynntur sem nýr þjálfari karlalandsliðs Íslands í handbolta fyrr í vikunni og skrifaði hann undir skammtíma-samning við HSÍ sem nær

fram yfir Ólympíuleikana í Peking í haust. Hans bíður krefjandi verkefni með landsliðið á þessum stutta tíma. Annars vegar er það erfiður fjögurra liða riðill þar sem íslenska landsliðið leikur gegn Póllandi, Svíþjóð og Argentínu í undankeppni Ólympíuleikanna í lok maí í Póllandi en tvö efstu lið riðilsins komast á Ólympíuleikana í Peking. Hins vegar liggja svo fyrir tveir úrslitaleikir gegn Makedóníu í byrjun júní um laust sæti á Heimsmeistaramótinu í Króatíu í byrjun næsta árs. Það eru í raun áskoranir sem þessar sem lýsa Guðmundi hve best.

Handknattleiksforysta Íslands var búin að lenda í erfiðleikum með að finna nýjan þjálfara til þess að taka erfitt verkefni að sér og leitaði til Guðmundar og það var annaðhvort að hrökkva eða stökkva og hann valdi að stökkva. Kemur þar jafnframt fram fórnfýsi og einlægur áhugi hans og stuðningur við íslenskan handknattleik. Sumir vilja reyndar meina að HSÍ hafi verið að leita langt yfir skammt í þjálfaraleit sinni og að Guðmundur hafi í raun alltaf átt að vera augljós fyrsti kostur sem næsti landsliðþjálfari þegar Alfreð Gíslason hætti. Guðmundur náði einum besta árangri sem íslenska karlalandsliðið hefur náð þegar hann stýrði liðinu til fjórða sætis á Evrópumótinu í Svíþjóð árið 2002. Guðmundur var mikill keppnismaður sem leikmaður og það dró ekkert úr því þegar hann hélt áfram í handboltanum sem þjálfari. Hann gerir því jafnan miklar kröfur til sjálfs sín og annarra í kringum sig og það getur eflaust verið bæði kostur og ókostur. Í þjálfun ku hann ná einstaklega vel til leikmanna sinna og aðstoðarmanna sem læra það fljótt að hann er sigurvegari og þegar hann keppir þá þolir hann illa að tapa. Raunar hatar hann að tapa og er keppnismaður í einu og öllu. Keppnisskapíð einskorðast því ekki bara við íþróttir og Guðmundur er sagður nálgast langflesta hluti sem einhvers konar keppni eða markmið. Hann leggur sig alltaf 100% fram í öllu því sem hann tekur sér fyrir hendur og fer í öll verkefni, hvort sem um ræðir íþróttir, nám eða vinnu, til þess að ná hámarksárangri hverju sinni. Hann þykir til að mynda afbragðsgóður námsmaður og er sagður mjög drifandi og hjálpsamur á vinnustað sínum þar sem áður nefnt keppnisskap hans fær að njóta sín til hins ítrasta og kæruleysi fær ekkert plás í hans orðabók.

Einhverjir vildu meina að hann væri allt að því nískur og mikill peningamaður en aðrir fullyrtu að það ætti alls ekki við rök að styðjast þar sem hann væri í raun mjög aðhaldsamur maður sem færir í raun rólega í flesta hluti og færir enn fremur vel með þá, hvort sem um peninga, áfengi eða annað væri að ræða. Fyrir vikið hættir fólki til þess að telja hann alvörugefinn og hann kann að vera það upp að vissu marki við fólk sem hann þekkir ekki. Hann er að því leyti formfastur og hleypir ekki öllum að sér og heldur ákveðinni framkomu og hegðun við að hans mati tilheyrandi tilefni. Vinir hans þekkja hann aftur á móti sem gríðarlegan húmorista og einstaklega hressan mann. Hann er skemmtilegur í hóp og nær sér vel á strik innan um vini sína og er þá afslappaður. Guðmundur er enn fremur ekki hörundsár og kann vel að taka gríni frá vinum sínum sem hafa átt það til að skjóta á hann, þá helst vegna þess hve lágvaxinn hann er. Guðmundur hefur reyndar mátt þola það í gegnum tíðina að menn setji út á hæð hans og hefur aldrei látið það á sig fá og sýnt það og sannað að hann tvíeflist þegar á móti blæs og hefur reyndar heldur ekki verið smeykur að svara fyrir sig. Guðmundur hefur einnig fengið háðsglósur frá félögum sínum vegna klæðaburðar síns. En út frá tiskulegum sjónarhóli er Guðmundur mikill gallabuxnamaður og menn sem þekkja hann vel muna ekki eftir honum í öðru. Vinir hans þykjast jafnframt vita að honum líði illa að þurfa að klæðast öðruvísi buxum á núverandi vinnustað sínum hjá Kaupþingi. Guðmundur hefur alltaf verið mikill útivistarmaður og náttúruunnandi og hefur einstaklega gaman af því að leggja land undir fót og fara í veiðiferðir í góðum félagsskap. Þar má reyndar segja að sameinist einnig tvö einskær áhugamál hjá Guðmundi en það eru jeppar og fluguhnýting. Hann ku alltaf hafa lagt mikla áherslu á að eiga jeppa og alltaf heimtað að keyra þegar félagarnir lögðu land undir fót. Guðmundur mun reyndar enn lengur hafa verið áhugamaður um fluguhnýtingar og þykir sú iðn eiga einstaklega vel við hann þar sem eiginleikar eins og þolinmæði og nákvæmni eru undirstöðuatriði. Guðmundi leiðist heldur ekki að veiða á eigin flugur og þá helst ná að landa þeim stærsta og afla manna mest í sérhverri veiðiferð. Það verður óneitanlega fróðlegt að fylgjast með því hvernig Guðmundi vegnar í komandi verkefnum með íslenska landsliðið og vonandi að hann nái að nota

sína bestu eiginleika til þess að ná frábærum árangri með liðið eins og hann hefur áður gert.

GUÐMUNDUR ÞÓRÐUR GUÐMUNDSSON



ÆVIÁGRIP

Guðmundur Þórður Guðmundsson er fæddur 23. desember árið 1960 í Reykjavík og er sonur Guðmundar L. P. Guðmundssonar húsgagnsmiðs og Guðrúnar Þórðardóttur húsmóður. Guðmundur ólst upp í Reykjavík og gekk í Breiðagerðisskóla og Réttarholtsskóla áður en hann fór í Menntaskólann við Sund.

Guðmundur er í sambúð með Fjólu Ósland Hermannsdóttur og saman eiga þau þriggja mánaða stúlku sem er enn óskírð en Guðmundur á fyrir þrjá drengi, þá Hermann, Guðmund Lúðvík og Arnar Gunnar.

Guðmundur vinnur nú sem kerfisfræðingur hjá Kaupþingi og er að ljúka meistaranámi í alþjóðlegri bankastarfsemi og fjármálum frá Bifröst.

Guðmundur hóf að leika handbolta með meistaraflokki Víkings árið 1979, þar sem hann lék allan sinn feril, en var fyrst valinn í íslenska landsliðið árið 1980. Guðmundur lék 231 leik og skoraði 354 mörk á glæstum tíu ára ferli með liðinu sem lauk árið 1990. Guðmundur var þá strax farinn að huga að þjálfun og byrjaði sem spílandi þjálfari Víkings árið 1989. Guðmundur hefur verið viðloðandi þjálfan síðan þá og þjálfað Aftureldingu, Fram í tvígang og Þýska liðið Dormagen.

Guðmundur hóf að þjálfa íslenska landsliðið árið 2001 og til ársins 2004. Guðmundur var svo aðstoðarmaður Alfreðs Gíslasonar á árunum 2006-2007 og hann er því nú að starfa í þriðja skipti með landsliðinu eftir að hafa verið ráðinn landsliðsþjálfari á ný fyrir skömmu.

VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Guðmundur var gríðarlega sigursæll með Víkingi sem leikmaður og varð sex sinnum Íslandsmeistari og fimm sinnum bikarmeistari með liðinu. Guðmundur náði einstökum árangri sem fyrirliði liðsins á árunum 1983-1987 þegar hann lyfti Íslandsmeistarabikar eða bikarmeistarabikar fimm ár í röð og þar af vann liðið tvöfalt árið 1986. Guðmundur varð svo Íslandsmeistari sem þjálfari Fram árið 2006.

VISSIR ÞÚ AÐ...

Guðmundur þykir afbragðsgóð eftirherma og á það til að taka óaðfinnanlegan Ragnar Reykás þegar vel liggur á honum.



60 ára afmæli

Sextugur!!!
Sextugur í dag, 1. mars.

Pétur Gíslason

framkvæmdastjóri Stjórnufisks. Hann og Guðrún Bjarnadóttir eiginkona hans eru í brúðkaupsferð á Jamaica um þessar mundir.



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengda-faðir og afi,

Daði Guðjónsson,

Vitabraut 3, Hólmarvík,

lést Á heimili sínu þriðjudaginn 26. febrúar. Útförin fer fram frá Hólmarvíkurkirkju laugardaginn 8. mars kl. 14.00.

Kristín Lilja Gunnarsdóttir

Arnar Barði Daðason

Rakel Daðadóttir

Gunnar Trausti Daðason

Guðjón Ingi Daðason

Karen Daðadóttir

Kolbrún Unnarsdóttir

Matthías Þórðarson

Guðrún Margrét Jökulsdóttir

Puríður Sigurros Sigurðardóttir

Ivar Örn Ívarsson

og barnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Haldóra Óskarsdóttir

Frá Háabæ, Þykkvabæ,

lengst af búsett í Hjarðartúni 12, Ólafsvík,

verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 4. mars kl. 15.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Unnsteinn Tómasson

Guðmundur Tómasson

Ágústa Tómasdóttir

Óskar Tómasson

Sesselja Tómasdóttir

Þórhildur Tómasdóttir

Steinunn Tómasdóttir

Njörður Tómasson

Goði Tómasson

barnabörn og barnabarnabörn.

Ingibjörg Högnadóttir

Hjördis Harðardóttir

Tryggvi K. Eiríksson

Bárður H. Tryggvason

Próstur Leósson

Gunnhildur L. Marteinsdóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, bróðir og afi,

Ellert Eggertsson

Hraunbæ 90,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 22. febrúar, verður jarðsöngin frá Árbæjarkirkju mánudaginn 3. mars kl. 15.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Elín Halla Þórhallsdóttir

Rebekka Rós Ellertsdóttir

Eggert Ellertsson

Andri Þór Ellertsson

Sigríður Elisabet Sæmundsdóttir

Sæmundur Eggertsson

Eyþór Eggertsson

og afabörn.

Páll Jónsson

Anna Lilja Marteinsdóttir

Ingvaldur Ólóf

Björgvinsdóttir



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jóhannes Sólbjartur

Sigurbjörnsson

lést á hjúkrunarheimilinu Grund, Hringbraut 50, miðvikudaginn 27. febrúar.

Skúli Jóhannesson

Ágústa Jóhannsdóttir

barnabörn og fjölskyldur.

Anna Sigurðardóttir

Vilhjálmur Georgsson

GLEN MILLER TÓNLISTARMÁÐUR
FÆDDIST PENNAN DAG ÁRIÐ 1904

„Ég hef aldrei haft stórkostlega djasshljóm sveit og vil ekki vera í þannig bandi. Ég hef eingöngu áhuga á peningunum.“

Miller er sagður hafa farist í flugslysi á Ermarsundi ásamt eiginkonu sinni hinn 15. desember 1944. Lík hans er enn ófundið og segja vitni að hann hafi verið myrtur í París.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS: HEFUR LÍFSLAUPIÐ Á ÞRIÐJUDAG

Að vanda dýrmætt lífshlaupið

Næstkomandi þriðjudag verður formlega ræst til Lífshlaupsins, en það er nýtt hvatningar- og átakaverkefni á vegum Íróttta- og Ólympíusambands Íslands.

„Lífshlaupið er okkar svar við ítrekuðum óskum almennings um keppni í alhliða hreyfingu en síðastliðin fimm ár hefur vinnustaðakeppnin „Hjól- að í vinnuna“ notið mikilla vinsælda,“ segir Jóna Hildur Bjarnadóttir, sviðsstjóri almenningsíróttasviðs ÍSÍ.

„Þótt margir vinnustaðir séu farnir að gera virkilega vel við sína starfsmenn með hvers kyns heilsuátaki, er keppni sem þessi kærkomin leið til að vekja athygli á nauðsyn þess að hreyfa sig. Í Lífshlaupinu geta allir aldurshópar tekið þátt, en það mikilvægasta er að í keppnum sem þessum skapast mikil stemning og dýrmætur stuðningur vinnufélaga og samnemenda við að koma sér af stað,“ segir Jóna Hildur og vísar til lýðheilsurannsóknar frá árinu 2000.

„Þá sýndu niðurstöður að helmingur Íslendinga nær ekki 30 mínútna hreyfingu á dag, en það er sá tími sem nægir til að viðhalda líkamanum fyrir fullorðið fólk. Í hreyfiráðleggingum Lýðheilsustöðvar er börnum og unglíngum ráðlagt að hreyfa sig minnst 60 mínútur á dag og fullorðnum minnst 30 mínútur. Fyrir þá sem ekkert hreyfa sig er heljarinnar átak að takast á við 30 mínútna hreyfingu, en þessum tíma má vel dreifa yfir daginn í tvisvar sinnum korter eða þrisvar sinnum tíu mínútur,“ segir Jóna Hildur sem hvetur landsmenn til að skrá sig til þátttöku sem fyrst á vefsíðu Lífshlaupsins www.lifshlaupid.is.

„Þar gefst þátttakendum kostur á



LÍFSLAUPIÐ SKOÐAÐ Jóna Hildur Bjarnadóttir er sviðsstjóri almenningsíróttasviðs ÍSÍ sem á þriðjudag hleyfur formlega Lífshlaupi Íslendinga af stokkunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

að taka þátt í vinnustaðakeppni fyrir 16 ára og eldri; hvatningarleik fyrir grunnskóla fyrir 15 ára og yngri, og einstaklingskeppni þar sem hver og einn getur skráð niður alla hreyfingu árið um kring. Þeir sem skrá sig geta loks séð svart á hvítu hversu mikið þeir hreyfa sig, en bronzi má ná á sex vikum, silfri á þremur mánuðum og gulli á níu mánuðum,“ segir Jóna Hildur og leggur áherslu á að lífsstílsbreyting gerist ekki á einni nóttu heldur taki um níu vikur að bæta daglegri hreyfingu inn í lífsmunstur fólks.

„Það er mikilvægt að finna til löngunar til að hreyfa sig og finna þá hreyfingu sem hentar hverjum og

einum best. Öll hreyfing er af hinu góða því með auknu hreyfingarleysi eykst hætta á sykursýki, hjartasjúkdómum og öðru heilsutjóni,“ segir Jóna Hildur sem hlakkar til að fylgjast með framgangi Lífshlaups þjóðarinnar.

„Nafnið Lífshlaupið er táknrænt. Það merkir að skoða lífshlaup sitt; hvar maður er staddur í því, hvernig maður vill hafa það, hvað má bæta til hins betra og hvernig maður vill verja því á heilsusamlegan hátt. Lífshlaupið hefst fyrir alvöru 4. mars því heilsan er dýrmæt og lífshlaupið til þess fallið að vanda það þær stundir sem eftir eru.“

thordis@frettabladid.is



Minningarathöfn um konu mína, móður okkar, ömmu og langömmu,

Rannveigu Eiríksdóttir

Skerjavöllum 8, Kirkjubæjarklaustri,

fer fram í Selfoskirkju mánudaginn 3. mars kl. 13.30. Athöfn að Prestbakka verður auglýst síðar.

Einar Bárðarson, börn, barnabörn, og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ásta Sigríður Porkelsdóttir

áður til heimilis að Hringbraut 107,

er lést aðfaranótt 25. febrúar sl., verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 3. mars kl. 13.00. Blóm vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnst hennar er bent á Barnspítala Hringinsins.

Unnur Björgvinsdóttir

Björg Björgvinsdóttir

Steinunn Þórisdóttir

Björgvin Þórisson

ömmubörn og langömmubörn.

Valdimar Karlsson

Björn S. Jónsson

Helga Jónatansdóttir



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför

Gísli Brynjólfssonar

frá Þykkvabæjarklaustri, til heimilis að Árskógum 6, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fyrir hlýhug og góða umönnun starfsfólks á Dagvist Vitorgi, öldrunardeild Landakots og í Skógarbæ.

Þórána Brynjólfssdóttir, börn, tengdabörn og barnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Inga Jenný Guðjónsdóttir

Gullsmára 11, Kópavogi,

lést á Landakoti miðvikudaginn 27. febrúar. Útförin verður auglýst síðar.

Gyða Vigfúsdóttir

Gréta Vigfúsdóttir

Árni Guðjón Vigfússon

barnabörn og barnabarnabörn.

Knútur Birgisson

Guðmundur Birgisson

Hrönn Hallgrímsdóttir



RANDOM HILLAN VAR HÖNNUÐ AF NEULAND INDUSTRIEDSIGN FYRIR FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKIÐ MDF ITALIA. HILLAN SEM VAR HÖNNUÐ ÁRIÐ 2005 ER MARGVERÐLAUNUÐ OG HLAUT M.A. ELLE DECORATION INTERNATIONAL DESIGN AWARDS OG WALLPAPER DESIGN AWARDS ÁRIÐ 2006.

81,6 CM Á BREIDD, 216,3 CM Á HÆÐ OG 25 CM Á DÝPT.

HEIMILIÐ ER HEILAGT, ÞESS VEGNA SKIPTIR ÖLLU HVAÐ ÞAR ER INNANSTOKKS



Á kaffihúsinu sem **Te & kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. Opið frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 laugardaga.

Rofið, himnur og launkofar

Þrjár konur á sama reki festa tímann og leysa hann upp á stórri samsýningu Listasafns Íslands sem var opnuð í Listasafni Íslands um síðustu helgi. **Páll Baldvin Baldvinsson** tók hús á húsbændum í gamla íshúsinu við Fríkirkjuveg, milli Kvennaskólans og Fríkirkjunnar, og hitti þar gestkomandi listakonur.

Sýning á verkum þriggja kvenna þykir ekki til-
tökumál lengur í mynd-
listarheimi landsmanna.
Konur hafa á undanfórnum
áratugum sótt æ-
meira inn á svið myndlistar úr skjóli
hinna fornu mennta kvenna, hand-
föfum og á vissan hátt fært út landa-
mæri efnis og aðferða í sköpun
myndlistar þótt söguleg dæmi þekkt-
ist um karlmenn sem tóku textíl í
sína þjónustu: jafn ólíkir myndlist-
armenn og Muggur og Dieter Roth
unnu með mynstur í efni og saum.
Konurnar þrjár sem eiga verk á
samsýningu Listasafns Íslands sem
var opnuð fyrir réttari viku eru í
yngri kantinum, hafa allar skapað
sér gott orð og njóta viðurkenning-
ar heima og heiman: tvær þeirra
hafa verið fulltrúar þjóðar sinnar í
tvíværingnum í Feneyjum: Árið 2003
var Emmanuelle Antille fulltrúi
heimalands síns á 50. Tvíværingnum
í Feneyjum, með myndbandi sínu
Angels Camp, frá 2001-2003. Gabrí-
ela Friðriksdóttir var fulltrúi
Íslands á Tvíværingnum í Feneyjum
árið 2005 með verki sínu Versations
Tetralogia, sem vakti ómældu
athygli sökum sérstæðrar samþættingar
á myndmáli, tónlist og
sviðslist. Sú þriðja, Guðný Rósa
Ingimarsdóttir, hefur einnig notið
alþjóðlegrar athygli: Árið 2005 var
hún einn af fulltrúum Belgíu á sér-
sýningu í Madrid, á hinn þekktu
liststefnu ARCO. Þar kynntust gest-
ir hinum sérstæða heimi hennar,
sem birtist gjarnan þögull og nær-
færinn gegnum teikningar, sem
virðast spretta fram án upphafs og
endis.

Bergson snýr aftur

Samsýningin er tilraun safnstjór-
ans, Halldórs Björns Runólfssonar,
til að draga í dilk listamenn sem
komnir eru á alþjóðlegan vettvang,
spyrða saman í einn pakka einstaklinga
sem virðast eiga sameiginlega
þætti sem hann í þessari samsýningu,
með Hörpu Þórisdóttur list-
fræðingi og sýningarstýru, setur
undir tímarýni franska heimspekingsins
Henris Bergson sem var
áhrifamikill í hugmyndaróti áratuga
anna fyrir fyrri heimsstyrjöldina,
jafnvel hér á landi, en Guðmundur
Finnbogason, heimspekingur og
frumkvöðull um skipan fræðslu-
laganna fyrstu hér á landi, samdi
doktorsritgerð sína um Bergson.
Heimspeki Bergson hvarf í reynslu
ungra Evrópubúa í skotgröfum
fyrri stríðs í Evrópu. Sú heims-
mynd, sem speki og hugsun Bergson
spratt upp úr, varð að rústum í
vargöld vígvalla álfunnar: fyrsta
núttímastríði Evrópu með gifurlegu
mannfalli á fáum klukkustundum,
gasbeitingu og loftbardögum.
Heimspekin varð ekki söm eftir
það.



MYNDLIST Emmanuelle Antille hengir upp myndir sínar fyrir réttari viku á Listasafni Íslands. Ljósmyndir hennar af fólki í launkofa sínum eru undarlega persónulegar fyrir áhorfandanum.

Í launkofa

Grundvöllur sýningarinnar er því
sóttur í heimspeki sem varð úrelt,
en hefur síðan komið fram á nýjan
leik. Verk kvennanna þriggja koma
nýjum augum fyrir sjónir sem
ósamstæð: Antille hefur fyrir löngu
áunnið sér frægð fyrir áleitinn verk
sín af nánasta umhverfi þar sem
samspil fjölskyldu og vina tekur á
sig sérstæðan svip. Myndefnið er
sótt í launkofa unglinga, fjölskyldu,
vina sem hún staðsetur í úthverfi
borga Evrópu: blokkahverfi, hjóla-
brettabogi, yfirgefnar íbúðir. Hún
ráðvillta æska meginlandsins er
henni hugstæð, ekki í uppreisn,
heldur þögull og tómri veröld,
einkaheimi gengisins sem finnst
líka í hinum ríku löndum fjallaríkja
álfunnar, Sviss og Austurríki. Hún
sýnir á Fríkirkjuveginum teikningar
og þar finnur áhorfandinn snertiflöt
hennar og Gabríelu. Í ljósmynd-
um sínum rekur hana á svipuð mið
og sjá má í mörgum mynda bandarísku
ljósmyndaranna Sally Mann
og Nan Goldin sem báðar nota sína
nánustu sem myndefni.

Fæddar á fárra ára bili

„Þessar þrjár konur eru á svipuðum
aldri,“ segir Halldór Björn, „Guðný
Rósa er fædd 1969, Antille 1972 og
Gabríela 1971.“ Hann viðurkennir
að tækni þeirra sé um margt ólík.
Því að stilla þeim saman? „Bergson
sagði manninn upplifa tilveruna
takmarkað í gegnum rýmið. Þó
skiptir rýmið hann öllu máli í vöku.
Hann getur ekki látið sem rýmið sé
ekki til. Rýmið skilyrðir manninn
og hann getur aldrei gleymt því.
Tíminn er allt annað hugtak. Mað-
urinn lifir í tíma og gleymir sér í
tíma. Það er í tímanum sem við
erum skapandi. Við klippum sitt á
hvað, stökkvum fram og til baka,
fram og aftur og til hliðar, sitt á
hvað, ótt og títt. Förum inn í okkur á
vit drauma og endurminninga,
væntinga og vona, áreita og innra
lífs. Og þetta gerum við með eld-
ings hraða. Við getum skotið okkur
til fyrri tíma eins og ekkert sé. Þessi
kenning er að koma fram um leið og
kvikmyndin verður til. Bergson
segir það streymið – La Duree –
sem ákvarðar persónuleika okkar.“

Himnur og hraun

„Guðný Rósa vísaði mér veginn að
þessari sýningu með þessari sein-
virku tækni sinni, þrjóni og hekli,
sem síðar verður að teikningu sem
er samt enn þá þrjón. Nú er hún
búin að taka skurðarhnífinn í þjón-
ustu sína og sker úr netum sínum.“
Ég nefni við hann að verk Guðnýjar
séu einhvers konar himnur sem
rofni og hafa nánast líkamlega skír-
skotun, sem safnstjórnin samsinnir.
En hvernig rímar það við hinar
tvær?

Halldór segist hafa séð ný mynd-



MYNDLIST Gabríela Friðriksdóttir innan um sín furðudýr á sýningunni Streymi í Listasafni Íslands.

MYND/FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

bönd Gabríelu hjá Eddu Jónsdóttur
í Gallerí 18, en þau eru áframhald á
þeim verkum sem Gabríela sýndi í
Feneyjum, unnin af sama hóp. Halldór
segir hana enn leita aftur í tím-
ann til hinna myrku miðalda, hún sé
komin í nánd við Bosch og Bruegel í
sköpun myndheims: „Hún segir
mér að horfa ekki á yfirborðið heldur
líta á rofin sem verða á hennar
himnum bæði í málverkum sínum,
skúlptúrum og myndbandsverkum,“
segir Halldór. Hún er líka að
vinna í streymi tímans: „Það er
hraunið, það er skinnið, það eru
hrúður á himnu okkar innri
manns.“

Úr fornu virki

Það eru fjölbreytileg verk sem
Gabríela sýnir hér að þessu sinni:
myndbönd, málverk, teikningar og
skúlptúrar. „Þetta safn hefur þann
möguleika að þú getur verið hér
með ólíkar sýningar: þú getur verið
með satanista í þessum sal og ein-
hvern úr krossinum hérna á móti,“
segir Gabríela sem situr innan um
verk sín með laptopp í fanginu og
vinnur meðan aðstoðarkona hennar
er á þönum í kring: „Þannig er þetta
safn gott til samsýninga, hver getur
verið í sínu mengi,“ segir hún. Það
er mikið að gera hjá Gabríelu og
hún viðurkennir að það sé gaman að
lifa og hafa nóg að sýsla. Hún er
enda komin á það ról að verk hennar
eru á faraldsfæti og fara víða. Hún
er komin heim eftir langa dvöl
í Belgíu í sögufrægum kastala sem
hún viðurkennir að hafi haft rík
áhrif á sköpun hennar: „Það var
risastór garður og síki og það var
eitthvað svo íspírérandi að vinna
þarna.“

Myndböndin sem hún sýnir nú
eru tvö, frá 2006 og 2007. Hún vinnur
alltaf með sama hópnum, annað
vídeíð fjallar um þann hóp sem
hún vinnur með. Hún segir þennan
hóp telja tólf og segir myndböndin
vera afar mikilvæg: þau hreyfist í
tíma meðan allt hitt standi kjurt:
þau verk taka sér tíma í huga áhorf-
andans. „Ég er hrifin af streymi, ég
er hrifin af öllu sem lekur og hreyfist.
Og það tengist tónlistinni.“ Hún

er meira heilluð af hljóð-
inu en textanum. „Tungu-
málið stelar, það er svo
sterkt. Það er svo skýrt
og frekt og tekur í burtu
svo mikið.“ Verkin sem
hún sýnir nú eru öll orðin
til eftir hið annasama ár
þegar Feneyjasýningin
var undirbúin.

Gabríela segir skúlpt-
úrana og teikningar vera
skissur, þreifingar á
formum og efnum sem
mynda kjarna að sögu-
þræði eða mynd. Hún
safnar saman í kjarna
sem verður síðan að
myndbandsverki: „Ég
leggst ekki á bekk og
hugsa.“ Þetta verður allt
til í ferlinu, í þreifingum
við þau efni sem hún
notar svo í myndbands-
verkunum. Gabríela segist
alltaf vinna í málverk.
Hér safnar hún öllum gerðum verka
saman, en víða segir hún sýningar
sínar um þessar mundir hreinni:
bara málverk, eða bara teikningar
eða bara myndbönd. Hú er mikið
bókuð og heldur sambandi við tvö
gallerí á meginlandinu sem dreifa
verkum hennar. Hún er bókuð langt
fram í tímann: sýning er í undirbú-
ningi í Sviss og þátttaka í sýningu í
leikhúsi þar: „Ég fer ekki á helm-
inginn af þessum sýningum,“ segir
hún. Galleríin senda verkin um allt.

Virki á miðju meginlandi

Höfuðvígi Antille er í fjallendum
Evrópu. Hún sýnir mest þar enda
fædd í Sviss og býr í Lusanne.
Verk hennar í myndböndum snúast
líka um streymi tímans, sjónarhorni
er vikið til í tvískiptum verkum. Við
sjáum sama atvikið frá tveimur
sjónarhornum og tímanum er hnik-
að lítillega til, hver nýr staður skap-
ar nýtt sjónarhorn, nýjan tíma, nýja
upplifun. Antille hefur lýst áhuga á
kvikmyndinni sem formi, hún vill
taka verslunarvörur, kvikmynd-
ina og snúa henni á haus. Allir staðir
eiga sögu og gefa hana frá sér
þegar nýtt auga lítur atburðinn

”

Tungumál-
ið stelar,
það er svo
sterkt. Það
er svo skýrt
og frekt og
tekur í burtu
svo mikið.

augum. Sköpunin er
áhorfandans, nýtt og frítt
spil.

Ekki er vafamál að hún
er þekktust þeirra
þriggja og tilraun Hall-
dórs að kalla til þekktan
og virtan erlendan lista-
mann og stilla honum við
hlið innlendra krafta er
ekki síst byggð á full-
veldi íslenskra myndlist-
armanna um þessar
mundir.

Kynning í dag

Sýningin Streymið er til-
raun til að leiða saman
hesta tveggja frábærra,
íslenskra listamanna og
eins erlendis, og brjóta
með því upp þá algengu
lensku að sýnendur séu
annaðhvort innlendir eða
erlendir. Með því telur
Listasafn Íslands að best

verði komið til móts listmenningu,
sem í senn er staðbundin og alþjóð-
leg og virðir engin hugarfarsleg
höft en telur sig eiga heima hvar
sem er og hvenær sem er án tillits
til uppruna. Inntak sýningarinnar
undirstrikar svo ekki verður um
villst að streymi tímans, sem
franski heimspekingurinn Henri
Bergson skilgreindi sem grundvöll
frelsis og mótnar hvers manns, er
sammannlegt fyrirbæri, sem ekki
virðir nein landamæri. Streymið
stendur fram til fimmtudagsins 1.
maí. Á morgun kl. 14 er leiðsögn um
sýninguna: Margrét Elísabet Ólafsdóttir
fagurfræðingur nalgast verk
listakvennanna þriggja út frá
vangaveltum Halldórs Björns um
tímann. Spurt verður hvernig hægt
sé að fjalla um tíma í myndlist,
hvort hann birtist okkur á áþreifan-
legan, sjónrænan hátt eða hvort við
getum aðeins skynjað hann í gegn-
um verkin. Þar sem verkin á sýn-
ingunni eru af ýmsum toga, s.s. ljós-
myndir, teikningar, málverk og
myndbönd, er hægt að velja því
fyrir sér hvort og þá hvernig ólíkir
miðlar hafa áhrif á tímatengda upp-
lifun sýningargesta.

www.citroen.is



Stýrðu nýjstu tískunni frá París

C4 Picasso



Frakkar eru bestir. Erfitt að viðurkenna það. Eru erfiðir. Eins og við. Þannig er flott fólk. Voða, voða sérstakt. Þannig er líka allt sem kemur frá því, mjög sérstakt; maturinn, fötin, ilmvatnið, skapið, bílamir. Frakkarnir eiga orðið nýtt. Þeir stýra hátískunni. Nú geta Íslendingar einnig stýrt nýjstu hátískunni eins og Frakkar: reynsluaktu nýja Citroën C4 Picasso Comfort í dag og þú hefur fulla stjórn á hátískunni frá París.

Stýrðu nýjstu hátískunni frá París. Veldu franskan munað. Kaupu Citroën C4 Picasso Comfort í dag.

Komdu í Brimborg í dag. Sjáðu það nýjasta frá París.



Veldu sjálfskiptan Citroën C4 Picasso Comfort frá 2.980.000 kr*.



Picasso hefur 5 stjörnur
úr öryggispröfun Euro NCAP



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

Öruggur staður til að vera á

*Citroën C4 Picasso Comfort. Verð 2.980.000 kr. 2,0l 143 hó 200 Nm, 6 þrepa sjálfskipting 5 dýra. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukri er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru áföngur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

”

„Fasteignasölur hafa sprottið upp í góðærinu eins og margt annað. Þær eru ansi margar og það er viðbúið að þeim fækki ef ástandið verður áfram eins og það er.



NÝBYGGINGAR Í ÚLFARSFELLI Miklar nýbyggingar í því árfæri sem nú er á fasteignamarkaðnum geta leitt til þess að verð falli. Þá getur framboðið af húsnæði orðið mikið á meðan eftirspurnin helst áfram lítil, meðal annars vegna bágra lánskjara og óróa á fjármálamörkuðum. Eins og sést á þessari mynd sem tekin er í Úlfarsfelli er víða gróska í nýframkvæmdum þrátt fyrir að blikur séu á lofti á fasteignamarkaðnum.

Ballið búið

Fasteignamarkaðurinn er ekki eins líflegur nú og undanfarin ár. Mun minni viðskipti eru með fasteignir en áður. Gríðarlega hár lána-kostnaður og erfitt aðgengi að lausafé vegna óróa á fjármálamörkuðum hafa kælt niður markaðinn. *Magnús Halldórsson* kynnti sér ástand á fasteignamarkaðnum og leitaði viðbragða hjá fólki sem hefur innsýn á markaðinn.

Fasteignamarkaðurinn er að kólna eftir gróskumikið tímabil. Verð á fasteignum hefur hækkað mikið á undanförunum árum, einkum frá því árið 2004 eftir innreið bankanna á húsnæðislánamarkað, en nú eru blikur á lofti. „Ballið er búið,” sagði fasteignasali í samtali við blaðamann á dögunum og var mikið niðri fyrir.

Í samræmi við aukin umsvif og lífleg viðskipti hefur faseignasölum fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár. Um 260 manns hafa atvinnu af því að selja fasteignir, samkvæmt upplýsingum frá Félagi fasteignasala. „Fasteignasölur hafa sprottið upp í góðærinu eins og margt annað. Þær eru ansi margar og það er viðbúið að þeim fækki ef ástandið verður áfram eins og það er,” sagði Jón Grétar Jónsson, framkvæmdastjóri Húsakaupa, í viðtali við Fréttablaðið í vikunni.

Veltan minni

Síðan alþjóðlegur óróleiki á fjármálamörkuðum gerði vart við sig, á haustmánuðum í fyrra, hefur veltan á fasteignamarkaði minnkað mikið. Aðgengi að lánsfé er erfiðara fyrir vikið auk þess sem gríðarlega háir vextir á húsnæðislánnum stuðla að minni umsvifum á fasteignamarkaðnum. Meðalvextir á hefðbundnum verðtryggðum húsnæðislánnum hjá bönknum eru 6,35 prósent en hjá Íbúðalánasjóði eru vextir á


almennum lánnum 5,75 prósent. Til samannburðar má nefna að algengir vextir á húsnæðislánnum á Norðurlöndunum eru þrjú til fjögur prósent. Til viðbótar bætist svo verðbólga sem stjórnvöldum hefur ekki tekist að hemja, þrátt fyrir að stýrivextir Seðlabanka Íslands séu með þeim hæstu í heimi, 13,75 prósent. Verulega hefur færst í vöxt að kaupendur íbúða taki sér lán í erlendri mynt og borgi þannig lægri vexti, en með innbyggðri gengisáhættu.

Vandi gæti skapast

Fari svo að fasteignamarkaðurinn snöggkólni, eins og margt bendir til, getur verð fallið hratt. Hér á landi hefur sú venja skapast að fólk geri skuldbindandi samninga um kaup á húsnæði án þess að vera búið að sölu tryggja íbúð sína. Þetta getur leitt til þess að fólk verður tilneytt til þess að selja eignir sínar á undirverði, sem þá getur stuðlað að lækkandi markaðsverði haldist núverandi markaðsaðstæður áfram. „Þetta er eitt af því sem getur gerst,” segir Grétar Jónsson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala.

Hér á landi búa nú tæplega tuttugu þúsund manns sem eru af erlendu bergi brotin. Frá því um mitt ár 2006 hefur útlendingum fjölgað mikið. Margir þeirra hafa keypt sér íbúðir og haft áhrif á það að veltan á fasteignamarkaðnum hefur haldist mikil lengi. Fari svo að samdráttur verði í efnahagslífi-

Útlán bankanna og Íbúðalánasjóðs frá janúar 2007 til janúar 2008



MARGFALT MEIRI ÚTLÁN ÍBÚÐALÁNASJÓÐS

„Þetta gefur ákveðna vísbendingu um að það þurfi að breyta hlutverki Íbúðalánasjóðs,” segir Illugi Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, um þá staðreynd að íbúðalánasjóður lánaði fyrir 4,5 milljarða í janúar á þessu ári en bankarnir 850 milljónir.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu eru útlán bankanna vegna íbúðakaupa í sögulegu lágmarki en það hefur haft umtalsverð áhrif á fasteignamarkaðinn. Veltan á markaðnum var 3,7 milljarðar á síðustu viku en var 5,6 milljarðar á sama tíma í fyrra. Vikurnar á eftir stigmagnaðist veltan. Eins og horfur eru nú er ólíklegt að það gerist í þetta skiptið, þar sem aðgengi að lánsfé er miklu takmarkaðra en það hefur verið undanfarin ár, bæði hér á landi og erlendis.

Illugi segir það nú vera verkefni stjórnvalda að koma starfsemi Íbúðalánasjóðs í annan farveg en nú er. „Ég geri ekki lítið úr félagslegu hlutverki Íbúðalánasjóðs. Ég tel hins vegar að það sé hægt að sinna því hlutverki

með öðrum hætti en nú er gert. Íbúðalánasjóður vinnur gegn Seðlabankanum þar sem hann heldur vöxtum niðri en Seðlabankinn reynir að halda þeim háum til þess að hemja verðbólgu. Þetta er óskynsamlegt,” segir Illugi. „Þeir sem þurfa á aðstoð að halda eiga að geta fengið hana með öðrum leiðum en þeim að fá niðurgreidd lán frá Íbúðalánasjóði.”

Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs, segist ekki vilja tjá sig um hvernig breytingum á sjóðnum verður háttað ef til þeirra kemur. „Stjórnvöld verða að svara fyrir allar breytingar á sjóðnum. Ég lít hins vegar svo á að það verði að gæta að því grundvallarhlutverki að allir hafi jafnan rétt og jafnan aðgang að lánnum til íbúðakaupa. Það er hlutverk þessa kerfis sem er orðið meira en fimmtíu ára gamalt og hefur verið þverpólitísk sátt um til þessa,” segir Guðmundur.

Ekki náðist í Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra við vinnslu fréttarinnar.

inu, eins og margir spá, þá gæti komið til þess að útlendingarnir seldu eignir sínar og flyttu úr landi. „Ef til þessa kemur þá gætu áhrifin á markaðinn orðið mun meiri en margir gera sér grein fyrir. Ástæðan er sú að við vitum ekki alfarið hvernig það fólk sem hingað hefur komið hagar sér á markaðnum, það er hvaða verð það sættir sig við að selja á og svo framvegis. Þetta getur haft töluverð áhrif ef það kemur til mikilla flutninga frá landinu,” segir Grétar.


Í Danmörku, helst þó á Kaupmannahafnararsvæðinu, hefur húsnæði lækkað mikið í verði á undanförunum ári. Á vissum svæðum hefur það fallið um þrjátíu prósent en heilt yfir í kringum 20 til 25 prósent. Lækkunin er einkum tilkomin vegna mikilla nýbygginga á sama tíma og eftirspurn jókst ekki í sama hlutfalli. Einnig hafði það áhrif að útlendingar fluttu í stórum stíl á vissum svæðum og seldust íbúðir þeirra á nokkru

undirverði. Þetta hafði áhrif á verðið til lækkunar þó ekki hafi þetta ráðið úrslitum.

Stimpilgjöld afnumin

„Stjórnvöld hafa boðað það að stimpilgjöld verði afnumin af kaupum á fyrstu íbúð. Það eru góðar fréttir en óvissan um hvenær það gerist er skadleg,” segir Grétar. „Það liggur í augum uppi að fólk sem er að fara að kaupa sína fyrstu íbúð kaupir hana ekki ef það veit að það getur fengið hundruð þúsunda afslátt innan skamms. En hvenær kemur hann?”

Stjórnvöld hafa enn ekki gefið upp hvernær stimpilgjöld verða afnumin. Veltan á markaðnum er minni fyrir vikið, segja greinendur og fasteignasalar. Ólíklegt er að þetta hafi úrslitaáhrif á veltu á markaðnum til framtíðar lítið. Óvissan er þó til þess fallin að gera greiningu á markaðsaðstæðum erfiðari.



MAX

RAFTÆKI

Velkomin í Holtagarða og Kaupþún

Ótrúlega flottur
hljóð- og mynd
spilari með
Íslensku viðmóti



SanDisk VIEW8GB

8GB Sansa View MP3 spilari • 2.4" LCD litaskjár (320x240) • Spilar MP3, WMA, AAC, WAV og Audible • FM útvarp • Sýnir ljósmyndir og kvikmyndir • Með hleðslurafhliðu • Allt að 35 tímar í tónlist og 7 í kvikmyndir • microSDHC kortalesari • Innbyggður diktafónn ofl.

19.989 kr.

Fullt verð ~~24.999~~

Sparaðu
5.010

8GB MP3

Philips heimabíósett



Panasonic SCPT150

330w heimabíókerfi • fjölkerfa DVD spilari • 12bit/108MHz Video DAC • Progressive scan • 5 hátalarar og bassabox • SDolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II • FM útvarp með stöðvam. • Hljóttengi (RCA) • USB • SCART • Fjarstýring

24.989 kr.

Fullt verð ~~29.999~~

Sparaðu
5.010

Dúndur TILBOÐ



7.2 milljón punkta

Casio EXZ75

Stafræn myndavél • 7.2 milljón punkta upplausn • BESTSHOT sem einfaldar myndatöku við öll skilyrði • Antishake DSP hristivörn

14.989 kr.

Fullt verð ~~19.999~~

Sparaðu
5.010

**Dæmið er einfalt
- Hlutirnir eru
ódyrari í Max!**



59.989 kr.

Fullt verð ~~69.999~~

26 tommur

Sparaðu
10.010

United LTV26W42

26" LCD breiðtjald • 1366x768 punkta upplausn • Progressive Scan • HD Ready • 30w Nicam Stereó hljóð • 3 Scart • HDMI • Component • SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • textavarp ofl.

Opnunartími

Mánudaga kl. 11-19
Þriðjudaga kl. 11-19
Miðvikudaga kl. 11-19

Fimmtudaga kl. 11-22
Föstudaga kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18



Fim

MAX / Kaupþúni 1 Garðabæ og
Holtagarðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hlíðina á BÓNUS

MAX

RAFTÆKI

6.989 kr.

Fullt verð ~~9.999~~

Sparaðu
3.010



Ryksuga

Kenwood VC1807
1800w ryksuga • 2
fylgihlutir • Silfurlit

Stafræn myndavél

Högg- og vatnsheld



Olympus MJU790SWBL

Digital myndavél • 7.1 milljónir punkta upplausn • Vatnsheld að 3m dýpi • Höggheld upp í 1.5m hæð • 3x Optical Zoom og 5x Digital Zoom • Linsa: 6.7 - 20.1mm (35mm samb.: 38 - 114mm) • 2.5" LCD Skjár (230.000 pixlar) • Frábær við öll birtuskilyrði • Hreyfimyndata með hljóði • USB • 14.7MB innbyggt minni • Tekur xD kort ofl.

29.989 kr.

Ferðablásari

Philips HP4819
1400w ferðahárblásari



2.989 kr.



Remington D3019

1800W ferðahárblásari • Tveggja hita - tveir hraðar
• Spenna - 120/230-240V • Takki fyrir kalt loft •
Hitadreifari fyrir sitt hár
• Klær fyrir EUR/UK, EUR/USA

Ferðablásari

3.489 kr.

Fullt verð ~~4.989~~

Gjafasett

Sléttujárn



Remington S2005

Sléttujárn • Stíllanlegur hiti upp í 230°C •
Tilbúð til notkunnar á 60 sek. • Keramik
plötur til tryggja öfluga og jafna hitadreifingu

4.989 kr.

Fullt verð ~~5.989~~

Gjafasett

Dæmið er einfalt - hlutirnir eru ódýrari í Max



Eldavél með steiptum hellum

Beko CS86002
60sm eldavél • Án blásturs •
steypar 60sm hellur • 61 lítra ofn
• 2 hellur með hraðsuðu • 2x18sm
hellur, 1x15cm hella og 1x14,5cm
hella • Yfir- og undirhiti • Grill • Mál
(hxbxd): 85-92x60x60sm

Sparaðu
6.000

34.989 kr.

Fullt verð ~~39.989~~

Kæliskápur Kombi 241l

Beko CSE24020
3. herbergja glæsileg íbúð.Stærð: 86,2 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2004
Brunabótamat: 15.100.000
Bílskúr: Nei**RE/MAX**
Esja

Verð: 23.900.000

Viljum börnunum okkar aðeins það besta. Vellirir, kaupstaður á stórhöfuðborgarsvæðinu, með öllu fyrir börnin, stutt í íþróttir, sund, skóla, leikskóla og bráðum kirkju. Allt í göngufæri fyrir börnin, engar umferðaræðar sem þarf að fara yfir. Allt á sama stað. Verslunargata með fjölmörgum búðum í bæjarlistamánum. Skemmtileg útvistarsvæði og falleg náttúra. Það er gott að eiga heima á Völlum.

Samúel Ingi
Sölufulltrúi
8970948
samuel@remax.isPörbjörn Pálsson
Lögg. fasteignasali
tp@remax.is

RE/MAX Esja - Laugavegur 170 - 105 Reykjavík - Sími: 4144600 - www.remax.is

VANTAR ÞIG MÁLARA?

Reyndir menn - klárir til vinnu!

Sverrir@Proventus.is

Hringdu núna S. 661-7000

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið

Þarftu að leigja?**Rentus**
LEIGUMIDLUNHringdu í
síma 440 6100
eða skoðuðu
rentus.is

TILKYNNINGAR

Frá Orlofsnefnd húsmæðra í ReykjavíkKynningarfundur á ferðum sumarsins verður haldinn
í Víkingasal Hótel Loftleiða mánudaginn 3. mars nk.
kl. 20:00.**Orlofsferðir sumarið 2008 :**

| | |
|-------------------|----------------------|
| Hólar í Hjaltadal | 16. - 20. júní |
| Austurland | 18. - 21. júní. |
| Vesturland | 23.- 27. júní. |
| Danmörk | 6. - 12. júní. |
| Alþarnir | 15. - 22. júní. |
| Skotland | 26. júní. - 1. júlí. |

Í lögum um orlof húsmæðra segir svo:

" Sérhver kona, sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu
án launagreiðslu fyrir það starf, á rétt á að sækja um orlof "

Stjórnin

Sveitarfélagið
ÁLFTANES

Bæjarlistamaður Álftaness árið 2008Menningar- og ferðamálanefnd Álftaness auglýsir hér
með eftir umsóknum frá listamönnum búsettum á
Álftanesi um nafnbótina Bæjarlistamaður Álftaness árið
2008.

Nefndin tilkynnir um niðurstöðu sína um Bæjarlistamann ársins við
17. júní hátíðarhöld á Álftanesi. Nafnbótinni fylgir 700.000 kr. starfs-
tyrkur. Væntanlegir umsækjendur eru beðnir um að haga umsóknum í
samræmi við reglur um bæjarlistamann sem liggja frammi á skrifstofu
sveitarfélagsins á Bjarnastöðum og á heimasíðu sveitarfélagsins www.
alftanes.is. undir hlekknum samþykktir.

Umsóknum skal skila í lokuðu umslagi á skrifstofu sveitarfélagsins,
Bjarnastöðum merktum: "Bæjarlistamaður 2008" fyrir 1. apríl nk.

Menningar- og ferðamálanefnd Álftaness

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Vantar hársnyrtifólk**XTRA**
hárXtra hár leitar að vönu starfsfólki í fullt eða hlutastarf vegna stækkunar stofunnar,
einnig er möguleiki á stólaleigu.

Xtra hár er á einum besta staðnum í bænum þar sem næg bílastæði eru og aðgengi gott.

Áhugasamir hafi samband við Maríu í síma 893-0400.

STYRKIR



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Styrkir úr Æskulýðssjóði

Æskulýðssjóður starfar samkvæmt æskulýðslögum nr. 70/2007 og reglum um
Æskulýðssjóð nr. 60/2008.

Næsti umsóknarfrestur í Æskulýðssjóð er 1. apríl 2008.

Hlutverk Æskulýðssjóðs er að styrkja eftirtalin verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka:

1. Sérstök verkefni sem unnin eru fyrir börn og ungmenni og/eða með virkri þátttöku þeirra.
2. Þjálfun forustufólks, leiðbeinenda og sjálfbóðaliða.
3. Nýjungar og þróunarverkefni.
4. Samstarfsverkefni æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

Hvorki er heimilt að styrkja árvissa eða fasta viðburði í félagsstarfi, svo sem þing, mót eða þess háttar
viðburði, né ferðir hópa.Menntamálaráðherra úthlutar styrkjum úr Æskulýðssjóði að fengnum tillögum stjórnar Æskulýðs-
sjóðs.Umsóknarfrestur í Æskulýðssjóð er fjórum sinnum á ári, **1. febrúar, 1. apríl, 1. september og
1. nóvember** og er umsóknarfrestur auglýstur hverju sinni.

Í umsókn til Æskulýðssjóðs skulu koma fram upplýsingar um:

- nafn æskulýðsfélags eða æskulýðssamtaka
- nafn og heimilisfang umsækjanda
- heiti, lýsing og markmið verkefnis, ásamt kostnaðar- og tímaáætlun
- áætlaðan fjölda þátttakenda
- samstarfsaðila eftir því sem við á
- kennitölu og númer bankareiknings er styrkurinn á að leggjast inn á ef viðkomandi hefur fengið
úthlutað styrk.

Vakin er sérstök athygli á að umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á umsóknavef
Stjórnarráðsins á vefslóðinni <http://umsoknir.stjr.is>. Aðgangur er veittur á kennitölu umsækjanda
(ekki kennitölu æskulýðsfélags eða æskulýðssamtaka) og verður lykilorð sent viðkomandi á netfang
sem hann gefur upp við nýskráningu. Lykilorðinu má breyta eftir innskráningu með því að opna
Mínar stillingar.

Umsækjendur skrá sig inn með kennitölu og lykilorði og velja menntamálaráðuneytið undir flípanum
Umsóknir. Þar er umsóknareyðublað fyrir Æskulýðssjóð. Svæði merkt rauðri stjörnu verður að fylla út.
Umsækjendur geta fylgst með afgreiðslu umsókna sinna með því skrá sig inn á umsóknavefinn.

Nánari upplýsingar um Æskulýðssjóð veitir Ásta Ingólfsdóttir í síma 545 9500 eða í tölvupósti á
asta.ingolfsdottir@mrn.stjr.is.


Menntamálaráðuneyti, 27. febrúar 2008.
menntamalaraduneyti.is

USB heyrnartól

Logitech Vantage PS3 / PS2

Pægileg og létt usb tengd heyrnartól með hjóðnema • Noise-cancellation tækni svo aðrir heyri skýrt í þér þrátt fyrir bakgrunns hávaða • 3 mismunandi gerðir eyrnapúða fylgja

4.989 kr.



Philips fyrir iPod



Philips MCM138D

Glæsileg Mikró samstæða • iPod vagma fylgir til að hulsta og hlaða spilarann • FM útvarp með stöðvaminnum • Geistaspilari með MP3/WMA afspilun • Spilar CD og CD-R/RW • Klukka og vekjari • Digital Sound Control og Dynamic Bass Boost • Fjarstýring • (Ath. iPod spilari fylgir ekki)

Frábærar fermingargjafir

19.989 kr.



Heimabíó

Samsung HTX20

600w heimabíósett • Fjölkerfa DVD DivX spilari • 5 hátalarar • Bassabox • FM útvarp • Dolby Pro Logic II • Dolby Digital • DTS • Surround • Tónjafnari • USB • SCART • Component vídeó útg. • Composite vídeó útg. • Audio inng. ofl.

29.989 kr.

Fullt verð ~~34.999~~

Sparaðu **5.010**



HD flakkari

Trix M-6500A

HD margmiðlunarspilari • Tekur Sata II diska • Stafrænn skjár • Stýður allar helstu skrár • 1080P fyrir full HD gæði • HDMI 1.3 • USB / Lan tengi f. tölvur

44.989 kr.



HD margmiðlunarspilari

Logitech Squeezebox

Stafrænt kerfi fyrir afspilun tónlistar á heimilum • Tengist innanhúsneti og/eða internetinu • Spilar tónlist beint af tölvu, internetinu eða úr útvarp af internetið • Má nettengja bæði með snúru og þráðlaust • 24-bit DAC fyrir hámarksgeði

36.989 kr.

24" tölvuskjár



49.989 kr.

Fullt verð ~~59.989~~

24 tommur

Samsung Syncmaster 245BW

24" tölvuskjár • 1920 x 1200 punkta upplausn • 5 ms svartími • 1000:1 skerpa • VGA & DVI tengi



2 myndir **FYLGJA**

HD DVD spilari



Toshiba HDEP30

HD DVD spilari • 1080P upplausn • Spilar HD DVD og DVD • Spilar DVD í HD upplausn • Dolby True HD • DTS-HD • HDMI tengi

14.989 kr.

Innbyggður 160GB harður diskur



199.989 kr.

Fullt verð ~~229.999~~

42 tommur

Sparaðu **10.010**

LG 42LT75 160GB með hörðum disk

42" LCD breiðtjald • 160GB harður diskur (57 kst. hágæða uppt. úr sjónv. - 86 kst. venjul.) • HD Ready • Upplausn: 1366 x 768 • XD Engine • Skerpa: 8.000:1 • XCC skerpir útlínur • Selective Colour Control litir • Dimple Speaker hátalarar • Surround Max og Dolby Digital • 1080p tengi fyrir Blu-Ray og HD-DVD • 2 digital móttakarar • 2 HDMI



99.989 kr.

Fullt verð ~~109.999~~

32 tommur

Sparaðu **10.010**

Samsung L32S62

LCD breiðtjald • Upplausn: 1366 x 768 • Svartími: 8 ms • Contrast: 3000:1 (dynamic) • Birta: 400 cd/m2 • Mynd-í-mynd (1 tuner) • HDMI x 1 • Component x 1 • SCART x 2 • AV • S-Video

Opnunartími

Mánudaga kl. 11-19
Þriðjudaga kl. 11-19
Miðvikudaga kl. 11-19

Fimmtudaga kl. 11-22
Föstudaga kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18



MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS



MAX

RAFTÆKI


DVD verðhrun!

1.989 kr.

stk.



Þrjár úrvals kvikmyndir á hverjum DVD



Dúndur TILBOÐ



1.989 kr. stk.

Fimm góðar á hverjum DVD



1.989 kr. stk.

Seríur og safndiskar

MAX

RAFTÆKI

Það er sérhverjum manni hollt að njóta afþreyingar

Tilboðin gilda til 05. 03. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Kraftaverk úr Krýsuvík

Anders Graff var við dauðans dyr þegar hann kom til Íslands fyrir þremur árum svo illa farinn af drykkju að hann gat varla gengið, líkaminn allveg búinn. Anders segist eiga Krýsuvík og Íslandi líf sitt að þakka. Hann starfar nú sem rafvirki í Reykjavík. *Guðrún Helga Sigurðardóttir* spjallaði við hann.

Anders Graff hefur verið edrú í rúm þrjú ár, eða réttara sagt 9. febrúar síðastliðinn voru þrjú ár síðan hann varð edrú. Hann hefur búið sér gott og edrú líf á Íslandi og er nýkominn úr leyfi í Svíþjóð þar sem hann hélt upp á þriggja ára afmælið, edrú í þrjú ár! Anders fór meðal annars á AA-fund í heimaborginni sinni, Landskrona, til að halda upp á afmælið.

Lovísa Christiansen, forstöðukona í Krýsuvík, tók á móti Anders í Krýsuvík fyrir þremur árum og hugsaði með sér þegar hún sá hann fyrst að nú væru Svíarnir farnir að senda þangað fólk til að deyja. „Hann var svo illa farinn þegar hann kom hingað að hann gat ekki gengið en hann er þvílíkt kraftaverk í dag,“ segir hún.

Engin tré

Anders lýsir því þegar hann kom fyrst til Íslands. Hann kom hingað í hálfgerðum hríðarbyl og leist ekkert á umhverfið, vildi helst bara fara heim aftur. „Þegar ég vaknaði morguninn eftir var snjórinn farinn og þegar ég leit út um gluggann minnti landslagið á tunglið, engin tré að sjá neins staðar, engir fuglar, ekkert líf. Það var

hræðilegt. Ég hugsaði bara með mér, hvað í fjandanum er ég að gera hérna?“

Anders þekkti ekki til AA-samtakanna á þessum tíma en í Krýsuvík kynntist hann tólf sporunum og AA. Hann byggði smám saman upp krafta til að taka þátt í daglegu lífi, sinna verkefnum og fara út að ganga. „Ég fór ekki út úr skólanum í mánuð. Ég gat ekki gengið óstuddur og vildi ekki fara út en svo kom að því að ég varð uppiskroppa með afsakanir. Þau tóku undir hendurnar á mér og við fórum í göngutúr í 40-50 mínútur sem venjulega hefði tekið fimm mínútur. Eftir einn og hálfan mánuð fór ég að fá ýmis verkefni og smám saman komst ég til lífsins aftur.“

Anders ákvað að búa á Íslandi þar til hann væri kominn vel á fæturna í sinni edrúmennsku. Það hefur gengið vel. Hann hefur tekið ökuþrófið aftur, fengið sér íbúð og vinnu. Hann byrjaði fyrst að vinna við uppvaske á Hótel Reykjavík Centrum árið 2005 og vann þar í nokkra mánuði og hefur svo fíkrað sig áfram í starfi. Hann hefur nú starfað við byggingavinnu og sem rafvirki um nokkurt skeið.

Síðasti Svíinn

Anders segist eiga Krýsuvík og Íslandi líf sitt að þakka. Hann segir



SÍÐASTI SVÍINN Anders Graff var síðasti Svíinn sem hefur komið í meðferð í Krýsuvík. Hann kom hingað til lands fyrir þremur árum illa farinn af drykkjuskap en hefur haldið sér edrú og náð að fóta sig og byggja upp gott líf á Íslandi. Hann er rafvirki að mennt og starfar sem slíkur hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

að viðhorfin gagnvart alkóhólistum séu allt önnur hér en í Svíþjóð og miklu jákvæðari. Íslenskir atvinnurekendur taki því með jákvæðum hætti þegar hann segi sögu sína, komi til móts við sig og hvetji sig áfram. Einn vinnuveitandi kalli sig „my hero“. Viðhorfin í Svíþjóð séu hins vegar: „Hvern fjandann ert þú að gera hér?“ Svíar

geti lært af Íslendingum að hafa jákvæð viðhorf.

Anders er síðasti Svíinn sem hefur komið í meðferð í Krýsuvík. Meðferðarheimilið tók á móti fjölmörgum Svíum fyrir nokkrum árum en eftirspurnin var svo sveiflukennd og Lovísa segir að sér hafi þótt svo miður að geta ekki nýtt auð pláss til að taka Íslendinga í meðferð að

ákveðið hafi verið að hætta að taka á móti Svíum þegar fjármögnun hafi fengist í staðinn. Hún finni hins vegar fyrir vaxandi eftirspurn frá Svíþjóð núna.

Í Stokkhólmi er starfandi AA-hópur, fyrrverandi skjólstaðingar Krýsuvíkur, sem hittast einu sinni í viku. Þeir, sem lengst hafa verið edrú, hafa verið það í sjö ár.

STÆRSTA HUNDASÝNING SEM HALDIN HEFUR VERIÐ Á ÍSLANDI FRÁ UPPHAFI UM 800 HUNDAR AF 83 TEGUNDUM VERÐA SÝNDIR!



HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

félag allra hundeigenda - stofnað 1969

Alþjóðleg hundasýning Hundaræktarfélags Íslands

1.- 2. mars í reiðhöllinni Viðidal, Reykjavík

Dómarar sýningar eru frá Svíþjóð, Ítalíu, Slóveníu, Noregi og USA

Sýningin hefst kl. 9 á laugardag og sunnudag. Aætluð dagskrárlök um kl. 18 báða dagana

Meðal viðburða:

- Keppni ungra sýnenda
- Ungviði og hvolpar setja skemmtilegan svip á sýninguna
- Virðulegir öldungar láta ljós sitt skína
- Fallegustu hundar sýningar valdir
- Viðamikil starfsemi félagsins kynnt
- Kynning á hundategundum
- Sölu- og kynningarbásar - ýmis sértílböð
- Veitingasala



Fyrir hundinn þinn



Sjá dagskrá sýningar á www.hrfi.is


Aðgangseyrir er 500 kr. fyrir fulloröna.

Börn yngri en 12 ára í fylgd með fullorönum fá fritt inn, annars 300 kr.

BLU-RAY VA



FJÖLDI ANNARRA TITLA Í BOÐI - AÐEINS BR



PLAYSTATION 3



SPILAÐU
leiki



HLUSTAÐU
á tónlist



HORFU
á Blu-ray
og DVD myndir



SKOÐAÐU
ljósmyndir



TENGJAST
með vinum



VAFRADU
á netinu




NIÐURHAL
40Gb harður diskur



TENGDU
við PSP

INN STRÍÐIÐ!



ÖT AF ÚRVALI



HÁMARKS UPPLIFUN Í MYND OG HLJÓÐI



HÁMARKS 1080p MYNDGÆÐI



5 SINNUM BETRI UPPLAUSN EN DVD



7.1 SURROUND HLJÓÐ



NÆSTA KYNSLÓÐ Í VIRKNI OG AUKAEFNI



SPILAST Á PLAYSTATION 3

BLU RAY ER FRAMTÍÐIN Í MYNDDISKUM.

UPPLIFDU ALLAR UPPÁHALDSMYNDIRNAR ÞÍNAR EINS OG

Á AÐ GERA ÞAÐ - Í HÁMARKS MYND- OG HLJÓÐGÆÐUM!

**PLAYSTATION 3
ER ÓDÝRASTI
OG VINSÆLASTI
BLU-RAY SPILARI
Í HEIMI!**





SAM AMIDON þykir mjög sérstakur í besta skilningi þess orðs og mjög skapandi einstaklingur en hann er sjálfærður í nánast öllu sem hann tekur sér fyrir hendur.

Allt í fína lagi

Í Gróðurhúsi einu í Breiðholti ræktar Valgeir Sigurðsson tónlistarmenn og gefur út plötur þeirra undir merkinu Bedroom Community. **Sam Amidon** er einn þeirra listamanna sem Valgeir hefur bætt á plötulistann hjá sér. *Hanna Björk Valsdóttir* náði tali af Sam þar sem hann var um það bil að stíga á svið í Bretlandi.

Platan *All is well* kom út hjá Bedroom Community á dögunum og hefur verið lofuð í hástert af tónlistargagnrýndum um allan heim, svo sem Rolling Stone, Pitchfork og Stylus. Sam er aðeins 26 ára gamall og tónlistin sem hefur átt hug hans og hjarta frá blautu barnsbeini er amerísk þjóðlagatónlist. Sam er alinn upp í Vermont í Bandaríkjunum og þar eru foreldrar hans þjóðlagatónlistarmenn. Sam byrjaði að spila á írsku fiðluna þegar hann var þriggja ára og fór að koma fram með foreldrum sínum þegar hann var sjö ára.

Platan er samt sem áður engin venjuleg þjóðlagaplata í hefðbundnum skilningi. Sam er nánast búinn að endursenjja lögin, búa til nýja hljóma og nýjar laglínur. Sum lögin eru það mikið breytt að þau eru komin langt frá upprunalegri mynd. Lag og texti fá nýja merkingu þegar Sam er búinn að fara frjálsum höndum um þau.

Sam þykir mjög sérstakur í besta skilningi þess orðs og mjög skapandi einstaklingur en hann er sjálfærður í nánast öllu sem hann tekur sér fyrir hendur. „Ég hætti eiginlega í skóla og fór að gera alls konar hluti. Ég lærði mest á að spila með mönnum eins og til dæmis Leroy Jenkins. Hann er hetja sem ég var búinn að líta upp til í mörg ár og hlusta á allt sem hann hefur gert. Hann er frá Chicago og var hluti af framúrsteftnu-djasssenunni á sjöunda áratugnum. Einn daginn var ég svo mættur heim til hans og við tókum fram fiðlurnar okkar og spiludum saman. Hann hafði rosalega mikil áhrif á mig tónlistarlega, fór með mig í annan hljóðheim og ýtti mér út úr ákveðnum boxum,“ rifjar Sam upp.

Ekki bara tónlist

Sam er margt til lista lagt og þó hann sé fyrst og fremst tónlistarmaður er ekkert listrænt honum óviðkomandi. Hann teiknar og býr til teiknimyndasögur. Nýlega hefur hann verið að gera vídeó sem hann birtir á YouTube og heimasíðunni samamidon.com. „Mamma og pabbi gáfu mér vídeóupptökuvél og þá fór ég að búa til lítill myndbönd og birta þau á netinu,“ segir hann og hlær. Hann er nýbúinn að sýna þau í gallerí í fyrsta sinn í Þýskalandi en þar var hann á tónleikaferð. „Vanalega sýni ég vídeóin á einhverjum tónleikastöðum og rokkklúb-“

um. Það var mjög gaman að prófa að sýna í gallerí.“

„Ég var unglingur þegar ég byrjaði að teikna og semja teiknimyndasögur. Ætli það sé ekki vegna þess að ég fæ leiða á að gera bara tónlist. Að teikna er góð leið til að vera aðeins einn með sjálfum sér og leyfa ímyndunarafliinu að njóta sín. Ég passa mig samt að taka þetta ekki alvarlega, ég birti teikningarnar á heimasíðunni minni eða hengi þær upp á tónleikum og sel kannski fyrir fimm dollara stykkið. Kannski hef ég gaman af því að teikna vegna þess að ég er ekki að

nördaskapur og okkur þótti fínt að vera gera eitthvað sem öðrum fannst skrítið. Þess vegna var mjög skrítið fyrir mig að koma til New York og allar plötubúðir voru að setja inn gamla ameríska þjóðlagatónlist og einhver sena að skapast í kringum það. Þegar ég flutti til New York ætlaði ég að skilja þjóðlagatónlistina eftir heima og taka meira þátt í framúrsteftnurokk- og djasssenunni. Thomas var með hljómsveit sem heitir the Dovesman og ég spila líka með þeim og svo er ég í annarri hljómsveit sem heitir Stars Like Fleas og er hluti af indí-

kölluð morðballöður. Allt er fínt og slétt á yfirborðinu en ef kafað er dýpra í textann leynist annar sannleikur, einhver myrkraverk eða þyngri undirtónn. „Titillinn *All is well* er bara nafnið á einu laginu,“ útskýrir Sam. „Ég þæli ekki of mikið í titlum en kannski er það af því að það er svo mikið af morðballöðum á plötunni.“

Frá Brooklyn í Breiðholtið

„Nico Muhly sem ég þekki frá New York fór með plötuna mína *But this Chicken Proved Falsehearted* til Íslands og leyfði Valgeiri að heyra og síðan fékk ég tölvupóst frá Valgeiri og við fórum að tala um möguleikann á að vinna saman. Ég kom síðan og spilaði með Nico á *Airwaves* 2006. Þá hafði ég safnað saman hlaða af lögum og við Valgeir settumst niður í stúdíóinu um miðja nótt og spiludum í tvo tíma. Þessar upptökur urðu svo grunnurinn að lögnum á plötunni. Valgeir mixaði meðan ég var í burtu og Nico gerði allar útsetningar fyrir kammersveit og svo vorum við að bara að senda á milli. Ég kom svo aftur og við löguðum lögin til í sameiningu.“

En af hverju að koma alla leið frá New York, Mekka tónlistarbransans þar sem hljóðver og plötuútgáfur eru á hverju horni, og taka upp plötu á Íslandi?

„Hljóðverið og allt rýmið sem Valgeir hefur byggt í Gróðurhúsinu í Breiðholti er alveg sérstakt og andrúmsloftið þar er mjög gott þannig að ég stökk á tækifærið að fá að vinna þar. Það er bæði hljóðverið og staðurinn sem gerir það mjög aðlaðandi að taka upp þarna. Ferlið hjá Valgeiri hentar mjög vel, hann vinnur mjög hljóðlega en kemur með fullt í lögin. Ég bjó í raun og veru í stúdíóinu á meðan á þessari vinnu stóð þannig að allt ferlið verður mjög áreynslulaust. Maður tekur upp nokkrar laglínur, skellir sér í sund eða Bláa lónið og heldur svo áfram. Þetta er mjög góð aðferð. Ísland er svo ótrúlegt land og mig langar til að sjá meira af því en bara Reykjavík,“ segir Sam og staðfestir að það sé á dagskrá að koma og spila tónleika fyrir Íslendinga innan skamms.

Tónlistarmenn og listamenn almennt eru greinilega tilbúnir að ferðast langar leiðir til Íslands fyrir réttu stemninguna. Hvernig væri ...

Maður tekur upp nokkrar laglínur, skellir sér í sund eða Bláa lónið og heldur svo áfram. Þetta er mjög góð aðferð. Ísland er svo ótrúlegt land og mig langar til að sjá meira af því en bara Reykjavík.

semja mína eigin tónlist. Þetta eru gömul þjóðlög þó ég sé búinn að taka þau og snúa þeim við sem er vissulega skapandi ferli og útkoman eitthvað glænýtt.“

Írsk fiðla og þjóðlög í Vermont

„Ég byrjaði að sækja í tónlistarsenuna í New York um 2000 og hef búið þar alveg frá árinu 2004.“ Bakgrunnur Sams í þjóðlagatónlist er frekar sérstakur. „Mamma og pabbi eru þjóðlagatónlistarmenn og ég lærði mjög mikið af þeim. Þau spiladu bæði á banjó og sungu. Ég byrjaði að koma fram með þeim þegar ég var sjö ára. Það var samt bara afslappað, ég var ekki þíndur sem krakki til að koma fram og mátti hætta þegar ég vildi og stundum kom ég fram með þeim og stundum ekki. Á sama tíma hitti ég Thomas vin minn og við stofnuðum hljómsveit og spiludum þjóðlög á írsku fiðlu og gáfum út fyrstu plötuna okkar þegar ég var 13 ára.“

Voru fleiri krakkar í kringum þig að hlusta á þjóðlagatónlist?

„Nei, eiginlega ekki. Bara ég og Thomas, og Stefán bróðir minn. Þetta var okkar

rokk-senunni. En ég hef aldrei sagt skilið við þjóðlögin. Ég spila mikið á fiðlu og banjó í New York en ég geri það frekar með fólki sem er ekki endilega hluti af þjóðlagasenu, fólki eins og Nico Muhly. Mér finnst meira spennandi að taka þessi lög og setja þau í nýjan búning.“ Píánósnillingurinn Nico Muhly er einn þeirra tónlistarmanna sem hefur gefið út hjá Bedroom Community-útgáfunni hans Valgeirs.

Morðballöður

Lögin á plötunni eru mörg hver fræg þjóðlög sem eru til í ýmsum myndum og hafa farið í gegnum marga flytjendur. „Þessi lög eru svo gróf og dularfull og enginn veit hvaðan þau koma. Textinn hefur breyst mann frá manni, einhverjar línur eða heilu erindin hafa skolast til, en það er það sem gerir þau spennandi. Þess vegna hef ég líka svo gaman að því að leika mér með þessi lög. Ég reyni að halda í það hversu skrítin þau eru í staðinn fyrir að reyna fá einhvern botn í þau.“

Mörg þessara laga eru afar falleg þó að textinn sé oft myrkur, þess vegna eru þau



NÚ Á **2** STÖÐUM

RAFVÖRU MARKAÐURINN

DYRASÍMAR, ÖRYGGISKERFI O.FL

Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ



4588

DYRASÍMAKERFI
F/ 1 ÍBÚÐ

6590

DYRASÍMAKERFI
F/ 2 ÍBÚÐIR



588

857

DYRABJÖLLUR
GAMALDAGS



VERÐ FRÁ **573**
DYRABJÖLLUR



VERÐ FRÁ **1644**
DYRABJÖLLUR
PRÁÐLAUSAR



5950

INNANHÚSKALLKERFI

TILBOÐ!

MYNDDYRASÍMAR



58.900



35.900



4495

REYKSKYNJARI
PRÁÐLAUS

900

REYKSKYNJARI



995

REYKSKYNJARI MINI



VERÐ FRÁ **6950**
ÖRYGGISKERFI
PRÁÐLAUS



VERÐ FRÁ **282**

BJÖLLUHNAPPAR



3160

LJÓSNEMAR



1495

HREYFISKYNJARI



VERÐ FRÁ **694**

FJÖLNOTA SPENNAR



2990

HURÐASEGULOPNARI

VERÐ FRÁ **859**

BJÖLLUSPENNAR
OG BJÖLLUR



VERÐ FRÁ **2578**

FJARSTÝRÐIR TENGLAR



VERÐ FRÁ **640**

TENGLAKLUKKUR



PRÁÐLAUSIR ROFAR
OG FJARSTÝRINGAR

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA

Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16



KOSOVO-ALBANAR FAGNA Frá fagnaðarlátum íbúa Pristina á sjálfstæðisfirlýsingardaginn 17. febrúar.

NORDICPHOTOS/AFP

Mannréttindi í forgangi

Frá því Íslendingar önnuðust umsjón flugvallarins í Pristina 2003-2004 hafa fáir Íslendingar verið að störfum að staðaldrí í Kosovo. Meðal þeirra fáu Íslendinga sem nú starfa þar er **Nanna Magnadóttir**, forstöðumaður skrifstofu Evrópuráðsins í Pristina. Í viðtali við *Auðun Arnórsson* segir hún frá því hvernig hún hefur upplifað atburðarásina í kringum sjálfstæðisfirlýsinguna.

Nanna hefur stýrt starfi skrifstofu Evrópuráðsins í Pristina frá því í janúar á þessu ári. Hún var fyrst spurð hvernig það kom til að hún tók við þessu starfi.

„Það er alltaf svolítill saga að segja frá því hvað kemur manni til að flytja á milli landa,“ segir hún. Nú sé liðið á sjötta ár frá því hún fór fyrst til starfa erlendis. Fyrir þann tíma starfaði hún um nokkurra ára skeið við Héraðsdóm Reykjavíkur og til skamms tíma fyrir umboðsmann Alþingis, en Nanna er lögfræðingur að mennt. Starfi Evrópuráðsins segist hún hafa kynnst fyrst sem starfsnemi í utanríkisþjónustunni, en sem slíkur starfaði hún um skeið við fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu í Strassborg.

Frá ársbyrjun 2005 til apríl 2006 var Nanna síðan staðgengill forstöðumanns Evrópuráðsskrifstofunnar í Pristina. Hún sneri aftur þangað sem forstöðumaður í janúar á vegum Íslensku friðargæslunnar, en í millitíðinni starfaði hún sem liðsmaður friðargæslunnar á vegum kvennasjóðs Sameinuðu þjóðanna, UNIFEM, í Belgrad.

Spennandi og krefjandi

Nanna hefur því kynnst vel fólki og aðstæðum þess bæði í Kosovo og í

Serbíu sjálfri á þessum umbrotatímum. „Það er vissulega heilmikið um að vera. Það er spennandi að vera að vinna í þessu umhverfi en jafnframt mjög krefjandi,“ segir hún.

Að sögn Nönnu eru tólf stöðugildi við skrifstofuna sem er ein af mörgum starfsstöðvum alþjóðastofnana í Kosovo. Af þessum tólf starfsmönnum vinna fimm að varðveislu menningarmínja í Kosovo, aðrir starfa með embætti umboðsmanns þings Kosovo og öðrum stofnunum sem stuðla að vernd mannréttinda borgaranna. Starfsmennirnir eru af ýmsu þjóðerni frá ólíkum hornum Evrópu, auk heimamanna, bæði Kosovo-Albana og Serba.

Spurð hvernig gengur að vinna að þessum verkefnum segir Nanna að það gangi í sjálfu sér ágætlega. „En það má alltaf gera betur. Það er ennþá langt í land hvað varðar mannréttindi og virðingu fyrir lögum og reglu þannig að það teljist vera komið á lýðræði að fullu,“ segir hún. „Það er ekki alltaf hlustað á fólkið í landinu og mannréttindi stundum fótum troðin.“ Réttindi minnihlutahópa séu í sérstökum brennidepli, enda veldur það sem á undan er gengið því að hlutskipti þeirra er sérstaklega ótryggt.

Spurð hvort það sé meðal hlutverka skrifstofu hennar að leggja mat á það hvernig það gengur að



Í PRISTINA Nanna Magnadóttir, t.v., ásamt starfsmönnum á Evrópuráðsskrifstofunni í Pristina.

LÓSMYND/UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

„Erlendu starfsmönnum voru gefnar þær ráðleggingar að halda sig heima við 17. og jafnvel 18. febrúar þar sem svokallað „happy shooting“ tíðkast mjög mikið á Balkanskaganum. Og nóg er af vopnunum. „Það eru vopn hérna grafin í hverjum matjurtagarði,“ segir Nanna.

tryggja réttindi serbneska minnihlutans eftir sjálfstæðisfirlýsinguna segir Nanna að svo sé ekki beinlínis. Evrópuráðið sem slíkt hafi enga skoðun á þjóðaréttarlegri stöðu Kosovo.

„Það sem okkar hlutverk snýr fyrst og fremst að er að aðstoða Kosovo til þess að uppfylla evrópska staðla á hinum og þessum sviðum,“ bendir Nanna á, svo sem að virða mannréttindi og þá Evrópusáttmála sem eru í gildi. Enn sem komið er sé Kosovo ekki bein aðili að þessum sáttmálum. Evrópuráðið einbeiti sér að því að vinna fyrir alla hópa sem í Kosovo búa, í samvinnu við þau stjórnvöld sem á staðnum eru. Atkvæðamest á því sviði er enn bráðabirgðastjórn Sameinuðu þjóðanna, UNMIK, sem hefur haft umsjón með daglegri stjórnsýslu í Kosovo allt frá því

hersveitir NATO bundu enda á stríðið í héraðinu árið 1999. Að sögn Nönnu er enn ekkert orðið ljóst um framtíð UNMIC eftir sjálfstæðið. En starf Evrópuráðsins í Kosovo fari enn fram í nánú samstarfi við UNMIK.

Fríðsamlegt að mestu

Beðin að lýsa atburðarásinni í kring um sjálfstæðisfirlýsinguna 17. febrúar eins og hún hefur komið henni sjálfri fyrir sjónir tekur Nanna fram að „hérna Kosovomegin“ hafi verið miklum mun fríðsamlegra en í Belgrad og víðar í Serbíu, þar sem margir Serbar hafa gefið reiði sinni yfir sjálfstæðisfirlýsingunni lausan tauminn.

„Þetta er náttúrulega mjög sérstakur tími til að vera hérna. Þetta með sjálfstæðisfirlýsinguna hefur

reyndar legið lengi í loftinu. Þegar ég var hérna árið 2005 og í byrjun árs 2006 þá fann maður fyrir því að það var þrjúgandi andrúmsloft hreinlega sem lá yfir götum Pristina. Það er augljóslega mikil breyta í heimafólki á ástandinu eins og það var. Eins og Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri SÞ hefur sagt, þá var ástandið ekki sjálfbært eins og það var. Það lá sem sagt í loftinu að eitthvað yrði að gera. Eins og ég segi gegndi Evrópuráðið engu hlutverki í því, en maður svona heyrði utan af sér að hlutirnir væru að fara að gerast, sem þeir svo vissulega gerðu 17. febrúar,“ segir Nanna. Hún bætir við að erlendu starfsmönnum hefðu verið gefnar þær ráðleggingar að halda sig heima við 17. og jafnvel 18. febrúar þar sem svokallað „happy shooting“ tíðkast mjög mikið á Balkanskaganum. Og nóg er af vopnunum. „Það eru vopn hérna grafin í hverjum matjurtagarði,“ segir Nanna.

Á heildina litið hafi fagnaðarlætin annars farið að mestu vel fram. Þrjú hafi hlotið skotsár af völdum „hamingjuskothríðar“ upp í loftið sem sé ekki svo slæmt miðað við hve mikið var um að vera. „En það hafa náttúrulega verið mótmæli á þeim svæðum þar sem Serbar eru í meirihluta, svo sem í Norður-Mitrovica,“ bendir Nanna á. Það gleymist stundum að Serbar eru ekki bara fyrir norðan ána Ibar, næst landamærunum að Serbíu sjálfri, heldur búa þeir líka á svæðum sunnan til í Kosovo og víðar. Það sé mismunandi hversu vel því fólki líður með að búa svona í þorpum umkringdum Kosovo-Albönum. Það leyni sér ekki að það sé oft grunnt á því góða á milli þjóðernishópanna. En blessunarlega hafi þetta farið vel fram að flestu leyti. Mótmæli minnihlutans hafi verið fríðsamleg að mestu.


Serbar vændir um svik

Spurð um samkomulag Kosovo-Albananna og Serbanna sem fyrir skrifstofu hennar starfi segir Nanna að þar séu engin vandamál, enda fólkið vant að vinna saman. „Það er hins vegar mjög leiðinlegt að við heyrum af því að Serbar sem eru að vinna fyrir alþjóðastofnanir eru undir ákveðinni pressu í sínum heimabæjum um að hætta því,“ segir hún. Herskáir Serbar álíti þá hálfgerða svikara. Sem Nanna segir vera skelfilegt því þetta séu oft einu fyrirvinnur fjölskyldna sinna. „Þetta er líka sérstaklega ósanngjarn með tilliti til þess að þeir eru að vinna fyrir stofnanir sem hafa opinberlega lýst yfir að þær hafi enga skoðun á því hvort Kosovo eigi að vera sjálfstætt eða ekki,“ bætir hún við. Það sem fólk vilji, þegar öllu er á botninn hvolft, sé að lifa mannþæmi lífi í friði, sátt og samlyndi.

Bjartsýni á framarir

En hvernig lítur framtíðin út? Binda heimamenn miklar vonir við að sjálfstæðið færi þeim framarir sem geri Kosovo kleift, þegar fram líða stundir, að verða sjálfbært ríki? Um það segir Nanna að sé erfitt að spá. En fólkið í Kosovo líti ótvírætt svo á að þetta tvennt sé nátengt, sjálfstæðið og (efnahagslegar) framarir. Síðan árið 1999, undir stjórn SÞ-bráðabirgðastjórnarsýslunnar, hafi að visu orðið einhverjar framarir, en „fólk trúir því stöðugt og stöðugt að með sjálfstæðinu komi auknir möguleikar, til dæmis á erlendum fjárfestingum, að hægt sé að fá aðstoð frá Alþjóðabankanum og þannig mætti áfram telja.“

Hvað Evrópuráðið varðar segir Nanna að þetta sé ekki beint á þess verksviði. Fyrir Evrópuráðið sé það aðalatriði að fólki sé ekki mismunandi; fólk hafi jafnan rétt til menntunar og þeirrar heilbrigðisþjónustu sem í boði er og svo framvegis. Og að stjórnsýslan komi jafnt fram við alla borgara. „Svona í lokin vil ég gjarnan bæta við einu, úr því þú varst að minnast á að ýmis ríki hefðu gert það að skilyrði fyrir viðurkenningu á sjálfstæði Kosovo að réttindi minnihlutahópa yrðu tryggð,“ segir Nanna. Að hennar mati væri upplagt fyrir þessi ríki og önnur að nota þetta tækifæri til að leggja til fé og annan stuðning til að vernda mannréttindi og uppbyggingu lýðræðis í Kosovo.



MARS TILBOÐ

NÝ OG SPENNANDI TILBOÐ ÚT ALLAN MARS

OPIÐ
ALLA
HELGINA

STÚTFULLUR
16BLS BÆKLINGUR
AF SPENNANDI
TILBOÐUM

TILBOÐ
AÐEINS
ÞESSA
HELGI!



CREATIVE®

**1GB
STONE MP3**

Creative Stone er einn minnsti MP3 spilari í heimi

3.990

ÁPARENTAN
LEGIR OG Í
HULSTRI!



**10DVD
ÁPARENTANLEGIR**

10.stk áparentanlegir
16xDVD+R hágæða
diskar frá Verbatim

890



FARTÖLVA

- Intel Celeron M540 1.86GHz
- 1GB DDR2 667MHz minni
- 120GB 5400RPM diskur
- 15.4" WideScreen skjár
- 0.3MP vefmyndavél
- Vista Home Premium

49.900



VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og íánökugjaldi inniföldu.

OPNUNARTÍMAR

Í DAG LAUGARDAG

11:00 - 18:00

Á MORGUN

13:00 - 17:00




TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is



SAMGLEÐJ



Pioneer


Pioneer DCS-363
Heimabíó
Kr. 49.900,-

Nýjasta snilldin frá Pioneer ...!!



SHARP

SHARP LC-19A1EBK
19" LCD SJÓNVARP
Kr. 59.900,-



Nintendo

LEIKJATÖLVAN



wiiTM
NÝ UPPLIFUN

– VERÐTRYGGING –
Alltaf ódýrust í Ormsson



SAMSUNG

SAMSUNG LE-32S86BX
32" LCD SJÓNVARP
Kr. 119.900,-

ORMSSON

UMSTÆÐI!



Jamo

Jamo I-200
Hljómtæki fyrir iPodinn
Vandaðir og kraftmiklir hátalarar
Kr. 24.900,-



SAMSUNG

SAMSUNG YP-T10JC

MP3 spilari
VIDEO spilari
FM útvarp

4 GB Minni
Kr. 18.900,-

8 GB Minni
Kr. 24.900,-

Nintendo®

Nintendo DS-Light



Hápróuð leikjatölva
Ótrúlegt leikjasafn
Bara gaman ..!
Kr. 16.900,-

3 litir:
Hvít, svört og bleik



CELESTRON

Celestron Astromaster
70AZ
Stjörnusjónauki
Kr. 12.900,-

Nikon



Nikon S-510
COOLPIX
Frábær myndavél
Kr. 24.900,-

SHARP

SHARP XL-UR230H
Hljómtækjastæða
Kr. 29.900,-

Vönduð hljómtækjastæða.
5 CD-spilari, útvarp o.fl





SAMRÁÐ UM BETRA BORGARUMHVERFI

Þarf að leggja göngustíg, hirða gróður, setja upp körfuboltaþring eða framkvæma eitthvað annað?

Tíska og klæðnaður í 100 ár

Sjálfsmynd þjóðar má oft lesa í gegnum ljósmyndir í árunum 1860-1960 og í gegnum þær má einnig læra heilmargt um klæðnað og tísku hvers tíma. **Æsa Sigurjónsdóttir** listfræðingur hefur nýverið gefið út bók þar sem hún fer í gegnum íslenskar ljósmyndir frá árunum 1860-1960 og þá meðal annars búningasögu í ljósmyndun. Bókin kallast Til gagns og til fegurðar og má þar finna margar skemmtilegar myndir sem segja okkur margt frá því tímabili. Fréttablaðið greip niður í bókina.



ALLIR Í KYRTLUM. Kyrtill Sigurðar Guðmundssonar sló í gegn en var aldrei tekinn jafn háttíðlega og skautbúningurinn. „Vorið 1870 kynnti Sigurður Guðmundsson nýjan íslenskan kvenbúning. Búninginn hafði hann hannað í samvinnu við nokkrar ungar stúlkur í Reykjavík fyrir árlegan dansleik sem Lærði skólinn hélt í tilefni af afmælisdegi konungs, Kristjáns 9. (...) Búningurinn varð fljótt vinsæll. Hann var léttur og þægilegur, einfaldur í sniði og miklu ódýrari og auðveldari í saumskap en skautbúningurinn. Kantað, flegið hálsmálið og víðar framermarnar voru í samræmi við tískuna árið 1870 og féllu því vel að smekk tímans. Búningurinn var fyrst og fremst notaður sem fermingar-, dans- og brúðarbúningur.“ *Ljósmyndari: Nicoline Weywadt.*

SKAUTBÚNINGURINN. Hann öðlaðist táknaða sérstöðu meðal íslensku kvenbúninganna. Búningurinn var dýr og ekki á allra færi að sauma hann. Hann var frá upphafi staðlaður og var lítt lagaður að breyttri tísku tímans í samanburði við peysuföt og upphlut. Sigurður (málari) skilgreindi sjálfur í upphafi þjóðernislegt og félagslegt hlutverk skautbúningans og var þeirrar skoðunar að ákveðinni stéttaskiptingu væri viðhaldið með búningnum. Búningurinn átti að vera til „háttíða og skrauts“. Búningnum var því ekki ætlað að vera þjóðbúningur heldur fyrst og fremst háttíðarbúningur, þrunginn táknaðing. Þessi stéttaskipting hélst og skautbúningurinn var og er enn búningur ákveðins yfirvalds. Núorðið bera hann vart aðrar konur en þær sem gegna æðstu embættum eða eru eiginkonur æðstu embættismanna landsins. Skautbúningurinn býr enn yfir óskertri táknaðing. Hann hefur verið nátengdur öllum húsfreyjum á Bessastöðum, bæði forsetafrúm og forsetanum Vigdís Finnbogadóttur. Það vakti mikla athygli að Dorrit Moussaieff, núverandi forsetafrú, klæddist skautbúningi, skreyttum sóleyjarmynstri Sigurðar málara, þegar Ólafur Ragnar Grímsson var settur í embætti forseta Íslands í þriðja sinn 1. ágúst 2004, og var litið á það sem yfirlýsingu um að hún væri íslensk forsetafrú. Þannig hefur táknaðing merking búningans staðfest og dýpkað frá því Sigurður kynnti skautbúninginn fyrst í grein sinni árið 1857.“ *Ljósmyndari: Pétur Brynjólfsson.*



Reykjavíkurborg hvetur alla borgarbúa til að færa hugmyndir um betra borgarumhverfi inn á nýjan ábendingavef. Þar er einnig hægt að kynna sér aðrar tillögur og veita þeim stuðning.

EINN, TVEIR OG REYKJAVÍK!
www.reykjavik.is sími: 411 11 11

JÓNSSON & LEIÐMANN - JUS - SÍA



UPPLUTUR. Stuttir upphlutsbúningar Alþingishátíðarinnar 1930 voru teknir fram aftur lýðveldisárið 1944. Ljósmyndari: Sigurður Tómasson.



JAKKAFÖT OG BINDI. Verslunarmaðurinn var fyrirmynd um það allra nýjasta í útliti og klæðnaði. Ljósmyndari: Loftur Guðmundsson.



NÚTÍMAKONUR. Sætavísur í Gamla bíói. Konurnar farnar að klippa sig stutt og öðlast sjálfstæði. „Vermännlichung“ eða karlmönnun var það kallað upp á þýsku þegar konur tóku upp síði karla, gengu í buxum, klipptu sig stutt og reyktu. Kvikmyndir og erlend tímarit gáfu tóninn og ljósmyndir og klæðnaður urðu skilvirkar lýðræðislegar aðferðir til að skilgreina nútímalegan kvenleika á svipaðan hátt og þjóðlegar ímyndir mótuðust í ljósmyndum á fyrstu áratugum 20. aldar. Nýja konan var sjálfstæð, drengjaleg og frökk. Hún var með stutt hár, reykti og átti sig sjálf. Ljósmyndari: Loftur Guðmundsson.



HEIMASAUMUR. Konur lögðu á sig ómælda aukavinnu fram á nætur við að sauma fatnað á alla fjölskylduna, því eins og oft var tekið fram í auglýsingum gat hagsýn húsmóðir sparað heimili sínu mikil útgjöld með því að sauma bæði hversdags- og sparifatnað á fjölskylduna eftir tilbúnum sniðum. Þau voru síbreytileg samkvæmt nýjustu tísku, þannig að fatnaðinn þurfti að endurnýja með reglulegu millibili. Með Butternick-sniðunum mátti bæði fylgja nýjustu hátísku-sveiflum frá París og sauma einfaldan hversdagsklæðnað frá bandarískum hönnuðum. Bandaríska tískan var afslöppuð og litrík en franska hátískan einkenndist af grafískum mynstrum og stífum formum. Bandarísku fyrirmyndirnar var auðvelt að sauma úr ódýrum bómullar- eða gerviefnum, orloni, dakroni, næloni og öðrum straufríum undraefnum. Með þessum efnum var húsmóðurinni lofað betri tíð með fyrirheitum um þægindi og einfaldleika. Ljósmyndari: Þorvaldur Ágústsson.



FYRIR ÍSLENSKA VEÐRÁTTU. Íslensk framleiðsla, úlpur, peysur og skór, settu sterkan svip á útlit Íslendinga árið 1960.

FRINGE

GARDÍNURNAR KOMNAR AFTUR



NÝJAR VÖRUR

LITIR
SVARTUR, HVÍTUR,
RAUÐUR, GRÆNN
OG BLÁR

VERÐ
7.990 KR.

Opið alla daga vikunnar
Askalind 1, Kópavogur. Sími 568 9700.

habitat

GÓÐ VÍKA / SLÆM VÍKA

... Ómar R. Valdimarsson



Ómar er ekki aðal rasisti bloggheima, heyrði það! Ekki! Aðal! Rasisti! Bloggheima! Að vinna mál gegn blönkum kvikmyndagerðarmanni hlýtur að vera unaðsleg tilfinning og ekki síðri er að reka óni hann galgopaleg ummæli af lítt lesinni bloggsíðu og fá funheitan 300.000 kall fyrir ómakið. Nú hefur héraðsdómur sett æðislegt fordæmi og það er um að gera að allir séu nú kurteisir í tali og skrifum eins og guðhræddir kór-drengir. Heyrirðu það, Óssur!?

... Kristján L. Möller



Bæjarstjórnin í Kópavogi býður ekki hverjum sem er í kaffi og vinarbrauð, hvað þá með aðsendri grein í Mogganum. Samgönguráðherra varð þessa heiðurs aðnjótandi í vikunni og þaut eins og byssubrenndur í Kópavoginn eftir að hann sá boðskortið. Félagarnir göntuðust og ræddu samgöngumál í Kópavogi yfir vinarbrauðsmalínu.

... Friðrik Ómar

Það sem átti að vera frábær vika – ef ekki besta vika allra tíma – varð einhvern veginn hálf volg, þegar Friðrik Ómar lagði á flóttu með ummæli sínu um tunnuna tómu. Það var eitthvað sem honum mislíkaði og varð til þess að hann varpaði fram máls-hættinum í hita augnabliksins, eins og dularfull véfrétt. Meðlimir og umboðsmaður Mercedes Club eru helst á því að tunnan tóma sé þeirra og fór nokkuð þúður í vikunni í að ræða þetta mál. Nú er hins vegar bara að spýta í lófana, rúlla tómu tunnunni út af dægurmálasviðinu og takast á við það sem öllu máli skiptir – sigurinn í Belgrad!

... Þorberg Aðalsteinsson

Þorbergur Aðalsteinsson fór mikinn í sjónvarpsþættinum Utan vallar á Sýn þar sem hann sagði að tveir af hugsanlegum kandidötum HSÍ í landsliðsþjálfarastarfið, þeir Aron Kristjánsson og Dagur Sigurðsson, þyrðu ekki að taka við „strákuunum okkar“. Þorbergur var síðan sagður hafa mætt ölváður í útsendinguna og HSÍ sendi í kjölfarið frá sér yfirlýsingu þar sem orð hans voru hörmuð enda hefði hann brotið trúnað. Síðar kom í ljós að Dagur vildi alveg taka við landsliði, bara ekki því íslenska heldur því austurríska sem heldur EM árið 2010.



HELGARKROSSGÁTAN



Leystu krossgátuna!

Þú gætir unnið The Simpsons Game á PS2!

Þú sendir SMS skeytið **JA LAUSN LAUSNARORÐ** á númerið **1900!**

99 kr. smsið

Dæmi hvernig SMS gæti lítit út ef svarið er Jón: Þú sendir þú SMS-ið: JA LAUSN JON

| | | 106 | | MP & BH | | HÓTA | RÓTA | KYRRÐ | | TANGI | NÚMER | BLÓÐSUGA | ↓ | | |
|---------------|---|-----------|--------|---------------|------|---------------|-----------|-------------|---------------------|-------|-------------|--------------|-----------|------------|-------------|
| MERÐ | | | | | | | | | | | | | | | |
| ÆXLUNAR-KORN | | | | | | | | MÆLI-EINING | | | | | | | |
| ÁTT | | | | | | | VÖRUMERKI | | 5 | | GRANIR | | VELTINGUR | RYKKORN | HERMA |
| VOND | | | | | | | BARDAGI | | | | | | | | |
| | ↓ | HRÓP | TJÚTTA | ÁSAMT | | | | | LÁTAST AF SLYSFÖRUM | | | | | | |
| | | | | | | | | | MONT | | | | | | |
| LÍKAN | | | | | 1 | ENDUR-TEKNING | | | | | | KVK. SPENDÝR | | | |
| HERMA | | | | HRÓPA | | | | UMHVERFIS | | | | | | KIND | |
| | | | | TRJÁ-TEGUNDAR | | | | HÖGG | | | | | | HRÆÐSLA | |
| | | LÆRLINGUR | | | | | | GRÍN | | | | GRUNN-FLÖTUR | | | |
| | | SKYLDI | | | | | | BOR | | | | KLETTUR | | | |
| SKÓLPRÖR | | | | | | PUNNUR VÖKYI | | | STRIT | | | | EFNI | | |
| | | | | | | | | | BRÖMLUÐU | | | | FÁMÆLGI | | |
| ÁHRIFAVALD | | | | | | KRAPI | | | | | LÍTID BÝLI | | | | AFGANGUR |
| | | | | | | LÆÐA | | | | | SKAP | | | | |
| TVEIR EINS | | | FÆÐA | | | | | TVEIR EINS | | | FRAM-KVÆMIR | | | | |
| | | | | | | | | SÓT | | | AFLI | | | | LOFT-TEGUND |
| BRAGAR-HÁTTUR | | | | | 3 | BÍLFERÐ | | | | | | | | TVEIR EINS | |
| | | | | | | AFBROT | | | | | | | | SVIF | |
| | | | | | | | | | | | | | | | 2 |
| | | | | | SUSS | | | | HESTA-SKÍTUR | | | AFLAST | | | |
| | | | | | | | | | ÍPRÓTTA-FÉLAG | | | HALLÓ | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | HÁSKI | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | ENGI | | | | | | LÍFGA | | | | |

LOKADAGAR ÚTSÖLUNNAR Í SKÍFUNNI SMÁRALIND

KOMDU OG GERÐU BESTU KAUPIN Í BÆNUM
Á GEISLADISKUM OG DVD MYNDUM.



OPIÐ
LAU: 11-18
SUN: 13-17



BONUS BONUS BONUS

Ariel Sensitive þvottaefni 50 SKAMMTAR - 30 KR. PR. ÞVOTTUR Pampers bleiur risa kassi ! 11-18% BETRA VERÐ



1498

Ariel Sensitive þvottaefni.
50 skammtar á **1498 kr.**
eða 30 kr. pr. þvott



2298

Pampers Midi 4-9 kg. **156 stk.**
Pampers Maxi 7-18 kg. **132 stk.**
Pampers Maxi Plus 9-20 kg. **120 stk.**
Pampers Junior 11-25 kg. **111 stk.**



25%
AFSLÁTTUR

KS lambasvið **299 kr./kg.**
MERKT VERÐ 399 KR./KG.



20%
AFSLÁTTUR

KS lambahryggur frosinn
1.038 kr./kg.



474

KS lambasúpukjöt 1. flokkur
474 kr./kg.



20%
AFSLÁTTUR

KS frosið lambalæri **879 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1.098 KR./KG.



40%
AFSLÁTTUR

KF einiberjakryddað lambalæri
1.199 kr./kg. MERKT VERÐ 1.999 KR./KG.



40%
AFSLÁTTUR

Móa grillaður kjúklingur um 1.100g
504 kr. stk. MERKT VERÐ 840 KR./KG.

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

BONUS BONUS BONUS



ALI SVÍNAKJÖT GOTT VERÐ



Ali ferskar svínakótilettur
1019 kr/kg. MERKT VERÐ 1698 KR/KG.



Ali ferskur svínabógur
499 kr/kg.



Ali ferskt svínahakk **30% afsláttur**
589 kr/kg. MERKT VERÐ 841 KR/KG.



Ali ferskar svínahnakkasneiðar
1259 kr/kg. MERKT VERÐ 1798 KR/KG.



98

59



698



598



69

Bónus appelsín **2 ltr 98 kr.**
Bónus malt 500 ml **59 kr.**

Kristjánsmannabakarí gulrótarkaka
890g **698 kr./kg.**

Chicagotown Pizza
655 g aðeins **598 kr.**

Mylu Muffins
69 kr. stk.



898

Coke Classic 2 ltr/ 6 fl.
Bónus páskaegg nr.3 170g **898 kr.**



**40%
AFSLÁTTUR**

Óðals úrb. svínahnakki helgarsteik
1.019 kr./kg.



1998

Óðals nautafillet helgarsteik
1.998 kr./kg.

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI



Hætt að leika

Leikkonan ástsæla Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir ætlar að snúa frá leiknum og er orðin verkefnastjóri Viðeyjar.

Auknir fordómar gegn innflytjendum

Einar Skúlason segir að lykillinn sé að fræða meirihlutann, en ekki minnihlutann.

Lordi er ekkert grín

Dr. Gunni spjallar við Finnann hryllilega sem færði Finnum Eurovision-gullið.

Sport

Sport fylgir blaðinu á morgun

Fögur orð um íslenska landsliðsmanninn - viðtal við þjálfara Jóns Arnórs Stefánssonar hjá Lottomatica Roma. Steve Coppell og álit hans á íslensku leikmönnum hjá Reading. Nærmynd af efnilegasta kylfingi Evrópu. Verstu meiðsli íþróttasögunnar. 13 ára gamall sonur Zinedine Zidane, sem þykir síst lakari knattspyrnumaður en pabbi hans.

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga



STUÐ MILLI STRÍÐA Leyndarmálið afhjúpað

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR SETUR SÉR MARKMIÐ EINS OG HENNI SÉ BORGAEÐ FYRIR



Ég hef aldrei verið ginnkeypt fyrir spekulöntum sem þykjast geta selt manni uppskrift að lífinu. Hvorki þeim sem ganga í hippapilsnum og ilma eins og reykelesi, né þessum í jakkafötunum sem segjast geta upplýst öll leyndarmál um hvernig maður verður ríkur á tveimur sekúndum. Ég hef nefnilega frá barnsaldri átt mér minn eigin persónulega lífsspekúlant. Það eru tvær manneskjur sem heita eitthvað annað en sínum réttu nöfnum í símaskránni minni. Önnur þeirra ber nafnið Dalai. Það er andlegur og veraldlegur leiðbeinandi minn um glapstígu þessa

lífs. Með öðrum orðum, móðir mín ástkær. Hin manneskjan hefur borið titilinn Amaban eftir að ég líkti henni við einfrumung. Af hverju man ég ekki.

Sem sagt, ég hef aldrei keypt uppskriftir að lífshamingju, hef ekki opnað bókina um munkinn á sportbílnum og fannst Alkemistinn leiðinlegur. Ég sá hins vegar brot af viðtali við Secret-manninn Canfield fyrir nokkru síðan, þegar hann var hingað kominn til að frelsa Íslendinga. Í viðtalinu sagði kaúdi að hann setti sér alltaf sjö markmið á ári hverju. Þessi flokkaði hann niður í hitt og þetta, eins og fjármál, persónulega þróun og þvíumlikt. Þetta hefur náð að skjóta einhverjum rötum í höfði

minu og þær eru farnar að spíra.

Ég hef aldrei verið sérstaklega mikið fyrir að plana langt fram í tímann, og heldur viljað stökkva til þegar andinn kemur yfir. Augu mín hafa hins vegar opnast fyrir þessu leyndarmáli sem felur í sér að ákveða eitthvað og standa við það.

Hingað til er ég búin að ákveða að fyrir þrítugt muni ég vera búin að skrifa skáldsögu. Á sama tíma ætla ég að læra eitt nýtt tungumál og ljúka mastersnámi. Ú, og læra að hekla. Og baka pönnukökur sem er ekki hægt að rúlla eftir gólfum. Og kaupa mér borvél. Og læra listdans á skautum. Þið sjáið það, bara sú iðja að hugsa upp markmið er stórskemmtileg.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Naomi í uppskurð

Ofurfyrirsætan Naomi Campbell var lögð inn á brasilíska sjúkrahúsið Sirio Libanes í byrjun vikunnar þar sem hún gekkst svo undir aðgerð degi síðar. Fyrst var talið að um sýkingu væri að ræða, en samkvæmt brasilíska blaðinu Folha var aðgerðin gerð eftir að blaðra fannst á eggjastokki fyrirsetunnar. Læknar töldu að hætta á bólgum væri mikil og vildu því fjarlægja blöðruna sem fyrst.

Talsmaður fyrirsetunnar sendi frá sér tilkynningu þess efnis að fyrirsetunni heilsaðist afar vel eftir aðgerðina. „Hún er að hvíla sig og hlakkar til að snúa aftur til vinnu. Hún vill þakka læknum sem önnuðust hana,“ segir talsmaðurinn. Læknir fyrirsetunnar, Pinotti, staðfesti að aðgerðin hefði gengið vel og sagði ekkert hafa komið upp á sem væri áhyggjuefni. Naomi mun væntanlega dveljast á spítalanum í nokkra daga í viðbót á meðan hún jafnar sig.

JAFNAR SIG Í BRASÍLÍU Ofurfyrirsætan Naomi Campbell fór í skurðaðgerð í Brasilíu fyrr í vikunni eftir að læknar fundu blöðru á eggjastokk hennar sem þeir töldu nauðsynlegt að fjarlægja.

Dolly fékk í bakið

Kántrísöngkonan Dolly Parton hefur frestað fyrirhugaðri tónleikaferð um Bandaríkin vegna bakverkja. Læknar hinnar 62 ára söngkonu hvöttu hana til að taka sér sex til átta vikna frí til að jafna sig almennilega. „Ég legg mig alla í að kynna nýju plötuna mína en ég vil helst ekki meiða mig á því,“ sagði söngkonan. „En hei, reyndu að dilla þessum hvolpum framan á þér í smá stund og sjáðu hvort þú færð ekki í bakið líka. En í alvöru talað, læknarnir segja að ég verði orðin fin aftur fyrir en varir ef ég hvíli mig og þá tek ég þetta með trukki.“

Nýjasta plata Dollyar, Backwoods Barbie, er nýkomin út og er fyrsta platan sem Dolly gefur út sjálf á Dolly Records. Ameríkutúrinn átti að hefjast í dag, en byrjar ekki fyrr en 22. apríl. Evróputúr er svo fyrirhugaður í sumar.

DOLLY JAFNAR SIG NÚ Í BAKINU Reyndu að dilla þessum hvolpum!

Bandarískir indí-tónar

Bandaríska indí-hljómsveitin The Pains of Being Pure at Heart spilar á Organ í kvöld. Einnig koma fram Lada Sport, <3 Svanhvít! og DJ Einar Sonic. The Pains of Being Pure at Heart var stofnuð í New York fyrir ári síðan. Helstu áhrifavaldar hennar eru Wedding Present, The Mighty Lemon Drops og The Jesus and Mary Chain. Sveitin er um þessar mundir á tónleikaferð um Bretland þar sem hún hefur fengið mjög góðar viðtökur. Eftir tónleikaferðina ætla hún að hefja vinnu við sína fyrstu stóru plötu. Tónleikarnir á Organ hefjast klukkan 22 og kostar 1.000 krónur inn.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ashlee Simpson og Fall Out Boy-rokkarinn **Pete Wentz** hyggjast ganga í það heilaga á næstunni. Simpson er nú með trúlofunarhring á fingri. „Það þýðir bara að hann er ekki búinn að biðja þabba um hönd mína ennþá,“ sagði Ashlee um hringinn í sjónvarpsþættinum The Sauce, og gaf þannig til kynna að formlegt bónonorð væri ekki langt undan.

Næsta plata **Madonnu**, sem kemur út 29. apríl, hefur hlotið nafnið Hard Candy. Fyrsta smáskífan af plötunni, þar sem **Justin Timberlake** syngur með stórstjörnunni, kemur í verslanir í lok mars. Þeir **Pharrell Williams** og **Timbaland** komu einnig að gerð plötunnar, og kvaðst Timbaland á dögunum ennþá vera „í skýjunum“ yfir að hafa fengið að vinna með Madonna.

Hin nýgifta Grey's Anatomy-stjarna **Katherine Heigl** vill eignast börn sem allra fyrst. Hún segist vilja byrja að reyna í júlí á þessu ári en þar sem eiginmaður hennar, **Josh Kelley**, vill bíða í ár hafa hjónakornin miðlað málum og fallist á að hefja barn eignartilraunir í desember. Heigl og Kelley gengu í það heilaga um síðustu jól.

Nicole Richie og dóttir hennar og tónlistarmannsins **Joels Madden, Harlow**, prýða forsiðu nýjasta tölublaðs tímaritsins People. Nicole talar þar um hvernig dóttirin hefur breytt lífi hennar og tiltekur sérstaklega mataræði. „Fólk heldur að maður þurfi að passa hvað maður borðar á meðgöngunni, en það er þegar maður er með barn á brjósti. Ég borða hrikalega bragðlausan mat, kjúklingasúpu með núðlum, grænmeti og fisk,“ segir hún.

Bíótilboð!

Devil Wears Prada



1.499



Kauptu Devil Wears Prada á DVD í næstu BT verslun og þú færð bíómiða* á hina stór-skemmtilegu rómantísku gamanmynd 27 Dresses sem nú er sýnd í kvikmyndahúsum.



*Meðan birgðir endast

Safarík efnisskrá fiðlu og nikku



Kl. 14

Nemendur Tónlistarskólans í Reykjavík halda tónleika í Norræna húsinu í dag kl. 14. Á efnisskránni eru verk eftir Mozart, Haydn, Salieri og Beethoven meðal annarra og því ættu aðdáendur þessara tónskálda ekki að láta tónleikana framhjá sér fara. Aðgangur að tónleikunum er ókeypis og öllum opin.

Skemmtilegir tónleikar fara fram í Þorgeirskirkju í dag og í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit á morgun. Þar koma fram þeir Hjörleifur Valsson fiðluleikari og Tatu Kantomaa harmóníkuleikari og leika lauffléttu en um leið blóðheita og safaríka efnisskrá.

Hjörleifur Valsson lauk einleikarprófi frá tónlistarháskólanum í Ósló árið 1993, þar sem aðalkennari hans var Eivind Aadland, en hlaut þá styrk frá tékkneska ríkinu til náms við Prag-konservatoríið. Þar nam hann fiðluleik og kammertónlist í þrjú ár auk þess að leika með ýmsum kammerhópum og hljómsveitum þar í borg. Hjörleifur hefur komið fram á fjölda tónleika víða um Evrópu og starfað með tónlistarmönnum á borð við Mstislav Rostropovitsj, Shlomo Mintz, Gilles Apap svo einhverjir séu nefndir. Hjörleifur hefur samið, útsett og leikið tónlist fyrir leikhús og margoft tekið þátt í upptökum fyrir útvarp, sjónvarp, kvikmyndir



TATU KANTOMAA Harmóníkuleikari með meiru.

og hljómplötuútgáfur. Hjörleifur er mjög virkur í íslensku tónlistarlífi og kemur víða við sem fiðluleikari auk þess að kenna fiðluleik við tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Hann leikur á fiðlu

smíðaða af Antonio Stradivari frá árinu 1732, sem er í eigu Ingunnar G. Wernersdóttur. Tatu Kantomaa hefur leikið á harmóníku frá unga aldri. Hann nam fyrst hjá Veikko Ahvenainen en síðar hjá Viktor Kouzovlev sem kenndi við tónlistarskólanum í Jyväskylä. Tatu hefur haldið fjölda tónleika víða um heim frá ellefu ára aldri, meðal annars í Bandaríkjunum, Finnlandi, Japan, Þýskalandi, Austurríki, Ítalíu, Svíþjóð, Noregi og á Íslandi. Hann hefur auk þess komið fram í útvarpi og sjónvarpi í mörgum löndum, spilað í leikhúsi og gefið út nokkra geisladiska. Tatu hefur búið á Íslandi með hléum frá 1996 þar sem hann hefur bæði kennt og spilað á harmóníku. Tatu hefur þar að auki leikið með Caput-hópnum og með hljómsveitunum Rússíðbönnum og Tangósveit lýðveldisins. Tónleikarnir hefjast kl. 15 báða dagana og er miðaverð 2.000 kr.

menning

menning@frettabladid.is

Börnin frædd um þjóðlegan arf

Bryddað verður upp á þeirri nýbreytni á Þjóðminjasafni Íslands á morgun að bjóða sérstaka barnaleiðsögn um grunnsýningu safnsins kl. 15. Það verður Helga Einarasdóttir safnfræðslufulltrúi sem annast leiðsögnina og mun hún fræða börnin um 1200 ára sögu þjóðarinnar. Ferðalagið hefst í skipi landnámsmanna á 9. öld en útlínur þess má sjá á gólfinu þegar gengið er inn á grunnsýningu safnsins.

Meðal annars sem verður skoðað er 800 ára gamall skór, dularfullur álfapottur, Valþjófsstaðahurðin, beinagrindur, hringabrynja og galdramunir. Helga mun ræða við börnin um það sem þau sjá en ýmsar spurningar vakna frammi fyrir gripum úr fortíðinni. Á Þjóðminjasafninu eru til dæmis alls

konar spennandi sverð, axir og spjót sem eru um þúsund ára gömul. En hvers vegna þurftu landnámsmennirnir að hafa svona mikið af vopnum?

Börnin fá líka að hlusta á frásögn barns úr fortíðinni en í Þjóðminjasafninu er hægt að ná „símasambandi“ við lítinn landnámsstrák og fleiri skemmtilega krakka.

Safnfræðsla Þjóðminjasafnsins stendur fyrir öflugum barnastarfi og er ýmislegt í boði fyrir börn á safninu. Stefnt er að því að auka framboðið enn frekar og er barnaleiðsögnin á sunnudaginn liður í því.

Börn eru alltaf velkomin í Þjóðminjasafnið, það verður skemmtilegt á sunnudaginn og fjölskyldu-fólk er hvatt til fjölmenna.

- vþ



BÖRNIN FRÆÐAST Allir aldurshópar skemmta sér vel á Þjóðminjasafninu.



VIÐ STÆRSTU LEIRBYGGINGU Í HEIMI Í MALÍ Vísanir í íslenskar íþróttahetjur birtast greinilega á ólíklegustu stöðum.

MYND/PÁLL STEFÁNSSON

Með Afríku á heilanum

Tvær áhugaverðar ljósmyndasýningar voru opnaðar um síðustu helgi í Gerðarsafni í Kópavogi. Annars vegar árleg sýning Blaðaljósmyndarafélags Íslands og hins vegar sýning Páls Stefánssonar sem ber nafnið XXV X2.

Nokkuð hefur borið á umfjöllun um sýningu Blaðaljósmyndarafélagsins í fjölmiðlum og skyldi engan undra, enda er þar á ferðinni skemmtileg sýning sem inniheldur listfengar ljósmyndir af mörgum þeim atburðum og manneskjum sem voru efst á baugi á liðnu ári. Sýning Páls er ekki síður áhugaverð, en á henni gefur að líta myndir sem Páll hefur tekið undanfarna tólf mánuði.

„Ég er lítið gefinn fyrir að líta til

baka og því kom fátt annað til greina þegar ég var beðinn um að setja hér upp sýningu en að sýna nýjustu myndirnar mínar. Því miður á ég engar myndir af morgundeginum, annars hefði ég líkast til vilja sýna þær,“ segir Páll og hlær.

Páll tekur myndir fyrir tímarit Icelandair, Atlantica og myndir af heimsmínjum fyrir UNESCO. Það gefur því auga leið að hann ferðast töluvert í tengslum við starf sitt og hefur því tækifæri til að mynda framandi landslag og menningarheima. En er ekkert erfitt að ferðast svona mikið?

„Ég hef verið alveg laus við flugþreytu og því taka þessi ferðalög ekkert á mig. Á síðasta ári ferðaðist ég meðal annars til Kína, Kamerún, Kópaskers, Kænugarðs og Malí, svo einhverjir staðir séu nefndir. Það er alltaf jafn gaman að koma á nýja staði og fá tækifæri til að festa ný viðfangsefni á filmu.“

Myndir frá Afrikulöndum eru

nokkuð áberandi á sýningu Páls. Hann segir góða og gilda ástæðu fyrir því. „Ég er með Afríku á heilanum. Fólk þar er svo glaðvært og glatt og laust við tilgerð og því er einstaklega gaman að mynda það. Á Vesturlöndum er gjarnan dregin upp afar neikvæð mynd af Afríku; okkur er bara sýnd hungursneyð, stríð og volæði. Mig langar til þess að sýna aðra og jákvæðari hlið á álfunni með myndunum mínum.“

Páll hefur ekki enn gengið stafrænu byltingunni algerlega á hönd og kys heldur að taka myndir á filmu. „Mér finnst filman einfaldlega betri. Stafrænar myndavélar eru finar þegar maður er að taka myndir fyrir dagblöð og slíkt, en ef man langar til að geta stækkað myndirnar mikið upp til að gera bækur og sýningar er varla hægt að líkja þessu tvennu saman hvað gæði varðar,“ segir Páll að lokum.

vigdis@frettabladid.is

MÁLVERK

Höfum kaupendur að verkum gömlu meistaranna.

ÖRUGG OG GÓÐ ÞJÓNUSTA. STAÐGREIÐSLA Í BOÐI. GERUM UPP VIÐ EIGENDUR MYNDVERKA UM LEIÐ OG SALA FER FRAM.

Leitum sérstaklega að verkum eftir Svavar Guðnason, Þorvald Skúlason, Karl Kvaran, Nínu Tryggvadóttur og Kristján Davíðsson. Einnig módelmyndum eftir Gunnlaug Blöndal.

Hafið samband við Pétur Þór í síma 511 7010 / 847 1600

SKIPHOLTI 35
Næg bilastæði

Galleri
BORG

Listmuna- og uppboðshús Reykjavíkur
Sími 511 70 10

OPIÐ KL. 13-18
Lokað sunnudaga og
mánudaga

Málverk Vojkans

Vert er að benda á athyglisverða myndlistarsýningu sem var opnuð nýlega á Café Cultura, Hverfisgötu 18. Á sýningunni má líta olíumálverk eftir listamanninn Vojkan Granicarski sem hefur verið búsettur á Íslandi síðan árið 2000. Vojkan er fæddur árið 1975 í Vrsac í Serbíu. Hann er kvæntur og á eina dóttur.

Myndirnar eru gerðar á sama tíma og listamaðurinn var að aðlagast lífi í íslensku samfélagi. Myndirnar fjalla því öðrum þræði um nýtt umhverfi og aðlögun að nýjum aðstæðum. Vojkan hefur frá unga aldri haft mikinn áhuga á myndlist og tók á árum áður þátt í samkeppnum fyrir unga listamenn í Serbíu og vann til margra verðlauna. Síðan hann flutti til Íslands hefur hann haldið áfram að leggja stund á myndlist og meðal annars stundað nám við Myndlistarskólann í Reykjavík hjá Hilmari Guðjónssyni. Það er ekki á hverjum degi sem listræn sýn nýrra Íslendinga ber fyrir augu og því er ástæða til að hvetja áhugasama um að láta sýninguna ekki framhjá sér fara.



CAFÉ CULTURA Myndlist í Alþjóðahúsinu.

- vþ

CREATIVE

ALLTAF Á BETRA VERÐI



CREATIVE 245



CREATIVE®

Tveir litlir og nettir hátalarar frá Creative sem eru tilvaldir á skrifstofuna sem og heimilið.

VERÐ 1.490

CREATIVE A200



CREATIVE®

Ódýrt og gott 2.1 hátalarakerfi frá Creative með tveimur nettum hátölurum fyrirferðarlitlu bassaboxi.

VERÐ 3.490

CREATIVE A500



CREATIVE®

Creative A500 er stórt og mikið 5.1 hátalarakerfi. Fimm hátalarar og eitt nett bassabox.

VERÐ 6.990

CREATIVE G500



CREATIVE®

Hörku 5.1 hljóðkerfi sem er sérsníðið fyrir leikjaspilarann. 130W risastórt bassabox og 5 hátalarar

VERÐ 34.900

CREATIVE T20



CREATIVE®

Creative T20 er flott tveggja hátalara kerfi frá Creative með 2x 14W RMS hlóm. Fallegur og tær hljómur.

VERÐ 11.900

CREATIVE 3330



CREATIVE®

Creative I-Trigue 3330 er skemmtilegt 2.1 hátalarakerfi. Tveir 6W RMS hátalarar með kröftugu 17W bassaboxi.

VERÐ 11.900

CREATIVE 30001



CREATIVE®

Kraftmikið 2.1 hátalarakerfi með stóru bassaboxi og dokku fyrir alla helstu lþod spilarana.

VERÐ 15.900

CREATIVE FATALITY



CREATIVE®

Glæsileg lokuð leikjaheyrnartól með 40m Neodymium hátölurum hægt er að taka hljóðnema af

VERÐ 5.990

CREATIVE VIDEO IM



CREATIVE®

Ódýr og góð hvít vefmyndavél frá Creative sem passar uppá alla skjái. Vertu í sambandi við vinina

VERÐ 3.490

CREATIVE VIDEO PRO



CREATIVE®

Einstaklega nett video vefmyndavél frá Creative, sem skilar einstaklega skýrum og tærum netmyndum

VERÐ 3.990

CREATIVE IM PRO



CREATIVE®

Glæsileg Video Pro vefmyndavél frá Creative sem nýtist jafnt með fartölvum sem og heimilistölvum, USB 2.0

VERÐ 4.990

CREATIVE LIVE VISTA



CREATIVE®

Flott vefmyndavél frá Creative sem nýtist á alla tölvuskjá, á frábæru tilboði í Tölvulistanum

VERÐ 2.490

CREATIVE ZEN



CREATIVE®

Pínulítill MP3 spilari sem er einnig video spilari og útvarp. 25 klst endurhlaðanleg rafhlaða.

4GB 15.900 | **8GB 19.900**

ZEN STONE+



CREATIVE®

MP3 spilari og FM útvarp, kraftmikill hátalari, 64x64 pixla skjár 20 tíma endurhlaðanleg rafhlaða

2GB 6.990 | **4GB 11.900**

ZEN AUKAHLUTIR



CREATIVE®

Mikið úrval af aukahlutum fyrir ZEN - Hægt er t.d að fá armól, tösku eða lykklakippistösku fyrir ZEN Stone MP3

VERÐ 990 STK

FATALITY XFI-PRO



CREATIVE®

Vandað 7.1 Fatality hljóðkort með 24 bita Crystalizer og EAX 5.0 vélbúnaður og með 64MB X-Ram

VERÐ 16.900

TÖLVULISTINN ALLTAF BETRA VERÐ

REYKJAVÍK • NÓATÚNI 17 • S: 414 1700 | AKUREYRI • STRANDGÖTU 9 • S: 414 1730 | EGILSSTAÐIR • MIÐVANGI 2-4 • S: 414 1735
KEFLAVÍK • HAFNARGÖTU 90 • S: 414 1740 | KÓPAVOGUR • HLÍÐASMÁRA 10 • S: 414 1760 | AKRANES • SMÍÐJUVÖLLUM 32 • S: 414 1765
SELFOSS • AUSTURVEGI 34 • S: 414 1745 | ÞJÓNUSTUDEILD • HÁTÚN 6A • S: 414 1720



Prímúlur
í keramikpotti

99^{kr}

1€

1€

Smákrýsi
í potti

99^{kr}

Lífræn epli

199^{kr/kg}

Gildir í Skútvogi



5 stk
Afskornar liljur

999^{kr}

Grænu fróðleiks-
molarnir
hennar Láru

Nú má í raun byrja að klippa öll
tré og alla runna. Þó þarf að
gæta sín á birki og hlyn því þeim
blæðir (safarensli)
í mars og apríl.

Gott er að leyfa sölnuðu
laufi og plöntuleifum
að liggja í þeim fram eftir
aprílmánuði til skýlingar.

Nú er gott að fara að huga að
forræktun sumarblóma. Tryggið
ykkur fræ á meðan úrvalið er
gott í verslunum okkar.

Gott er að skýla plöntum
með akrýlfirbreyðslum þegar
kalt er í veðri. Hitastigið undir
slíkum dúk verður allt að
5 gráðum hærra.

Nú þarf að drífa í að umpotta
stofublómunum. Gott er að
stækka pottinn um 2-3 sm og
bæta á nýrri gróðurmold.



Páskaliljur
í potti

99
kr

Sýpris
(100sm)

799
kr



1€



10 stk
Rósir

999
kr



Orkideur

499
kr/stk

€vrópuverð

Laugardag og sunnudag



Valmúi
silki-blóm

199
kr

Fæst í **SOLDIS** í Skútuvogi



Sáðbakkar

30%
afsláttur



Frætilboð

Stjúpufræ
Skjalfléttufræ
Basilikufræ

49
kr/pk

Mold
(10ltr)

199
kr/ltr



blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Húsavík
Egilsstaðir - Selfoss - Keflavík - Kringlan - Smáralind

ÁST í samstarfi við Vестurport
 27. febrúar
 28. febrúar
 2. mars
 SÖNGLEIKUR EFTIR
 GÍSLA ÖRN GARDARSSON
 OG VÍKING KRISTJÁNSSON
 Miðasala 568 8000
 www.borgarleikhus.is



HARMONIKUBALL
 í kvöld frá kl. 22:00
 í Húnaþúð, Skeifunni 11
 Reykjavík.
 Harmonikufélag Reykjavíkur



HALLA & KÁRI
 KOLSVARTUR SAMANLEIKUR EFTIR
 HAVAR SIGURJÓNSSON
 Næstu sýningar
 Lau. 1. mars kl. 20
 Sun. 2. mars UPPSELT
 Lau. 8. mars kl. 20



Landshúsið
 HAFNARFIARÐAR
 LEIKHÚSIÐ
 HAFNARSTR. 10
 101 REYKJAVÍK

Margrét um Streymið

Listfræðingurinn Margrét Elísabet Ólafsdóttir verður með leiðsögn um sýninguna Streymið – La Durée í Listasafni Íslands á morgun kl. 14. Margrét nálgast verkin á sýningunni út frá vangaveltum Halldórs Björns Runólfssonar sýningarstjóra um tímann.

Sýningin Streymið – La Durée, samsýning þriggja kvenna í sölum Listasafns Íslands, var opnuð fyrir rúmri viku. Á sýningunni mætast svissneska listakonan Emmanuelle Antille og íslensku listakonurnar Gabríela Friðriksdóttir og Guðný Rósa Ingimarsdóttir.

- vp

Hvers vegna erum við að þessu?

Leiklistardeild LHÍ og leiklistarsambandið hrinda á mánudag úr vör áhugaverðri fyrirlestraröð um sviðslistir. Tvö fyrirlestrakvöld eru á dagskránni nú fyrir páska en eftir páska er stefnan að halda úti vikulegum fyrirlestrakvöldum fram í maí. Fyrirlestrarnir taka á hlutverki, aðferðum og fagurfræði sviðslistanna og eru öllum opnir, jafnt fagfólki sem áhugafólki um sviðslistir.

Fyrsta fyrirlestrakvöldið verður haldið á mánudagskvöldið næstkomandi kl. 21 á Kaffi Sólun og hafa nokkrir nemenda leiklistardeildar LHÍ veg og vanda að skipulagningu kvöldsins. Yfirskrift kvöldsins er „Hin nauðsynlega enduruppötvun hjólsins“. Varpað verður upp grundvallarspurningum um hlutverk listamannsins og möguleika nýjunga: „Öðru hverju verðum við sem listamenn að staldra við og velta fyrir okkur: Af hverju erum við að þessu öllu saman? Er leiklistin stöðnuð eða einfaldlega búin að renna sitt skeið? Af hverju gerum við ekki eitthvað skemmtilegt? Við erum hin nýju, þeir sem þurfa að spenna sig fremst á vagninn og leiða nýsköpunina samfara allri þeirri pressu sem því fylgir. Getum við gert eitthvað nýtt? Er ekki löngu búið að finna upp hjólið? Við skul-



ÁHORFENDABEKKIR Hvert er hlutverk leikhússins?

um velta upp þeirri spurningu og athuga hvað sé til ráða.“

Miðvikudagskvöldið 12. mars mun síðan Ingo Diehl frá Tanzplan Deutschland fjalla um menningarstefnu Þjóðverja hvað varðar uppbyggingu listdans en Tanzplan Deutschland er lykilstofnun í þeirri uppbyggingu.

Salurinn

ÞRIÐJUDAGUR 4. MARS KL. 20
 TÍBRÁ: KVIKHLIÓÐ.
 TÓNLIST PÚRIÐAR JÓNSDÓTTUR
 OG SCIARRINO Í SAMTALI VIÐ
 MYNDLIST OG VÍDEÓ.

LAUGADAGUR 8. MARS KL. 13
 MEISTARI MOZART.
 STRENGJA-OG PÍANÓKVINTETT
 TÓNLEIKAR KENNARA TÓNÓ KÓP.

LAUGADAGUR 8. MARS KL. 20
 TÍBRÁ: SÖNGBÓK JAZZINS.
 TÓNLIST COLES PORTERS.
 KRISTJANA STEFÁNS & FÉLAGAR.

SUNNUDAGUR 9. MARS KL. 16
 SÖNGLÖG JÓRUNNAR VIÐAR.
 HELGA RÓS OG GUÐRÚN DALÍA

BYR SPARRJÓÐUR
 SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

Roof Tops
 í kvöld
 Þjöllbreyttur sérréttaseðill og tilbodsmatseðill á leikhúskvöldum



LABAN

AUDITIONS AND WORKSHOPS

BA HONOURS DANCE THEATRE ONE YEAR PROGRAMMES

REYKJAVÍK, ICELAND

8 + 9 MARCH 2008

Contact Signý Stefánsdóttir

Klassíski Listdansskólinn,

Grensásvegur 14

108 Reykjavík

T 00 354 694 1222

E signys@ru.is



Fast track specialist training also available for dancers, teachers, notators, choreographers and community artists.

Contact the administrator at your nearest venue, to join a workshop and find out more.

BERLIN, GERMANY

DANCEWORKS berlin

1 + 2 March

Contact Andy Arndt

laban@andyarndt.com

HELSINKI, FINLAND

Teatterikorkeakoulu

15 + 16 March

Contact Jukka Tarvainen

jukka.tarvainen@teak.fi

LONDON, UK

8 April

10 April

11 April

Contact Maggie Kelly

m.kelly@laban.org



LABAN

CREEKSIDE
 T +44 (0)20 8691 8600

LONDON
 INFO@LABAN.ORG

SE8 3DZ
 WWW.LABAN.ORG

UK

Programmes offered at Laban which fall within the framework for higher education qualifications in the UK are validated by City University, to whom Laban is responsible for ensuring the quality and academic standards of its undergraduate and postgraduate provision. Laban is incorporated by Trinity Laban. Registered Charity 309998. Supported by Arts Council England with National Lottery funds. Design Laban 2008 Photo Martin Jordan and Merlin Hendy.



ego dekor



Skápur – vengi/svartar glerhurðar
Einnig fáanlegur í hnotu/ hvítar háglans hurðar
Stærð: 132cmx43cmxH:130cm
Verð: 128.000,-



Piano borðstofuborð
Stærð: 138cmx138cm
Verð: 79.000,-
Stærð: 220cmx100cm
Verð: 86.000,-



Tito sófaborð
Fáanlegt í svörtu, hvítu, rauðu og brúnu háglans
Stærð: 140cmx70cm
Verð: 48.000,-

Austria tungusófi
Stærð: 333cmx200cmxtungubr:112cm
Verð: 188.000,-
Fáanlegur í tweed áklæði
Hægt að taka áklæði af og hreinsa

NÝJAR VÖRUR FRÁ COMO



Vegghengdur skenkur
Tekk/hvítar háglans hurðar
Stærð: 183cmx42cmxH:62cm
Verð: 98.000,-

Vegghilla
– tekk br: 160cm
Verð: 14.800,-
Einnig fáanleg í br: 100cm
Verð: 9.500,-

Veggskápur
– tekk / hvítar háglans hurðar
Stærð: br: 121cm
Verð: 119.400,-

Skenkur
– tekk
Stærð: br: 305cm
Verð: 95.000,-



Rio stóll
Fáanlegur í hvítum, svörtum, brúnum,
rauðum og fjólubláum lit.
Verð: 14.800,-



Madrid leðurtungusófi
Stærð: 305x220
Verð: 249.000,-

> TÍSKUFRETTIR VIKUNNAR

Chanel listsýning í Hong Kong Risastór innsetning kostuð af tískuhúsinu Chanel var opnuð í Hong Kong í fyrradag í hvítu geim-legu rými. „Hong Kong er svo orkumikil borg,“ sagði **Bruno Pavlosky**, yfirmaður tískudeildarinnar. Í rýminu er að finna sýningar á verkum tuttugu alþjóðlegra listamanna en þau eru öll byggð á hinni frægu 2,55 Chanel-tösku. Gólf sýningarrýmisins, sem er hannað af **Zöhu Hadid**, er þakið risavöxnum kameliublómum og í loftinu fljóta um kristalsský eftir **Lori Cecchini** og **Michael Lim**. Meðal annarra listamanna eru ljósmyndarinn **Araki**, rússneski gjörningahöpurinn **Blue Noses** og **Yoko Ono**.

stíll

utlit@frettabladid.is



Dömullega sanseraða hælskó með slaufu frá Erotokritos, fást í Trilogiu, Laugavegi.

OKKUR LANGAR Í ...

Dásamleg vorleg og sexi nærföt í fölgrenu og bleiku frá Systrum, Laugavegi.



La Base Pro frá Lancôme – til að setja undir farða svo að húðin ljómi og verði ger-samlega fullkomin.



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

Ghésquiere og gúmmikjólarnir

Aðaltískuviku ársins lýkur nú um helgina en hún er að sjálfsögðu í höfuðborg tískunnar, París. Af um sex hundruð sýningum sem áttu sér stað í haust er líklegt að einungis fjórar eða fimm hafi gífurleg áhrif á tískustrauma almennings næsta árið og nokkrar sýningar eru iðulega dæmdar „must-see“ af tískuspekúlöntum. Af slíkum má nefna sýningar Balenciaga og Christian Dior. Balenciaga er eftirsóttasta tískumerki heims um þessar mundir eftir að hönnuðurinn Nicolas Ghésquiere settist við stjórnvölinn fyrir um tveimur árum. Hann fær alltaf gífurlegt lof frá gagnrýndum fyrir frumleg snið og efni. Glansandi leggings sem sjást nú um allar trissur hefðu aldrei verið vinsæl nema fyrir línu Ghésquieres fyrir um tveimur árum, túlpana-pils og víðar kápur hefðu heldur aldrei litið dagsins ljós. Svokallaðar „goucho“ buxur eru komnar í allar búðir um þessar mundir í kjölfar síðustu haust- og vetrarlínu hans. Svo eru það „fetish“ skórnir sem hann kom fyrst með en eftirlíkingar eru farnar að birtast í almennum skóbúðum. Í þetta sinn sýndi þessi magnaði hönnuður okkur einhvers konar blöndu austrænna og vestrænna áhrifa og var búinn að mýkja ímynd Balenciaga ögn með kvenlegum svörtum kokkileikjólum og þröngum hnésfötum þessum við jakka í grafískum myndstrum. Mikil bar á undarlega sniðnum kjólum úr gúmmikenndum efnum sem eru ef til vill tilraun til að færa okkur fram á geimöld. Skór voru enn í undarlegri kantinum og voru himinháir með þríhyrnum perspex-hæl, og fyrirsetur voru skreyttar með stórum glitrandi armböndum og hálsfestum. Nú er bara að biða í svona sírka ár til að sjá þetta allt saman endurspeglast í ódýrari merkjum. Önnur stórsýning Parísarborgar var John Galliano fyrir Dior en þar gaf að líta einhvers konar Valley of the Dolls-keim. Fyrirsætur voru klæddar í marglita sixtískjóra með túberað hár og dúkkulega augnmálingu. Það sem vakti mesta athygli var, ef frá var tekin hin ýkta málning og hárgreiðsla, að fötin voru, ólíkt mörgum fatnaði frá Gallianos, einstaklega klæðileg – stuttir jakkar með A-línu þilsum, bryddingar úr minkaskinni og fallegir litir. Fylgihlutir eins og dásamlegar töscur úr litríku leðri voru áberandi á pallinum enda veit Galliano að töskurnar færa mestan pening í kassann.



RÓMANTÍSKT Fjólublátt og gult hjá Gaspard Yurchievich.



DÝRSLEGT Jean-Paul Gaultier notaðist við dýraskinn og pelsa í öllum flikum.



KVENLEGT Falleg en frumleg snið hjá Nicolas Ghésquiere fyrir Balenciaga.



HAUST 2008 Á TÍSKUVIKUNNI Í PARÍS

C'EST CHIC!

Frumlegheit voru í fyrirrúmi hjá helstu hönnuðum sem sýndu á tískupöllum Parísarborgar. Balmain var með rokuð glansefni, Nicolas Ghésquiere hjá Balenciaga sló aftur í gegn með framúr-stefnulegum sniðum og Vivienne Westwood fékk grunnskóla-krakka til að teikna á efnin. Jean-Paul Gaultier stuðaði dýraverndunarsamtök með því að senda fyrirsetur íklæddar þilsum og skinni frá toppi til tær, nýstjarnan á svæðinu, Gaspard Yurchievich, var með dásamlega síða draumkennda kjóla og John Galliano heillaði áhorfendur með litríku sixtíssýningu. Hér gefur að líta hápunkta vikunnar.

- amb



SIXTÍS Dúkkulegt útlit og skærir litir hjá John Galliano fyrir Dior.



ROKKAD Stuttir og sexi kjólar hjá Balmain.

ÞAÐ SEM KOMA SKAL Rauður kjóll úr glansandi gúmmiefni hjá Balenciaga.



HÅG
Hönnuður
Peter Opsvik

Capisco er heilsuvænn vinnufélagi

HÅG Capisco er margverðlaunaður skrifstofustóll sem hentar einstaklega vel fyrir þá sem kjósa að vinna við hæðarstillanleg rafmagnsskrifborð. Það er mjög auðvelt að sitja í mjög lágrí stöðu upp í það að vera hálfstandandi.



Tilboðsverð frá **kr. 78.273.-**

10 Year
Capisco skrifstofustóllinn er með 10 ára ábyrgð og lífstíðarábyrgð á hæðarpumpu

Award for Design Excellence
Awarded by the Norwegian Design Council



EG SKRIFSTOFU
HÚSGÖGN

Ármúla 22 • 108 Reykjavík • Sími 533 5900 • www.skrifstofa.is
Opnunartími: mánud. - föstud. 9:00 til 18:00 og laugard. 11:00 - 15:00


Velkomin



Í Hobby Room finnur þú allt sem þú þarft til að fullkomna hobbý herbergið þitt, allt frá billjard- og þythokkíborðum til glymskratta og mini-bars.



**Ert þú húsbóndi
í þínu herbergi?**



Í SAMA HÚSI OG JUST4KIDS
Miðhraun 2 • 210 Garðabær • S: 565 5200

OPNUNARHÁTÍÐ

VIÐ BJÓÐUM VERSLUNINA **Hobby Room**
VELKOMNA Í HÚSIÐ!



FJÖLDI
OPNUNARTILBOÐA

SLEÐAR OG POTUR
Á 50% AFSLÆTTI



DISNEYRÚM
AÐEINS KR. 7.980.-
~~15.980.-~~

LEGO FATNAÐUR
Á 25% AFSLÆTTI



LALLI TÖFRAMAÐUR
SKEMMTIR MILLI 14 OG 17



BOBO BÍLARÚM
AÐEINS KR. 8.980.-
~~19.900.-~~



PYLSA MEÐ ÖLLU
OG FROSTPINNI
AÐEINS KR. 40.-



JUST 4
KIDS

VIÐ BRÚNA HJÁ IKEA

OPIÐ ALLA DAGA KL. 11 - 19

VELKOMIN



Í stærstu og glæsilegustu gæludýraverslun landsins!



25%
af rúmum fyrir
hunda og ketti



15%
af klórustaurum
fyrir ketti



Nutram
háæða hunda-
og kattamaturl
á tilboði



Full búð af nýjum og spennandi vörum.
Frábært úrval fyrir hunda, ketti, fugla,
nagdýr og fiska.

DÝRARÍKIÐ



>SKELFILEGIR STRÁKAR

Jessica Alba er á meðal þeirra sem gefa unglingsstúlkum ráð í bókinni If I'd Known Then, sem Elyn Spragin gefur út. „Strákar eru skelfilegir. Þeir eru bara hormónar þangað til þeir eru svona 20 eða 21. Það er gaman að vera skotin en ekki halda að það endist að eilífu,” skrifar leikkonan.



fólk

folk@frettabladid.is

Harry verður fluttur heim

Hershöfðingjar í breska hernum hafa ákveðið að Harry Bretaprins verði sendur heim frá Afganistan, fimm vikum á undan áætlun. Sátt ríkti á milli hers og breskra fjölmiðla um að ekki yrði greint frá staðsetningu prinsins, sem hefur dvalist í Afganistan frá því í byrjun desember. Eftir að ástralskir og þýskir fjölmiðlar leystu frá skjóðunni í vikunni þótti öryggi Harrys vera ógnað, og var því ákveðið að hann yrði sendur heim. „Við verðum að búast við því að hver einn og einasti öfgamaður í nágrenninu muni reyna hvað sem er til að finna hann,” segir heimildarmaður The Sun innan hersins.

Á meðan á herþjónustu Harrys hefur staðið hefur hann orðið þrjátíu óvinum að bana. Hann hefur verið á fremstu vígstöðvum Breta í sunnanverðu Afganistan,

og segir í The Sun að hann hafi ekki hlotið neina sérmeðferð, heldur hafi hann, eins og aðrir, lent í skotárásum á nánast hverjum einasta degi.

Harry hefur samþykkt að vera fluttur heim innan næstu tveggja sólarhringa. Þegar er búið að flytja hann frá fremstu víglínunum, en breskir fjölmiðlar greina ekki nánar frá ferðum hans. Prinsinn, sem er 23 ára gamall og þriðji í erfðaröð bresku krúnunnar, kveðst átta sig á því að honum stafi hætta af stuðningsmönnum talibana, jafnvel eftir að heim er komið. „Hver einasta manneskja sem stýður þá mun reyna að finna mig,” segir hann.

ÁFRAM Í HÆTTU Harry Bretaprins segist átta sig á því að honum gæti enn stafað hætta af stuðningsmönnum talibana eftir að heim frá Afganistan er komið.



NORICPHOTOS/GFTY



EAU DE HALLE Halle Berry hyggst feta í fótspor fjölmargra starfssystra sinna og senda frá sér ilmvatn á næsta ári.

Óskarsverðlaunailmvatn

Óskarsverðlaunaleikkonan Halle Berry hyggst senda frá sér ilmvatn á næstunni eins og svo margar aðrar starfssystur hennar í Hollywood hafa áður gert. Þetta mun hún gera í samvinnu við fyrirtækið Coty en ilmvatnið er væntanlegt sumarið 2009.

„Hún bætir annarri vídd við markaðinn. Halle hefur alltaf verið svolítið dularfull, ekki rætt jafn opinskátt um einkalíf sitt og margar aðrar stjörnur. Ilmvötnin hennar munu leyfa henni að sýna aðdáendum aðra hlið á sér,” segir aðstoðarforstjóri Coty. Talið er að Berry fái á bilinu þrjár til fimm milljónir dollara fyrir samstarfið auk hluta ágóðans af sölu ilmvatnsins.

Dagrenning hjá Bermúða

Hljómsveitin Bermúða hélt útgáfutónleika á skemmtistaðnum Rúbín til að kynna fyrstu plötu sína, Nýr dagur. Góð stemning myndast enda hefur Bermúða verið dugleg við spilmennsku undanfarin ár.

Úrvalslíð söngvara og hljóðfæraleikara var Bermúða til halds og trausts á tónleikunum, þar á meðal strengjaleikarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands. Á plötunni Nýr dagur eru ellefu lög sem koma úr ýmsum áttum hvað varðar lagahöfunda og stíl. Meðlimir sveitarinnar eru: Erna Hrönn Ólafsdóttir, Gunnar Reynir Þorsteinsson, Ingvar Alfreðsson, Ómar Örn Arnarsson og Pétur Kolbeinsson.



GÓÐIR GESTIR Á meðal gesta voru nýkrýndir sigurvegarar Eurovision, Friðrik Ómar og Regína Ósk, ásamt Heimi Ingimarssyni, fyrrverandi meðlim Luxor.



BERMÚDA Erna Hrönn Ólafsdóttir söng af mikilli innlifun á tónleikunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



FÉLAGAR Félagarnir Hafsteinn Þorólfsson og Hreiðar Ingi Þorsteinsson hlustuðu á Bermúða.



BROSMILDAR Sólrún Inga Traustadóttir og Vilborg Hjörny Ívarsdóttir voru brosmildar á Rúbín.



GAMAN Íris Gunnarsdóttir og Ásdís Jónsdóttir voru í miklu stuði.



ÁGÚSTA OG GUÐRÚN Vinkonurnar Ágústa Ósk Óskarsdóttir og Guðrún Ósk Gunnarsdóttir skemmtu sér vel á tónleikunum.

Fermingarskyrtur

Vorum að taka upp nýja sendingu

Litur: svart • rautt • bleikt • hvítt



Mundu eftir fermingarleiknum

galleri sautján **retro**

Kringlunni • Sími 512 1750 Laugavegi 91 • Sími 512 1718

Smáralind • Sími 512 1744

Reykjavík! fer til Texas í annað sinn

Hljómsveitin Reykjavík! er með þeim duglegri í bransanum. Strákarnir eru alltaf að ota sínum tota í útlöndum og hafa farið óteljandi ferðir út fyrir landsteinana til að vinna ný lönd. Enn ein ferðin er fyrirhuguð í næstu viku, þá byrjar bandið á því að spila á kanadísku músíkvikunni í Toronto, svo til New York fyrir eitt gígg, og loks alla leið til Austin í Texas til að spila á hinni árlegu stórhátíð SXSW í annað sinn. Þar verða aðrir fulltrúar Íslands hljómsveitin FM Belfast og Hafðís Huld.

„Þetta er mjög góð hátíð og Austin er alveg klikkað pleis sem ég mæli með,” segir Haukur S. Magnússon, gítarleikari Reykjavík! „Það eru allir yfirgengilega næs þarna, allir kalla mann „honey“, en fólk er samt ekki alveg klikkað enda er Austin gamalgróinn hippabær.“

Haukur segir hátíðina hálfgerð peningaplokk og hljómsveitirnar þurfa sjálfar að sjá um að leigja græjur til að spila með. Hann elur enga sérstaka von í brjósti um að bandið slái í gegn með því að spila þarna. „Það eru auglýsingar á kvittununum sem maður fær í leigubílunum og allt er vaðandi í sölumennsku. En eins og ég segi, þá er gaman að spila þarna og svo að rölta á milli og sjá hin böndin. Nú eru til dæmis R.E.M. og Lemonheads á hátíðinni. Ekki má svo gleyma því að grillstaðurinn Ironworks er í Austin. Þetta er upphaldsveitingastaður bæði George W. Bush og Jays Leno og maður getur keypt sér tveggja kílóa steikur.“

Margar íslenskar hljómsveitir hafa spilað á SXSW-hátíðinni í gegnum tíðina, til dæmis Jet Black Joe, Vínýl, Singapore Sling, Mammút, Jakobínarína og Lada Sport.



GLEDI GLEÐI! Haukur með félögum sínum og tattú sem þeir fengu sér til að minna sig á rokkið í ellinni.



RIDDARAR HVÍTA TJALDSINS Þessi þýska mynd fjallar um kvikmyndaformið og hvernig það snertir fólk um heim allan.

Fjalaköttur frumsýnir

Þýska myndin Riddarar hvíta tjaldsins, eða Comrades in Dreams, og Sá som i himmelen frá Svíþjóð verðar frumsýndar hjá Fjalaköttinum á sunnudag. Riddarar hvíta tjaldsins frá árinu 2006 er skemmtileg heimildarmynd um kvikmyndaformið og hvernig það snertir fólk um heim allan. Sá som i himmelen eftir Kay Pollak er hugljúf verðlaunamynd sem hefur farið sigurför um heiminn. Var hún tilnefnd til Óskarsverðlauna árið 2005 sem besta erlenda myndin.

Fjalakötturinn heldur einnig áfram sýningum sínum á myndunum Yella, Mannaland-myndin mín og Requiem á sunnudag og mánudag.

Stóri BÓKA MARKAÐURINN Perlunni


Alla daga til 9. mars
Opið 10–18




áður ~~1.990~~
nú 950



áður ~~4.480~~
nú 1.490



áður ~~5.990~~
nú 2.990



áður ~~5.622~~
nú 2.990



áður ~~12.990~~
nú 5.990



áður ~~5.480~~
nú 1.980



áður ~~5.590~~
nú 1.290



áður ~~2.980~~
nú 1.490



áður ~~4.990~~
nú 1.990



áður ~~19.990~~
nú 5.990



áður ~~3.980~~
nú 1.990



áður ~~5.990~~
nú 2.990



áður ~~2.480~~
nú 590

Stóri bókamarkaðurinn er í Perlunni!

Frábært úrval. Ótrúlegt verð. Yfir 10.000 titlar. Nýir titlar daglega!

Rétta bókin bíður þín hjá okkur.



Allt að 90% afsláttur!

Baltasarsvika í Brussel

„Hérna er eiginlega hálfgerð Baltasarsvika, ég er að setja upp Pétur Gaut í stóru leikhúsi og svo er verið að sýna þrjár kvikmyndir eftir mig,“ segir Baltasar Kormákur en leikstjórinn er staddur í Brussel þar sem íbúar Belgíu hafa tekið honum með kostum og kynjum.

Og þær eru ekki síður jákvæðar fréttir sem berast frá New York því í gær birti New York Times lofsamlegan dóm um Mýrina, sama dag og hún er frumsýnd þar vestra. Baltasar hafði ekki séð dóminn en var að vonum himinlifandi með skrifin. „Fyrir það fyrsta er það náttúrulega bara mjög gott að fá eitthvað skrifað um Mýrina í



ÖNNUM KAFINN Baltasar er önnum kafinn og var að fara að frumsýna Pétur Gaut í Brussel í kvöld.

Þessu stóra blaði,“ útskýrir leikstjórinn. „Og ef það heppnast verður maður að vona að skrifin séu á jákvæðum nótum því gagnrýni frá New York Times getur

annað hvort dregt myndinni með einu pennastríki eða komið henni á framfæri. Þetta var því hálfgerður „duga eða drepast“-dómur.“

Gagnrýnandinn A.O. Scott er feikilega virtur á sínu sviði og hefur verið lengi að. Og það eitt og sér gefur dómnum enn meiri vigt. Baltasar kvaðst annars vera á góðri leið með að fá kvíðahnút í magann því vinna við Run for Her Life væri komin á fullt. Ameríku-draumurinn væri að verða að veruleika en eins og Fréttablaðið greindi frá mun leikstjórinn leikstýra Dermot Mulroney í nýjustu mynd hans sem framleiðslufyrirtæki Tom Hanks kemur að. - ffg

SAMBIO.is SAMBÍÖN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

| ÁLFABAKKA | SELFOSS |
|---|------------------------------------|
| DARK FLOORS kl. 6-8-10:10 14 | UNDRAHUNDURINN ISL TAL kl. 2-4-6 7 |
| UNDRAHUNDURINN ISL TAL kl. 2-4-6 7 | STEP UP 2 kl. 8 7 |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN kl. 6-8-10:30 16 | MEET THE SPARTANS kl. 8 L |
| THERE WILL BE BLOOD kl. 5:15-8:30-10:40 16 | NO COUNTRY FOR... kl. 10:10 16 |
| THERE WILL BE BLOOD kl. 2-5:15-8:30 VIP | RAMBO kl. 10:10 16 |
| STEP UP 2 kl. 1:30-3:40-5:50-8-10:10 7 | BRÚÐGUMINN kl. 5:50 7 |
| DEATH AT A FUNERAL kl. 4 7 | MR. MAGORIUMS... kl. 3:40 L |
| P.S. I LOVE YOU kl. 8:20 L | ALVIN OG ... M/ ISL TAL kl. 1:40 L |
| MR. MAGORIUMS... kl. 2 L | |
| BÝFLUGUMYNDIN M/ ISL TAL kl. 1:30-3:40 L | |
| KRINGLUNNI | AKUREYRI |
| JUNO kl. 4-6:10-8-10:10 7 | UNDRAHUNDURINN ISL TAL kl. 2-4-6 L |
| DARK FLOORS kl. 8:20-10:30 14 | JUNO kl. 6-8-10 7 |
| UNDRAHUNDURINN ISL TAL kl. 2-4-6 L | TÖFRAPRINSESSAN ISL TAL kl. 2 L |
| STEP UP 2 kl. 4-8:20-10:30 7 | MR. MAGORIUMS kl. 4 L |
| SWEENEY TODD kl. 6:10 16 | STEP UP 2 kl. 8-10 7 |
| BÝFLUGUMYNDIN M/ ISL TAL kl. 2 L | |
| TÖFRAPRINSESSAN ISL TAL kl. 2 L | |
| SparBíó 450kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MED APPELSÍNGULU | |

Flood drífur Sigur Rós áfram

Strákarnir í hljómsveitinni Sigur Rós eru ánægðir með vinnu sína með upptökstjóranum Flood. Ný plata kemur út í byrjun sumars.



SIGUR RÓS Hljómsveitin Sigur Rós er önnum kafin í hljóðveri þessa dagana ásamt upptökstjóranum Flood.

„Hann er mjög músíkalskur og skynjar tónlist greinilega á mjög skemmtilegan hátt,“ segir Georg Hólm, bassaleikari Sigur Rósar, um breska upptökstjóran Flood sem starfar með sveitinni að næstu plötu hennar.

Ellefu lagagrunnar voru teknir upp á tveimur vikum í New York fyrir skömmu og heldur sú vinna áfram í Sundlauginni næstu daga. Er platan væntanleg í byrjun sumars.

Georg er ánægður með framlag Floods til plötunnar og segir að það sé stærra en aðrir aðilar hafi komið með í gegnum tíðina. „Áherslurnar koma aðallega frá okkur. Áður en hann mætti á svæðið vorum við búnir að semja slatta af þessum lögum og vissum að þetta yrði öðruvísi en við höfum áður gert. En það er fint að fá „input“ frá utanaðkomandi aðila og hann drífur okkur mikið áfram.“

Flood, sem heitir réttu nafni Mark Ellis, er einn þekktasti upptökstjóri heims. Hefur hann tekið upp plötur með þekktum tónlistarmönnum á borð við U2, Depeche Mode, Nick Cave and the Bad

Seeds, Smashing Pumpkins, PJ Harvey og The Killers.

„Hann er góður í að setja mann í réttu sporin. Áður en við byrjuðum vissum við að við ætluðum að klára þetta hratt og hann vissi af því líka. Maður finnur það á honum að hann skilur þetta mjög vel. Hann er ekki

einn af þeim sem spila ekkert á hljóðfæri og skilja ekki tónlist,“ segir Georg, sem vill lítið gefa upp um hljóm nýju laganna. „Það má segja að þetta sé ný stefna hjá okkur en auðvitað heyrir alltaf að þetta er Sigur Rós.“ - fb

Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

| | | |
|--|----------|---------------|
| FLUGDREKAHLAUPARINN 4★ | RAMBO 4★ | 27 DRESSES 4★ |
| 20% afsláttur fyrir Vörufélaga | | |
| 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu! | | |
| LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR | | |
| FLUGDREKAHLAUPARINN kl. 1.45, 5, 8, 10.30 12 | | |
| 27 DRESSES kl. 5.50, 8 og 10.10 L | | |
| RAMBO kl. 6.15, 8 og 10 16 | | |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPILEKUNUM kl. 2 og 4 ISL TAL L | | |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR kl. 2 og 4 ISL TAL L | | |

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!

| | | |
|--|-------------|------------|
| JACK BLACK MOE DEE | KÍR KUNGERN | FRUMSÝNING |
| FRÁBÆR GAMANMYND FRÁ LEIKSTJÓRA Eternal Sunshine of the Spotless Mind með Jack Black í fantaformi! | | |

27 DRESSES SV - MBL 4★

JUMPER KL. 12 4★

FRÓLYK MEÐ ÖTRULEGA KRÆFTA SEM GETA Breytt ÖLID (KALLAST STÖKKVARAR)

toppur - drekktu betur

ALVIN OG ÍKORNARNIR 7★

INTO THE WILD 7★

FRÍÐÞÆING 14★

JUMPER 12★

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000 5%

REGNBÖGINN Sími 551 9000 450 kr. í bíó!

| | |
|--|--|
| BEKIND REWIND kl. 3-5:45-8-10:15 | BEKIND REWIND kl. 3-5:45-8-10:15 |
| BEKIND REWIND LUXUS kl. 3-5:45-8-10:15 | THE DIVING BELL AND THE BUTTERFLY kl. 3-5:40-8-10:15 7 |
| 27 DRESSES kl. 5:30-8-10:30 | 27 DRESSES kl. 3-5:30-8-10:20 |
| JUMPER kl. 6-8-10:10 12 | JUMPER kl. 3-6-8-10 |
| BRÚÐGUMINN kl. 1:30-3:40-5:50-8-10:10 7 | |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPILEKUNUM kl. 1-3:30 ISLENSKT TAL | |
| ALVIN & ÍKORNARNIR kl. 1-3:30 ISLENSKT TAL | |

HÁSKÓLABÍÓ Sími 530 1919 450 kr. í bíó!

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500 450 kr. í bíó!

| | |
|--|--|
| THE KITE RUNNER kl. 3-6-9 12 | BEKIND REWIND kl. 8-10 |
| THERE WILL BE BLOOD kl. 2:45-5:50-9 16 | THE KITE RUNNER kl. 8-10:10 12 |
| INTO THE WILD kl. 5:20-10:10 7 | 27 DRESSES kl. 6 |
| ATONEMENT kl. 2:50-8-10:30 14 | BRÚÐGUMINN kl. 3:50-6 7 |
| BRÚÐGUMINN kl. 3:40-5:50-8 7 | ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPILEKUNUM kl. 3:50 ISLENSKT TAL |

AUKAKRÖNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIDANN MED KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÖNUM! AUKAKRÖNUR

1. og 2. mars **SparBíó 450kr** Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag

| | | | | |
|---|--|--|---|--------------------------------|
| UNDRAHUNDURINN M/ ISL TAL kl. 2 í ÁLFABAKKA, KRINGLUNNI, SELFOSSI OG Í KEFLAVÍK | TÖFRABÓDIN (ENSKT TAL) kl. 2 í ÁLFAB., kl. 4 Á AKUREYRI OG kl. 3:40 Á SELFOSSI | TÖFRAPRINSESSAN M/ ISL TAL kl. 1:30 í KRINGLUNNI OG 2 Á AKUREYRI | BÝFLUGUMYNDIN M/ ISLENSKU TAL kl. 1:30 í ÁLFABAKKA, OG 2 í KRINGLUNNI | STEP UP 2 kl. 1:30 í ÁLFABAKKA |
|---|--|--|---|--------------------------------|

450 kr. HÁSKÓLABÍÓ REGNBÖGINN 450 kr.

| | | | |
|-------------------|-------------------|------------|----------------|
| INTO THE WILD 450 | BEKIND REWIND 450 | JUMPER 450 | 27 DRESSES 450 |
|-------------------|-------------------|------------|----------------|

kl. 2.50 í Háskólabíó kl. 3 í Háskólabíó kl. 2.45 í Háskólabíó kl. 3 í Regnboganum kl. 3 í Regnboganum kl. 3 í Regnboganum kl. 3 í Regnboganum

Ódýrt í bíó Sími: 553 2075 - bara lúxus

ISLENSKT TAL ATH. SÝND KL. 2

ALVIN OG ÍKORNARNIR ATH. SÝND KL. 2 SÝND MED ISLENSKU TAL

450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

Dell™ mælir með Windows Vista® Home Premium



XPS

XPS™ m1530 fartölva
189.900 kr.
152.530 kr. án VSK

Grönn og öflug margmiðlunartölva

XPS m1530 er öflug fartölva sem er hönnuð til að keyra kröfuhörðustu forrit og grafík hvort sem er á skrifstofunni, heima eða á ferðinni.

Intel® Core™2 Duo örgjörvi T7250, 2,0 GHz
(2MB L2 cache, 800 MHz FSB)
15,4" WXGA (1280x800) TrueLife Skjár
2GB, 667MHz, Dual Channel DDR2, vinnsluminni
(2x1024MB)
160GB (5.400 rpm) SATA II harður diskur
8x DVD+/-RW geisladrif ásamt hugbúnaði
nVidia GeForce GO 8600M GT skjákort
með 256MB minni
Innbyggð 2,0 mega pixla myndavél
Microsoft Vista™ Home Premium
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

DELL™

FYRIRVARAR: Verð er tilboðsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Intel, the Intel logo, Intel Core, and Core Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries. © 2008 Dell Corporation Limited. Dell, the Dell logo, Precision are registered trademarks or trademarks of Dell Inc.

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // R.Sigmundsson / Fiskislóð 84, Reykjavík / 520 0000 // Penninn Eymundsson / Sólvallagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 //

Tölvu- og rafeindajónusta Suðurlands / Eyrvægi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 //

Bókaverslun Þórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 //

Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrúkur / 455 4500 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 //

Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargötu 7, Reykjanesbæ / 422 0300 // Martölvan / Litlu Brú 1, Höfn í Hornafirði / 478 1300



> Ekki hægt að slá áhorfendametið?

Mikil spenna er fyrir bikarúrslitaleik Vals og Fram í Eimskipsbikarnum í Laugardalshöllinni í dag en leikurinn hefst klukkan 16.00. Laugardalshöllin tekur bara 3.000 manns og eru líkur á því að uppselt gæti orðið á leikinn. Áhorfendametið á bikarúrslitaleik karla er orðið fimmtán ára gamalt en 3.300 manns komu leik Vals og Selfoss árið 1993. Það met mun standa áfram því Höllin tekur aðeins 3.000 manns. 2.800 manns komu á leik Vals og Fram fyrir tíu árum og þeir eru örugglega enn að stríða þeim á því sem mættu ekki.

sport
sport@frettabladid.is



SIGFÚS PÁLL SIGFÚSSON: MÆTIR SÍNUM GÖMLU FÉLÖGUM Í FRAM Í LAUGARDALSHÖLLINI Í DAG

Þetta er sannkallaður draumaúrslitaleikur

Eftirminnilegustu félagaskipti í handboltanum í áráðir fóru fram síðasta sumar er Sigfús Páll Sigfússon ákvað að fara í Val úr Fram. Mikill hiti var í kringum félagaskiptin, sem fóru meðal annars fyrir héraðsdóm, og lengi vel leit út fyrir að Sigfús gæti hreinlega ekki skipt um félag. Lending náðist í málinu rétt fyrir mót er Valur reiddi fram hæstu upphæð frá upphafi fyrir mann sem hefur farið á milli félaga innanlands að því er sagt var.

„Því er ekki að neita að ég er orðinn mjög spenntur og þetta er sannkallaður draumaúrslitaleikur. Þetta átti örugglega að verða,“ sagði Sigfús Páll létur við Fréttablaðið.

„Biðin eftir leiknum er búin

að vera löng og ég vil spila sem fyrst. Mér líður nokkuð vel fyrir leikinn og þetta verður eðlilega sérstakur leikur fyrir mig. Leikurinn í Safamýrinni var mjög sérstakur og svo var einhvern veginn allt orðið eðlilegt þegar Fram kom í heim sókn,“ sagði Sigfús Páll, sem var leystur út með blómum er hann kom í Safamýrina. Hann átti aftur á móti slakan leik en var talsvert betri á sínum nýja heimavelli er Fram kom þangað.

„Ég held að blómin trufli mann bara og þetta hafi verið bragð til að koma mér úr jafnvægi,“ sagði Sigfús á

gamansömum nótum. „Ég á annars ekki von á öðru en góðum mottökum frá stuðningsmönnum Framara. Þeir stóðu upp fyrir mér síðast og ég held að allt sé í góðu núna.“

Prátt fyrir hasarinn segist Sigfús ekki sjá eftir því að hafa farið í Val. „Ég er sannfærður um að ég hafi gert rétt. Mér finnst gaman að spila handbolta núna en mér fannst ekki gaman í fyrra. Ég þurfti að breyta til og er búinn að finna gleðina aftur,“ sagði Sigfús en hann sagði að það hefðu verið smá kýtingar á milli sín og eins leikmanns Fram í síðasta leik. „Hjörtur Hinriks var með eitthvað létt en hann er ágætur utan vallar þó hann missi sig stundum í leikjum,“ sagði Sigfús.



ENGINN ROLAND Í ÁR Roland Valur Eradze hefur varið 28,5 skot að meðaltali í síðustu tveimur bikarúrslitaleikjum og tryggði Stjörnunni bikarinn í bæði skiptin.

Fram tapaði í úrslitum 2007: Geta bætt fyrir tapið í fyrra

HANDBOLTI Framarar eru sjötta félagið í sögu bikarúrslitaleiks karla sem fær tækifæri til að bæta fyrir tap í úrslitaleik árið á undan.

Fram tapaði með tíu marka mun gegn Stjörnunni í fyrra, 17-27, en mætir Val í úrslitaleiknum í dag.

Síðustu tvö lið sem hafa staðið í sömu sporum, KA 1995 og Valur 1993, hafa bæði unnið bikarmeistararátitilinn og það gerðu líka Stjörnumenn 1987. Lið Víkings 1991 og lið Fram 1975 töpuðu hins vegar bæði öðrum bikarúrslitaleikum í röð.

Siflurlið bikarúrslitanna hafa því í 60 prósentum tilfella unnið bikarinn þegar þau hafa farið í úrslitaleikinn árið eftir.



REYNSLUBOLTARNIR Natasa Damiljanovic og Elzbieta Kowal eru tveir af reyndustu leikmönnum Fylkis.

Fyrsti úrslitaleikur Fylkisliðsins: Fá lið hafa unnið fyrsta leikinn

HANDBOLTI Kvinnalið Fylkis leikur í dag fyrsta bikarúrslitaleik sinn þegar liðið mætir Stjörnunni.

Fylkir verður fjórtánda félagið til þess að leika til úrslita í kvinnaflokki og aðeins þremur af hinum þrettán tókst að vinna sinn fyrsta leik.

Síðasta félag til þess að vinna í frumraun sinni í Höllinni var Haukar árið 1997 en þá höfðu liðið tuttugu ár síðan KR (1977) og Ármann (1976) unnu sinn fyrsta bikarúrslitaleik.

Mótherjar Fylkis í dag, Stjarnan, töpuðu tveimur fyrstu úrslitaleikjum sínum, 1986 og 1988, áður en Stjörnunur urðu bikarmeistarar í fyrsta sinn 1989.

Spennustigið verður hátt í Höllinni

Það verður mikið um dýrðir í Laugardalshöll í dag þegar úrslitaleikir Eimskipsbikars karla og kvenna í handbolta fara fram. Fylkir og Stjarnan eigast við hjá konunum en Fram og Valur mætast í karlaleiknum.

HANDBOLTI Það er stór dagur í Laugardalshöllinni í dag þegar úrslitaleikir Eimskipsbikars karla og kvenna fara fram. Fyrst mætast kvinnalið Fylkis og Stjörnunnar kl. 13.30 og karlalið Fram og Vals takast á kl. 16.00.

Fyrir fram er ef til vill búist við sigri Stjörnunna gegn nýliðum Fylkis í úrslitaleik Eimskipsbikars kvenna enda liðið á mikilli siglingu þessa dagana, en Árbæjarstúlkur eru til alls líklegar eftir að hafa lagt Val á leið sinni í úrslitaleikinn. Guðröður Guðjónsdóttir, þjálfari Fylkis, kvað lið sitt mæta fullt sjálfstrausts í leikinn.

„Það er náttúrulega frábært ævintýri fyrir svo ungt lið eins og Fylki að vera komið alla leið í úrslit í fyrsta sinn í sögu félagsins og við erum full tilhlökkunar og ætlum að njóta dagsins. Við erum litla liðið fyrir leikinn og Stjörnunni er sterkasta liðið í dag en við sýndum hvers við erum megnugar gegn Val og það er allt hægt í handbolta,“ sagði Guðröður, sem var sjálf afar sigursæl sem leikmaður og varð tólf sinnum bikarmeistari.

Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunna, ítrekaði á fjölmiðlafundi fyrir leikinn að fánánlegt væri að tala um Stjörnusigur sem eitthvert formsatriði.

„Ég og Ragnar Hermannsson höfum verið að reyna að undirbúa lið okkar líkamlega fyrir átökin og vonumst til þess að sú hugmyndafræði og það skipulag sem við höfum spilað eftir í vetur eigi eftir að halda og skila okkur sigri í leiknum. Fylkisliðið er með reynslubolta innanborðs sem mynda hrygginn í löðinu og þar fyrir utan eru efnilegir leikmenn sem eru að taka stöðugum framförum þannig að þetta verður hörkuleikur,“ sagði Aðalsteinn.



MARKVÖRÐUR LYFTIR BIKARNUM Það verður annað hvort Magnús Erlendsson, markvörður og fyrirliði Fram, eða Ólafur Haukur Gíslason, markvörður og fyrirliði Vals, sem lyftir bikarnum í dag.

Það verður sannkallaður Reykjavíkurslagur þegar erki-fjendurnir Fram og Valur leida saman hesta sína í úrslitaleik Eimskipsbikars karla. Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, segir mikla eftirvæntingu ríkja í her-búðum síns liðs.

„Undirbúningur fyrir stórleik sem þennan verður alltaf aðeins öðruvísi hvort sem menn hafa lagt upp með það eða ekki. Við höfum því verið að gera ýmislegt til þess að efla liðsandan, fórum til að mynda á Rambo í bíó og það skilar vonandi einhverju. Spennustigið verður hátt í höllinni því liðin eru ekki ólík og ég býst við



BÚIST VIÐ SIGRI STJÖRNUNNA Það búast flestir við því að Rakel Dögg Bragadóttir og félagar í Stjörnunni muni vinna næsta auðveldan sigur á Sunnu Maríu Einarsdóttur og félagum í Fylki.

FRÉTTABLAÐIÐ/
DANIEL & VILHELM

hörkuleik,“ sagði Óskar Bjarni og starfsbróðir hans hjá Fram, Ferenc Antal Buday, tekur undir með honum.

„Liðin spila svipaðan handbolta og leikirnir hafa verið jafnir í vetur. Þetta verður vonandi hin besta skemmtum og við ætlum að sjálfsgöðu að vinna,“ sagði Buday.

omar@frettabladid.is

Valur og Fram mætast í úrslitum Eimskipsbikarsins í dag og sagan er alls ekki með Frömurum:

Sagan segir að Valsmenn verði meistarar

HANDBOLTI Reykjavíkurfélög hafa unnið 15 af 34 bikarmeistarátitilum karla í handbolta og það er ljóst að sá sextándi kemur í höfuðborgina um helgina þegar Valur og Fram mætast í úrslitaleik Eimskipsbikars karla.

Þetta verður samt aðeins í sjö-

REYKJAVÍKURSLAGIR Í BIKARÚRSLITUM KARLA:

| | |
|------|--------------------------|
| 1974 | Valur-Fram 24-16 |
| 1979 | Víkingur-ÍR 20-13 |
| 1981 | Próttur-Víkingur 21-20 |
| 1983 | Víkingur-KR 28-18 |
| 1990 | Valur-Víkingur 25-21 |
| 1998 | Valur-Fram 25-24 (20-20) |

Sigurhlutfall félaga:

| | |
|----------|---------------|
| Valur | 100% (3 af 3) |
| Próttur | 100% (1 af 1) |
| Víkingur | 50% (2 af 4) |
| KR | 0% (0 af 1) |
| ÍR | 0% (0 af 1) |
| Fram | 0% (0 af 2) |

unda sinn sem Reykjavíkurfélög leika til úrslita, þar af aðeins annar Reykjavíkurslagurinn síðustu átján ár. Þegar saga Reykjavíkurslaga í bikarúrslitum karla er skoðuð kemur í ljós að Valsmenn hafa unnið alla þrjá bikarúrslitaleiki sína þar sem þeir hafa mætt nágrannaliðum sínum en Framarar hafa hins vegar tapað sínum báðum.

Valur og Fram léku til úrslita í fyrstu bikarkeppinni 1974 og það voru einnig þau sem mættust í síðasta Reykjavíkurslagnum fyrir tíu árum. Valsmenn höfðu betur í bæði skiptin Markahæstur Valsmanna í fyrsta úrslitaleiknum var Bergur Guðnason með 7 mörk í sínum síðasta leik en hann er faðir Guðna Bergssonar. Það vakti athygli að leikmenn Valsliðsins fengu ekki verðlaunapening fyrir sigurinn heldur lítinn bikar.

Síðan liðu fimm ár þar til

Reykjavíkurfélög mættust aftur en Víkingar unnu þá öruggan sigur á ÍR. Tveimur árum síðar vann Próttur síðan eins marks sigur á Víkingum þar sem Sigurður Valur Sveinsson var markahæstur meistaranna með 8 mörk.

Víkingar unnu tíu marka stórsigur á KR í fjórða Reykjavíkurslagnum þar sem Þorbergur Aðalsteinsson skoraði 9 mörk og Sigurður Gunnarsson 6 mörk.

Sjö ár liðu þar til Reykjavíkurlíð mættustu næst en Valsmenn unnu þá 25-21 sigur á Víkingum. Líkt og í síðasta Reykjavíkurslagnum átta árum síðar þjálfaði Guðmundur Guðmundsson silfurliðið gegn bikarmeisturum Vals. Valdimar Grímsson var markahæstur Valsmanna með 8 mörk.

Í síðasta Reykjavíkurslagnum misstu Framarar niður fjögurra marka forustu á síðustu fjórum mínútum leiksins en Valsmenn



HETJURNAR 1998 Freyr Brynjarsson og Kári Guðmundsson voru mennirnir að baki hinu umdeilda jöfnunarmarki Valsmanna í bikarúrslitaleiknum fyrir tíu árum. Freyr skoraði eftir sendingu Kára og tryggði Val framlengingu.

FRÉTTABLAÐIÐ/BRYNJAR GAUTI

náðu að skora tvö mörk á síðustu tuttugu sekúndunum og tryggðu sér framlengingu þar sem Júlíus Gunnarsson tryggði þeim bikarmeistararátitilinn með sigurmarkinu fjórum sekúndum fyrir leiklok. Framarar töldu á sér brotið í lokin og kærðu framkvæmd leiksins en kærinni var vísað frá.

KR vann eins stigs sigur á Stjörnunni í miklum spennuleik í Garðabæ í gær:

Sigurkarfa Brynjars í blálokin

KÖRFUBOLTI Brynjar Þór Björnsson kórónaði frábæran leik sinn með því að skora sigurkórfa 4,4 sekúndum fyrir leikslok í 106-105 sigri KR-inga á Stjörnunni í gær en Garðabæingar eru að keppast við að komast inn í úrslitakeppnina. KR-ingar náðu þar með Keflavík að stigum þökk sé aðstoð frá lærisveinum Ágústs Björgvinssonar sem unnu Keflavíkinga.

Stjörnumenn náðu fyrst alvöru frumkvæði í leiknum þegar þeir fengu átta stiga sókn um miðjan annan leikhvata þegar brotið var á Jovan Zdravevski í þriggja stiga skoti sem hann setti niður.

Eftir fylgdu óþróttamannsleg villa og tæknivilla og áður en KR-ingar vissu voru þeir komnir undir 48-60. KR kom af krafti inn í seinni



MIKIL BARÁTTA KR-ingurinn Helgi Már Magnússon sækir en Jovan Zdravevski er til varnar.

hálfleik og var komið yfir þegar fimm þriggja stiga kórfa í röð á síðustu þremur mínútunum komu Stjörnunni aftur yfir.

Jeremiah Sola fékk tvö víti og boltann þegar 7,5 sekúndur voru eftir í kjölfar óþróttamannslegrar villu Jovans. Sola klikkaði á báðum vítunum en KR var enn með boltann, 105-104 undir. Sola fékk boltann og fann Brynjar Þór sem keyrði upp að kórfa og tryggði KR sigur.

Jarrett Stephens (36 stig) og Jovan Zdravevski (26 stig) áttu báðir góðan leik hjá Stjörnunni en KR hélt Dimitar Karadzovski í 11 stigum. Hjá KR var Brynjar bestur með 23 stig og 8 stöðsendingar en Joshua Helm kom sterkur inn í seinni hálfleik og endaði með 27 stig og 9 fráköst.

„ÞOKKALEGA GRILLAÐUR“

Börn og unglingar eru næmari en aðrir fyrir skaðlegum áhrifum geislunar frá ljósabekkjum og sól.

HETTAN ER LJÓS

Félag íslenskra húðlækna, Geislavarnir ríkisins, Krabbameinsfélagið, Landlækniseimbættið og Lýðheilsustöð hvetja foreldra og forráðamenn fermingarbarna til að fara að tilmælum alþjóðastofnana um að börn og unglingar fari ekki í ljósabekki.

Hamar vann Keflavík í gær:

Óvæntustu úrslit vetrarins

KÖRFUBOLTI Botnlið Hamars vann 94-88 sigur á toppliði Keflavíkur í Iceland Express-deild karla í gær og heldur því í vonina um að halda sér í deildinni.

Hvergerðingar voru ekki búnir að vinna síðan 6. janúar og léku án sinna tveggja stigahæstu manna, Bandaríkjamannsins Nicholas King (farinn) og Finnans Roni Leimu (veikur). Roman Moniak og Lárus Jónsson áttu báðir góðan leik og Svavar Páll Pálsson var frábær í lokin en annars var það liðsheildin sem landaði sigrinum.

„Þetta eru örugglega óvæntustu úrslitin í deildinni; að neðsta liðið vinni það efsta þegar var búið að afskrifa okkur. Við vissum að við yrðum að þjappa okkur saman og að við yrðum að hægja á leiknum og stjórna hraðanum, sem tókst. Við tókum samt bara einn leik í einu og reynum að hafa gaman að þessu. Þetta er ekki undir okkur komið og við ætlum bara að klára tímabilið með höfuðið hátt,“ sagði Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hamrs, sem var sérstaklega ánægður með innkomu ungu strákanna í leiknum og nefndi sérstaklega hinn 215 sm háa Ragnar Nathanaelsson sem kveikti í húsinu með kórfa á mikilvægu augnabliki.

- 66j



NÝR MAÐUR Jamaal Williams er mættur á klakann en Grindvíkingar töldu sig þurfa að styrkja sig inni í teig.

NORDICPHOTOS/GETTY

Iceland Express-deild karla:

Grindavík sendir Griffin heim


KÖRFUBOLTI Grindavík hefur ákveðið að skipta út Bandaríkjamanninum sínum Jonathan Griffin og fá sér í staðinn stóran leikmann fyrir komandi átök í úrslitakeppninni.

Griffin lék sinn síðasta leik í 105-107 tapi fyrir ÍR á heimavelli á fimmtudagskvöldið en hann var með 26 stig og 12 fráköst í síðasta leiknum sínum. Í stað hans fá Grindvíkingar 196 cm kraftframherja, Jamaal Williams, sem lék síðustu tvö árin sín í háskólaboltanum með Washington Huskies sem fór seinna árið alla leið í 16 liða úrslit úrslitakeppninnar.

- 66j

Sims 2

Nýr leikur í BT!



Glænýr Sims 2 aukadiskur þar sem Simsarnir geta misst sig í áhugamálum sínum. Hvort sem það er fótbolti, körfubolti, dans, söngur eða leirkerasmíð, hér er allt mögulegt. Glæddu líf Simsanna fjöri með Sims 2 Free Time.

EINNIG FÁANLEGIR:



EIGÐU PÁ ALLA!

BT

> Harrison Ford

Harrison Ford hefur leikið í mjög mörgum frægum kvikmyndum. Af öllum þeim hlutverkum sem hann hefur tekið að sér og túlkað finnst honum vænst um Indiana Jones og er stoltastur af því hlutverki. Hann leikur í spennumyndinni Air Force One sem er sýnd í kvöld á Stöð 2 Bíó kl. 22.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI VELTIR FYRIR SÉR ÁHRIFUM OFBELDIS

Burt með Game Tívi í barnatímanum!

Ég man þegar sonur minn, frumburðurinn, sá fyrsta morðið sitt í sjónvarpinu. Hann var um tveggja ára og við vorum í mestu makindum að horfa á Kastljósið. Quentin Tarantino var í viðtali við Þóru Tómasdóttur og henni fannst gráupplagt að skella einu viðbjóðslegu morði úr draslmýndinni Natural Born Killers framan í okkur. Áður en ég gat rönd við reist hafði Woody Harrelson drepði sjoppueiganda á subbulegan máta og ég man hvernig sonurinn kipptist við og brast í óstöðvandi grát. Takk kærlega.

Maður reynir að vernda börnin sín fyrir ruglinu úr kassanum. Sonurinn er núna fjögurra ára og loksins farið að geta horft á Simpsons án þess að fá martraðir. Hann var að dreyma okkur fjölskylduna í ýmsum furðulegum og ógnvekjandi aðstæðum sem líktu eftir myndu steypunnar í Simpsons.

Það er vandamt að ala upp barn og eiga sjónvarp. Ég ætla ekki að fara þá ódýru leið að skammast í dagskrárstjórum fyrir óheppilegar tímasetningar því maður sjálfur þarf alltaf að vera á

tánum. Samt er nú algjör óþarfi hjá Skjá einum að endursýna Game Tívi klukkan átta á morgnana þegar smábörn sitja við tækin með fjarstýringuna. Í þáttunum er oftast en ekki sýnt úr ofbeldisrúnkantasiuleikjum sem unglingar á villigötum spila til að þurfa ekki að gera eitthvað af viti. Auðvitað eru sýnishornin þrælsþennandi fyrir strákinn minn, en um leið er hann smeykur þegar tölvubýssurnar gelta og hausar springa og skrokkar hrúgast upp í blóðmauki. Ef ég fæ einhverju ráðið fær hann ekki að horfa á þetta fyrr en svona tíu ára.



Ég held annars að ekkert úr kassanum skilji eftir óþætlanleg sár á barnssálinni ef uppeldið er í lagi. Það er þó óþarfi að stuðla að martröðum og gráti. Sjálfur man ég eftir smá hræðslu við myndina Maðurinn sem minnkaði og ég grét alltaf jafn mikið þegar úlfurinn í Pétri og úlfurinn var drepinn. Dýpsta örið sem áhorf mitt á sjónvarp sem barn skildi eftir sig er þó það að mér finnst Liv Ullmann ennþá alveg hræðilega leiðinleg.

EKKI MISSA AF



▶ 18.50 X-Files SÍRKUS



▶ 19.45 Spaugstofan SJÓNVARPIÐ



▶ 20.00 In Good Company STÖÐ2BÍÓ



▶ 22.20 Perfect Stranger STÖÐ2



▶ 23.00 Da Vinci's Inquest SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar
10.00 Einu sinni var
10.30 Kastljós
11.00 Kiljan e.
11.45 07/08 bíó leikhús e.
12.15 Mótókross
12.45 Bikarkeppnin í frjálsum íþróttum innanhúss
13.00 Bikarkeppnin í handbolta Bein útsending frá úrslitaleik Fylkis og Stjörnumnar í kvennaflokki sem fram fer í Laugardalshöll.
15.30 Bikarkeppnin í handbolta Bein útsending frá úrslitaleik Vals og Fram í karlaflokki sem fram fer í Laugardalshöll.
16.35 Táknálsfréttir
16.45 Bikarkeppnin í handbolta Valur - Fram í karlaflokki, seinni hálfleikur.
17.45 Gettu betur
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.30 Veður
▶ 19.45 Spaugstofan
20.10 Tíska og tónar Upptaka frá fjáröflunarsamkomu fyrir góðgerðarsjóð Karls Bretaprins þar sem sýnd voru fót frá mörgum af frægustu tiskuhúsum heims og þekktir tónlistarmenn stígu á svið, Kynnar eru Uma Thurman og Samuel L. Jackson.
21.30 Ævintýri í Aspen Bandarísk biómynd frá 1993 um tvo vini frá Detroit sem gerast skóðakennarar í Aspen og lenda í ýmsum ævintýrum.
23.25 Dulará
01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Ocean's Twelve
08.05 Must Love Dogs
10.00 Napoleon Dynamite
12.00 In Good Company
14.00 Ocean's Twelve
16.05 Must Love Dogs
18.00 Napoleon Dynamite Bráðhlægileg gamanmynd.
▶ 20.00 In Good Company (í góðum félagskap)
22.00 Air Force One
00.00 Dirty Deeds
02.00 Ice Harvest
04.00 Air Force One (e)



07.00 Barnatími Stöðvar 2
07.25 Algjör Sveppi
07.30 Barnatími Stöðvar 2
10.40 Clifford's Really Big Movie
12.00 Hádegisfréttir
12.25 The Bold and the Beautiful
12.45 The Bold and the Beautiful
13.05 The Bold and the Beautiful
13.25 The Bold and the Beautiful
13.50 American Idol (11:42)
15.15 American Idol (12:42)
16.40 American Idol (13:42)
17.25 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynir allt það heitasta í bióheiminum. Hvað myndir eru að koma út og hverjar eru aðalstjórnurnar í bióhúsunum?
17.55 Sjálfstætt fólk
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.10 Fjölskyldubíó: Draumalandið Skemmtileg talsetti teiknimynd fyrir alla fjölskylduna sem er byggð lauslega á sögunni Draumur á Jónsmessunótt eftir Shakespeare. Ævintýraheimur er í hættu þegar mannfólkið hættri að dreyma.
20.35 Barbershop 2: Back in Business Hressilegt framhald gamanmyndarinnar vinsælu með Ice Cube, Cedric The Entertainer og Queen Latifah.
▶ 22.20 Perfect Strangers Spennubrunninn sálfræðitryllir með gæðaleikaranum Sam Neil. Melanie fer út á lífið með vinkonum sínum og kynnist heillandi ókunnugum manni. Þegar hún vaknar hjá honum daginn eftir fær hún að kynnast dókri hlið skyndikynna.
23.55 Alfie
01.40 Blackball Léttgæggið gamanmynd í anda Dodgeball með breska grínistanum Paul Kaye og Vince Vaughn í aðalhlutverkum.
03.20 Fear X
04.50 Cold Case
05.35 Fréttir
06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SYN besta sætið

08.20 Veitt með vinum
08.50 PGA Tour 2008 - Hápunktar
09.45 Inside the PGA
10.10 NBA körfuboltinn Leikur í NBA-körfuboltanum.
12.00 Utan valla
12.45 World Golf Championship 2007
16.25 World Supercross GP
17.20 Inside Sport
17.50 Fréttapáttur Meistaradeildar
18.20 Spænski boltinn - Upphitun fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
18.50 Spænski boltinn (Atl. Madrid - Barcelona) Bein útsending frá leik Atletico Madrid og Barcelona í spænska boltanum. SYN Extra. Recreativo - Real Madrid
20.50 Spænski boltinn (Recreativo - Real Madrid) Útsending frá leik Recreativo og Real Madrid í spænska boltanum.
22.30 Box Wladimir Klitschko - Sultan Ibragimov Einn stærsti bardagi síðari ára í þungavigt hnefaleika en þar mætast Wladimir Klitschko og Sultan Ibragimov. Bardagi sem fólk má alls ekki láta framhjá sér fara.

SYN2

09.35 Premier League World
10.05 PL Classic Matches
10.35 PL Classic Matches
11.05 Season Highlights
12.05 Man. City - Everton (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Man. City og Everton í ensku úrvalsdeildinni.
13.45 PL Classic Matches
14.15 Enska úrvalsdeildin - Upphitun
14.45 Arsenal - Aston Villa (Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik Arsenal og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni. SYN Extra. Fulham - Man. Utd SYN Extra 2. West Ham - Chelsea SYN Extra 3. Middlesbrough - Reading SYN Extra 4. Birmingham - Tottenham
17.00 Man. City - Wigan (Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik Man. City og Wigan í ensku úrvalsdeildinni.
19.10 4 4 2
20.30 4 4 2
21.50 4 4 2
23.10 4 4 2

SKJÁREINN

11.40 Vörutorg
12.40 Rachael Ray (e)
15.40 Fyrstu skrefin (e)
16.10 Top Gear (e)
17.00 Skólahreysti (e)
18.00 Psych (e)
19.00 Game tívi (e)
19.30 Giada's Everyday Italian (e)
20.00 Bionic Woman (e)
21.00 Boston Legal (e)
22.00 Life (e)
▶ 23.00 Da Vinci's Inquest Vönduð sakamálapáttaröð sem unnið hefur til fjölda verðlauna, en þættirnir fjalla um líf Dominics Da Vinci, dánardómstjóra í Vancouver. Einnig er fylgst með krufningum og rannsókn lögreglu og meinafræðinga á margvíslegum glæpum og dauðsföllum.
00.00 Law & Order (e) Bandarískur þáttur um stórf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Líkamshlutar finnast í nokkrum mismunandi ruslaggum. Grunur beinist að kærustu fórnarlambins eftir að blóð finnst í íbúð hennar. En þegar í ljós kemur að kærastan er ekki sú sem hún virtist vera breytist rannsóknin.
00.50 High School Reunion (e)
01.40 The Boondocks (e)
02.05 Professional Poker Tour (e) Erfiðasta og skemmtilegasta pókermót í heimi. Á meðal keppenda eru lífandi goðsagnir í pókerheiminum. Keppt er á fimm mótum í flottustu spilavítum heims þar sem allt lagt undir. Í hverju móti er hálf milljón dollara í pottinum.
03.35 C.S.I. Miami (e) Bandarísk sakamálaferia um Horatio Caine og félagi hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Hópurinn rannsakir hættulegan heim öryggisvarða þegar lífvörður rappsjómu er skotinn til bana meðan á tónleikum stendur.
04.20 Vörutorg
05.20 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Opið til 18 um helgar



Kringlan

Mán. til mið. 10-18.30, fim. 10-21, fös. 10-19, lau. 10-18, sun. 13-18

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.45

Barbershop 2: Back in Business

Hressilegt framhald gamanmyndarinnar vinsælu með Ice Cube, Cedric the Entertainer og Queen Latifah. Lífið heldur áfram hjá Calvin á rakarastofunni en honum finnst vegið að sér þegar Gina sem vinnur á snyrtistofunni við hliðina reynir að næla í kúnnana hans. Stórfyrirtæki reynir síðan að yfirtaka fjölskyldufyrirtækið.



▶ VIÐ MÆLUM MED

Tíska og tónar

Sjónvarpið kl. 20.10

Tíska og tónar (Fashion Rocks) nefnist upptaka frá fjáröflunarsamkomu fyrir góðgerðasjóð Karls Bretaprins. Þar sýndu fyrirsætur fót frá mörgum af frægustu tískuhúsum heims. Þekktir tónlistarmenn stígu á svið, þar á meðal Joss Stone, Lily Allen, Iggy Pop, Róisín Murphy, Timbaland, Shirley Bassey, Razorlight og Alicia Keys. Uma Thurman og Samuel L. Jackson kynna.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

| | |
|--|---|
| 06.45 Veðurfregni | 16.10 Orð skulu standa |
| 06.50 Bæn | 17.00 Flakk |
| 07.05 Óskastundin | 18.00 Kvöldfréttir |
| 08.00 Morgunfréttir | 18.26 Hundur í útvarpsal |
| 08.05 Útúr nóttinni... og inni daginn | 19.00 Heimur óperunnar |
| 09.03 Út um græna grundu | 20.00 Sagnaslóð |
| 10.15 Kvika | 20.40 Hvað er að heyra? |
| 11.00 Vikulokin | 21.30 Úr gullkistunni |
| 12.00 Hádegisútvarp | 22.12 Lestur Passíusálma |
| 12.20 Hádegisfréttir | 22.18 Á hljóðbergi: Rödd hugmyndaflugans |
| 13.00 Krossgötur | 23.10 Villtir strengir og vangadans |
| 14.00 Til allra átta | 00.00 Fréttir |
| 14.40 Í húsinu heima | 00.07 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns |
| 15.20 Brot af íslenski menningarsögu: Flatey á Breiðafirði | |
| 16.00 Síðdegisfréttir | |

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

15.00 Hollyoaks (131:260)

15.25 Hollyoaks (132:260)

15.50 Hollyoaks (133:260)

16.15 Hollyoaks (134:260)

16.40 Hollyoaks (135:260)

17.55 Skífulistinn

18.50 X-Files (11:24)

19.35 The George Lopez Show (13:18) Bráðskemmtilegur gamanmyndaflökkur fyrir alla fjölskylduna með grínistanum George Lopez í aðalhlutverki. Við kynnumst fjórugu heimilishaldi þar sem skrautlegar persónur koma við sögu. Sambúð hjónanna George og Angie og barnanna þeirra, Carmen og Max, gengur vel en ýmsir heimilsvinir setja gjaman strík í reikninginn. Þetta er sjötta þáttaröðin af þessum skemmtilegu þáttum.

20.00 Logi í beinni

20.35 Lovespring International (9:13)

21.05 Big Day (9:13) (Stóri dagurinn)

21.30 Wildfire (11:13)

▶ 22.15 X-Files (11:24) Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirmáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.

23.10 The George Lopez Show (13:18)

23.35 Lovespring International (9:13)

00.00 Big Day (9:13)

00.25 Wildfire (11:13)

01.10 Skífulistinn

02.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

9.00 EastEnders 9.30 EastEnders 10.00 EastEnders 10.30 EastEnders 11.00 The Weakest Link 12.00 Big Cat Diary 12.30 Big Cat Diary 13.00 Wildlife Specials 14.00 Animal Hospital 14.30 Animal Hospital 15.00 Extreme Animals 15.30 Amazon Abyss 16.00 Tribe 17.00 EastEnders 17.30 EastEnders 18.00 Doctor Who 18.45 Doctor Who Confidential 19.00 My Hero 19.30 My Hero 20.00 This Little Life 21.30 Next of Kin 22.00 Only Fools and Horses 22.30 Saxondale 23.00 Doctor Who 23.45 Doctor Who Confidential 0.00 This Little Life 1.30 Next of Kin

DR 1

10.15 Tidens tegn 11.00 TV Avisen 11.10 Boogie Listen 12.10 Hjerterfimmer: Pigerne mod drengene 12.35 Family Guy 13.00 X Factor 14.00 X Factor Afgørelsen 14.35 Bussen 16.05 OBS 16.10 Før søndagen 16.20 Held og Lotto 16.30 Kai og Andrea 17.00 Løgnhalsen som frisør 17.30 TV Avisen med vejret 17.55 SportNyt 18.05 Mr. Bean 18.30 Max 19.00 Mig og mafiaen 20.30 HåndboldEkstra: Viborg HK - Hypo Niederösterreich 22.05 Streets of Fire 23.35 Anklaget 0.15 Boogie Listen

NRK1

9.45 NRKs sportslørdag 9.55 V-cup skiskyting: 10 km jaktstart, kvinner 10.50 V-cup langrenn: Sprint fri, kvinner og menn 12.40 V-cup kombinert: Hopp sprint 13.30 V-cup alpint: Utfør menn 14.30 V-cup kombinert: Sprint 7,5 km langrenn 15.05 V-cup hopp: Lag, 1. omgang 16.00 Sport i dag 16.15 V-cup hopp: Lag, 2. omgang 16.59 Barne-tv 17.00 Jubalong 17.30 Ping-pong 18.00 Lørdagsrevyen 18.45 Lotto-trekning 18.55 Borettslaget 19.25 Den store klassefesten 20.25 Med hjertet på rette staden 21.10 Fakta på lørdag: Richard Hammonds møte med Evel Knievel 22.10 Kveldsnytt 22.25 Hustruer og ektemenn 0.10 Peep Show 0.35 Dansefot jukeboks

SVT 1

10.15 Grosvold 11.00 Tv-stjåman 11.30 Dubbat 12.00 Världens vildaste vanvett 12.30 Andra Avenyn 13.00 Andra Avenyn 13.30 Andra Avenyn 14.00 Uppdrag Granskning 15.00 Antikrundan 16.00 Sá ska det låta 17.00 Bolibompa 17.05 Disneydags 18.00 Livet enligt Rosa 18.30 Rapport 18.45 Sportnytt 19.00 Melodifestivalen 2008: Deltävling 4 20.35 Brottskod: Försvunnen 21.15 Kommissarie Lynley 22.45 Rapport 22.50 Out of Practice 23.10 U-Boat 0.45 Sändningar från SVT24

Síðdegisútvarpið á Rás 2

Vinsælasti síðdegispáttur landsins!



RÁS RÁS 2

Fyrst og fremst síðdegis

PERSÓNAN



Örlygur Smári

Aldur: 36 að verða 37.
Starf: Hljóð- og tónlistamaður.
Fjölskylda: Giftur með þrjú börn.
Foreldrar: Jakob Smári, prófessor í sálfræði, og Malín Örlygsdóttir, fyrverandi verslunarkona.
Búseta: Kópavogur.
Stjórnumerkir: Krabbi.

Örlygur Smári (Smári er ættarnafn) samdi Eurovisionlag Íslands í ár, This Is

Ótrúleg eftirspurn á Bubba í Köben

„Já, það hefur heldur betur gengið vel. Og við erum ekki byrjuð að kynna þetta neitt,“ segir Birna Guðmundsdóttir, markaðsstjóri Iceland Express. Nokkur hundruð miðar hafa þegar selst á tónleika Bubba Morthens í Kaupmannahöfn í október á þessu ári. Sala hófst á fimmtudag og segir Birna að þau verði vör við mikinn áhuga Íslendinga á tónleikunum. „Það hefur mikið verið hringt í okkur og fólk sendir tölvupóst með fyrirspurnum. Þetta eru bæði hópar, fyrirtæki og einstaklingar,“ segir Birna. Þeir miðar sem nú eru til sölu eru pakkaferðir með flugi, hóteli og miða á tónleikana. Um er að ræða

bestu sætin á tónleikunum. Þegar er farið að stytast í að pakkaferðirnar seljist upp. Almenn miðasala hefst síðar.

Tónleikar Bubba í Kaupmannahöfn verða 18. október í Falconersalen sem er 2.200 manna salur á Fredriksberg.

Nokkrir íslenskir listamenn munu hita upp fyrir Bubba en ekki fæst uppgefið að svo stöddu hverjir þeir eru. Bubbi hefur sjálfur sterk tengsl við Danmörku.

Móðir hans var dönsk og Bubbi hefur margoft spilað á tónleikum í Danmörku. Þetta verða hins vegar langstærstu tónleikar hans þar í landi til þessa.

- hdm



KÓNGURINN Í KÖBEN Bubbi Morthens heldur stórtónleika í Kaupmannahöfn í október. Rifandi sala hefur verið á pakkaferðum með Iceland Express á tónleikana.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

| | | | | | |
|----|----|----|----|----|----|
| 1 | | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | | 8 | | |
| 9 | | 10 | | 11 | |
| 12 | | | 13 | | |
| | 14 | | | | 15 |
| 16 | | | 17 | | |
| 18 | | 19 | | 20 | |
| 21 | | | | | |

LÁRÉTT

2. steypuefni 6. tveir eins 8. mjöl 9. struns 11. leita að 12. ull 14. leiðsla 16. tveir eins 17. utan 18. umfram 20. tveir eins 21. sæla.

LÓÐRÉTT

1. mjög 3. 999 4. peningagræðgi 5. rá 7. dráttur 10. ætt 13. rotnun 15. sál 16. efni 19. mun.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. afar, 3. ím, 4. féðim, 5. síla, 7. fræstum, 10. kyn, 13. túl, 15. andá, 16. tau, 19. ku.
 LÁRÉTT: 2. gífis, 6. ft, 8. mál, 9. ark, 11. gá, 12. reyfi, 14. snúna, 16. tt, 17. ím, 18. auk, 20. dd, 21. unun.

JÓNATAN GARÐARSSON: SNÝR AFTUR Í EUROVISION EFTIR ERFIÐ MEIÐSL

Kannar aðstæður fyrir Eurobandið í Serbíu

„Ég ætla ekki að bera þetta upp opinberlega en mun ræða þetta við æðstu yfirmenn þegar tími gefst til,“ segir Jónatan Garðarsson um yfirlýsingu Gay Pride þar sem samkynhneigðir og transgenderfólk eru hvött til að fara ekki á Eurovision í Serbíu vegna landlægs ofbeldis í þeirra garð. Jónatan fer á fund með aðstandendum keppinnar í Zagreb hinn 17. mars og ætlar að fara yfir stöðu mála með æðstu mönnum.

Jónatan viðurkennir hins vegar að yfirlýsingin komi honum nokkuð á óvart og bendir á að sigurvegari síðasta árs, söngkonan Marija Serifovic, hafi meðal annars lýst yfir samkynhneigð sinni. „En þetta er vissulega nokkuð sem má ræða þótt það verði ekki gert á opinberum vettvangi,“ segir Jónatan en Friðrik Ómar Hjörleifsson, annar söngvari Eurobandsins, hefur talað opinberlega um samkynhneigð sína í fjölmiðlum.

Jónatan fer fyrir Eurovisionhópnunum á ný eftir ársfjarveru vegna meiðsla. Og segir að árið líti út fyrir að vera ár hinna föllnu. Vísar þar meðal annars til Guðmundar Þ. Guðmundssonar sem tekinn er við íslenska landsliðinu í handknattleik á ný. Jónatan glímdi við erfitt brjósksló í baki og missti um tíma mátt í vinstri fæti. Hann hefur verið í erfiðri endurhæfingu undanfarið eitt og hálf ár og segist enn eiga gott ár eftir í slíkum æfingum. „Annars er maður bara alltaf jafngóður, ég man ekkert hvernig ég var en ég veit hvernig ég er núna,“ segir Jónatan, sem er þekktur útivistarkappi en verður að notast við tvo stafi þegar hann fer utan vegar. „Ég get alveg misst máttinn og styð mig þá við stafina. Brjóskslóð skemmdi taug sem liggur í lærvöðvann og ég er enn



ERFIÐ MEIÐSL Brjóskslóð olli því að Jónatan Garðarsson missti allan mátt í vinstri fæti. Hann hefur nú verið í endurhæfingu í rúmt ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

tilfinningalaus í hnenu,“ segir Jónatan, sem vann þó bakvið tjöldin í fyrra eins og góðra þjálfara er síður.

Jónatan segir að aðstandendur keppinnar leggi mikið upp úr öryggismálum, þeir séu metnaðarfullir og geri sér fyllilega grein fyrir því að keppnin sé kærkomið tækifæri til að bæta ímynd sína á opinberum vettvangi. „Eurovision hefur líka verið haldið áður á róstusómum tímum; í Úkraínu

þegar appelsínugula byltingin braust út,“ útskýrir Jónatan. „Gæslan verður gríðarlega mikil, óeinkennisklæddir lögregluþjónar fylgjast vel með öllum keppendum og yfirstjórn EBU er búin að gefa út yfirlýsingu um að allt verði með felldu. Ég veit fyrir víst að öryggisgæslan verður alveg pottþétt enda er hún eitt af forgangsatríðum Serba fyrir þessa keppni,“ segir Jónatan.

freyrgiggja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Mikið verður um dýrðir hjá **Finni Ingólfssyni**, fyrrum ráðherra og seðlabankastjóra, um helgina. Finnur hefur nýlengi við byggingu glæsi-legs sumarhúss í Rangárvallasýslu og hyggst halda reisugilli fyrir vini og vandamenn. Óstaðfestar fregnir herma að yfir þrjú hundruð gestum sé boðið til veislunnar.



Verslunin Hobby Room var opnuð á fimmtudag. Í versluninni eru seld sérstök pókerspilaborð og annar varningur til að spila póker eins og atvinnumenn gera. Alþingismaðurinn **Birkir Jón Jónsson** var sérstaklega boðinn í opnun verslunarinnar, en talsvert hefur verið fjallað um þátttöku hans í pókerspilum síðustu daga. Birkir lét ekki sjá sig við opnunina en aðstandendur verslunarinnar segja hann þó velkominn hvenær sem er.

Borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, **Oddný Sturludóttir**, nýtti sér aldagamla hefð og bar fram bónorð til unnusta síns, **Hallgríms Helgasonar**, á hlaupársdag í gær. Oddný nýtti sér blogg sitt á Eyjunn til þess og þurfti því ekki að skella sér á skeljarnar. Samkvæmt frétt Vísis var Hallgrímur hins vegar ekki á landinu heldur staddur í Lettlandi og hafði ekki séð bónorðið en hann gæti þá afalalítið nýtt sér athugasemdakerfið til að svara sinni heitelskuðu.



- hdm/fgg

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

PENZIM

Penzim fyrir húðina, liðina og vöðvana

Dr. Jón Bragi Bjarnason, prófessor í lífeðnafræði, hefur unnið að rannsóknunum og þróun Pensim-tækninnar um áratuga skeið og er hún nú einkaleyfisvarin um allan heim.

ÍSLENSK NÁTTÚRUVARA UNNIN ÚR SJÁVARRÍKINU UMHVERFIS ÍSLAND

Penzim fæst í apótekum og heilsubúðum um land allt.

penzim.is

Fjalakötturinn

Veitingastaður í gömlu Reykjavík

Adalstræti 16, sími 514 6060

Nálastungur Íslands ehf.

Ríkhartur Mar Jósafatsson
Doctor of Oriental Medicine

Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg 47
Sími 458 9400 & 863 0180

Millistríðsárastemning í Iðnó

Dansþyrstum Íslendingum gefst kostur á að spreya sig á milli-stríðsárastemningu Lindy hop um helgina. Félagsskapur að nafni Lindy Ravers stendur fyrir námskeiði um helgina, og á sunnudagskvöld verður blásið til dansleiks í Iðnó við undirleik Stórsveitar Suðurlands.

Hakan Durak er einn stofnenda Lindy Ravers, sem leit dagsins ljós fyrir ári. „Ég er búinn að dansa Lindy hop í tvö ár og sannfærði eiginlega vini mína um að læra. Við vorum sex til að byrja með, en nú eru um þrjátíu manns í hópnun,“ útskýrir Hakan, sem hefur spreytt sig á ýmsum dansstílum í gegnum tíðina. Hann er fæddur og uppalinn í Tyrklandi, þar sem hann dansaði lengi tyrkneska þjóddansa. „Ég prófaði líka smá tangó og salsa, og svo uppgeftvaði ég þennan dans á youtube,“ segir Hakan, sem hefur

ekki litið um öxl síðan. „Þetta er bara eins og fíkniefni, það er ekki hægt að hætta,“ segir hann og hlær við. Hakan hefur sótt fjölda námskeiða utan landsteinanna, en um helgina kemur hins vegar einn færasti Lindy hop dansari Bandaríkjanna hingað til lands.

Hakan segir fólk ekki þurfa að hræðast dansinn. „Stelpurnar eru að vísu svolítið í því að fljúga, en það er ekki fyrr en maður er kominn aðeins lengra. Það má líka kalla þetta swingdans,“ segir hann.

Upplýsingar um námskeiðin um helgina er að finna á heimasíðunni www.lindyrovers.com. Dansleikurinn í Iðnó hefst um klukkan átta, en áður verður farið í grunnspor dansins. Hann er einnig opin þeim sem bara vilja hlusta á stórsveitina. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu hópsins.

- sun



LINDY HOP Félagsskapurinn Lindy Ravers og Stórsveit Suðurlands blása til Lindy hopp dansleiks í Iðnó á sunnudag, þar sem fólk gefst kostur á að spreya sig á milli-stríðsárastemningu.

FLOTTARI FERMINGARGJAFIR



Sandisk Clip1GB

Agnarsmár MP3 SPILARI með 1GB innb. minni, diktafóni, USB 2, hleðslurafhlöðu ofi. Mikill hljómur og bjartur skjár. Hreinasta snilld.

VERÐ 6.990

FRÁBÆRT VERÐ

**RAUN
STÆRÐ**

HæðxBreiddxDýpt
5.5x3.4x1.6sm



Sandisk Clip2GB

KR 10.990

Sandisk

SanDisk VIEW8GB

8GB MP3 SPILARI með 2.4" LCD litaskjá, FM út., innb.diktafóni og microSDHC kortalesara. Sýnir ljós- og kvikmyndir, högg- og risupölinn, hleðslurafhlöður, 35 klst. í tónlist - 7 í kvikm. Spilar MP3, WMA, AAC, WAV og Audible. Íslenskt viðmót.

ÍSLENSKT VIÐMÓT

Sandisk VIEW16GB KR 24.990

TILBOÐ 19.990

FULLT VERÐ kr. 21.990

SanDisk

MP3 OG
DIKTAFOÑN

Sandisk M250
2GB MP3 SPILARI með
innbyggðum diktafón,
baklýstum skjá og USB
2.0. Spilar MP3, WMA.



TILBOÐ 7.990

FULLT VERÐ kr. 10.990



OLYMPUS

Olympus FE270SIL

Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljóna punkta upplausn, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, 2.5" LCD skjá, hreyfimyndatöku, USB 2.0 og 6.9MB innra minni. Tekur xD kort.

VERÐ 15.990

FRÁBÆRT VERÐ



Panasonic

Panasonic DMCL570

Digital MYNDAVÉL með 7.0 mp upplausn, Venus Engine II, LUMIX DC Vario linsu, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 5.8 - 17.4mm linsu með MEGA OIS hristivörn, 2.0" LCD skjá, hreyfimyndatöku. Tekur SD/SDHC kort.

TILBOÐ 17.990

FULLT VERÐ kr. 22.990



OLYMPUS

Olympus MJU820

Digital MYNDAVÉL með 8 mp upplausn, 3x Optical og 5x Digital Zoom, 7.4 - 22.2mm linsu, 2.7" LCD skjá, Dual Image Stabilization hristivörn, hreyfimyndatöku, timaröfa, USB og 28,4MB innra minni ofi. Tekur xD kort.

TILBOÐ 19.990

FULLT VERÐ kr. 24.990



OLYMPUS

Olympus MJU790SWBL

Digital MYNDAVÉL með 7.1 mp upplausn, vatnsheld að 3m dýpi, höggheld úr 1.5m hæð, 3x Optical og 5x Digital Zoom, 6.7 - 20.1mm linsu, 2.5" LCD skjár, hreyfim.t. með hljóði, USB og 14.7MB innra minni. Tekur xD kort.

VERÐ 29.990

FRÁBÆRT VERÐ



JVC GRD740

Digital DV TÖKUVÉL með 2.7" LCD skjá með 1/6 CCD upptökflögu með 800.000 dílum, 520 lína upplausn, 800x Digital Zoom, 34x Optical Zoom, DV útgangi, Snapshot möguleika og Digital ColorNightScope (myndar í myrkril).

TILBOÐ 24.990

FULLT VERÐ kr. 39.990



JVC

JVC RCEZ31

FERDATÆKI með geislaspilara, útvarpi með stöðvaminnum, segulbandi ofi.

VERÐ 7.990

FRÁBÆRT VERÐ



JBL

JBL ONTIMEBK

ÚTVARPSVEKJARI með 1 Ridge og 2 Phoenix Neodymium hátölurum, 2x6w innb. magnara, Halo acoustics, útvarpi með stöðvarm., LCD skjá með baklýsingu, iPod vögg, Aux inn. og Subwoofer útg. Fyrir iPod, MP3, CD ofi. Ath. iPod fylgir ekki.

VERÐ 26.990

FRÁBÆRT VERÐ



harman/kardon

harman/kardon GoPlay

HÁTALARAR með innbyggðum magnara fyrir iPod, MP3, CD spilara ofi. Tveir hátóna- og tveir bassahátalarar, 4x30w magnari, snertitakkar til að hækka og lækka, Fjarstýring, vaggja fyrir iPod, 3.5mm jack tengi.

TILBOÐ 32.990

FULLT VERÐ kr. 44.990



JBL

JBL RadialBik

HÁTALARAR með innb. 2x15w og 1x30w magnara, 4 Odyssey hátölurum og 1 Neodymium fyrir djúptóna, snertitökkum, vöggju fyrir iPod, 3.5mm jack tengi ofi. Fyrir iPod, MP3, CD ofi. Ath. iPod fylgir ekki.

VERÐ 34.990

FRÁBÆRT VERÐ



JVC 20GB

JVC GZMG47

Digital Media TÖKUVÉL með 20GB hörðum diski (25 tíma uppt.) og kyrrmyndavél, 1/5" upptökflögu með 1.33 MegaPixel upplausn, 2.7" LCD skjá, F1.2 linsu, 15x Optical og 700x Digital Zoom, Dolby Digital hljóð-upptöku og USB 2.0. Tekur SecureDigital kort. Everio Share Station fylgir!

TILBOÐ 54.990

FULLT VERÐ kr. 74.990

GAEDA STÆÐUR



Panasonic

Panasonic SCPM4

20w MÍKRÓSAMSTÆÐA með MP3 geislaspilara og stafrænu FM/AM RDS útvarpi með 35 stöðvaminnum, tónjafnara, klukku með vekjara og svefnrofa, Music Port, heymartölstengi, Bass Reflex hátölurum ofi. Spilar CD, CD-R/RW og MP3/WMA

VERÐ 14.990

FRÁBÆRT VERÐ



JVC

JVC UXS11

10w RMS 1 með MP3 geislaspilara, Bass Boost, RDS útvarpi með stöðvaminnum, Auto Reverse segulbandi, Aux innangi að framan, kukku, heymartölstengi og fjarstýringu. Spilar CD-R/RW.

VERÐ 14.990

FRÁBÆRT VERÐ



DIVX

JVC UXG70

MÍKRÓSAMSTÆÐA með 5 diska DVD spilara, 160w magnara, Progressive Scan, Dolby Digital og DTS, RDS útvarpi með stöðvaminnum, Sound Turbo II með kvikmynda- eða tónlistarstillingu, Aux inn. að framan, USB, Scart og Component tengi, Digital Optical og Subwoofer út., heymartölstengi ofi.

VERÐ 44.990

FRÁBÆRT VERÐ



Dantax

Dantax 19" LCD

19" SÚÖNVARP með 1440x900 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, innb. fjölfærfa DVD spilara, 500:1 skerpu, Nicam stereó hljóð, kortalesari SD/MS/MMC, USB, Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartölstengi, VGA tengi, textavarp ofi.

VERÐ 49.990

FRÁBÆRT VERÐ



UNITED

United LTV26W42

26" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 30w Nicam Stereó hljóðkerfi, 3 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartölstengi, VGA tengi, textavarp ofi.

TILBOÐ 59.990

FULLT VERÐ kr. 69.990

JBL OG HARMAN KARDON GRÆJUR Í MIKLU ÚRVALI



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk
MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

UMBODSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borganesi. Samkaup, Borganesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrimsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrimsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húsvetninga, Hvamstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martólvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossmar, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvaspítalinn, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík. Rafiagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.



BAKÞANKAR
Gerður Kristnýjar

Alltaf í boltanum?

Það er undarlegt að velta því fyrir sér hvernig siðirnir sem við höfum tamið okkur verða smám saman að dillukenndri sérvisku. Tíminn ræður þar mestu. Ég er viss um að það er hann sem breytt hefur þeirri venju minni að taka ljósmyndir á pappír í sérvisku í augum annarra. Ég á 12 ára gamla vél, afar einfalda í notkun eins og vélar eiga að vera. Ekki hvarflar að mér að skipta um, enda tekur hún afbragðsmyndir. Auk þess kostaði hún heilar 7.000 kr. og það voru nú barasta peningar í þá daga, að minnsta kosti dágóð upphæð fyrir tæki.

MIG langar nefnilega aldrei í nein tæki. Mér finnst þau hafa tilhneigingu til að bila og þá verð ég fyrir vonbrigðum. Það er óþægileg tilfinning. Myndavélin mín hefur aftur á móti aldrei bilað. Á sunnudaginn fann ég fyrst fyrir því að afl mér æðra vildi að ég skipti yfir í stafræna vél. Það voru tveir tímar í skírn sonar míns og mig vantaði filmur. Ég hringsólaði á milli bensínstöðva, sjoppa og matvöruhúða í Vesturbænum en hvergi fengust þær.

Á meðan á rúntinum stóð tók ég eftir ómáludum ferningum á húsveggjum þar sem áður voru póstkassar. Þeim hefur hriðfækkað að undanfögnu. MSN-ið og tölvupóstur eiga víst að koma í staðinn. Samt er ég síður en svo hætt að skrifa bréf. Þegar ég sendi fólki ljósmyndir landshorna á milli læt ég bréf iðulega fylgja með. Eftir að póstkassinn hvarf úr hverfinu mínu þarf ég nú að ganga í hálf tíma til komast í póstkassa. Ég gæti allt eins tekið rútna og afhent bréfin í eigin persónu.

LOKS var ekkert annað að gera en að snúa tómhent heim og leita á náðir fjölskyldunnar. Systir mín kom með stafræna vél en pabbi mætti með filmuvél. Hann notar líka enn jakkafötin sem hann varð stúdent í úr M.R. vorið 1953. Fín föt. Það sér ekki á þeim. Mamma er nútímalegri. Ég hef heyrt hana segja: „Eigum við að ræða það eitthvað?“ eins og Ólafur Ragnar í Næturvaktinni. Ég stend mig hins vegar enn að því að segja „Jaaaá“ eins og Elsa Lund í Á tali með Hemma Gunn. Mér er alveg sama hvort fólk áttar sig á því hverri ég er að herma eftir og þegar hugur manns hefur náð þeirri heiðríkju er stutt í að maður geti sagt skilið við fíringu nútímasamfélags. Þá getur heldur ekki verið langt þangað til Ómar Ragnarsson bankar upp á og lætur Jón Pál færa mér þessa líka fínu stafræna myndavél.

Í draumaeildhúsið!



RATIONELL VARIERA
plastpokahylki blátt
B16xD13, H45 cm **195,-**



895,-
RATIONELL VARIERA
diskastandur, ljóst beyki/ryðfrítt stál B12/19 H20 cm



1.490,-
GRUNDTAL kryddrekki,
ryðfrítt stál B32xD8, H46 cm



GRUNDTAL ílát m/segli Ø10
H4 cm ryðfrítt stál **995,-/3 stk.**



IKEA 365+ matarílat,
hvítt/rautt
L17xB17, H6 cm **245,-**



IKEA 365+ steikarpanna,
ryðfrítt stál Ø28 H5 cm **2.290,-**

995,-
GRUNDTAL
hnífarekki, segull
ryðfrítt stál 53 cm



LÄMPLIG
pottastandur, ryðfrítt stál
L50xB28, H2 cm **595,-**



RATIONELL VARIERA
kryddhilla, ljóst beyki/ryðfrítt stál
Ø16 H22 cm **995,-**



FÖRHÖJA hnífaparaskúffa,
birki B25xD43, H7 **995,-**



RATIONELL VARIERA
skúffumotta, grátt
L150xB50 cm **695,-**




IKEA 365+ ílát m/loki
gegnsætt/hvítt
2,3 l. **395,-** 0,3 l. **195,-**



IKEA 365+
kokkahnífur, grátt/svart
34 cm **795,-**



RATIONELL VARIERA
pottlokarekki silfurlitað
B18xD6, H65 cm **695,-**



250,-
LEGITIM skurðarbretti, ýmsir
litir L34xB24 cm **250,-/stk.**



RATIONELL standur
f/álpappír, ál/dökkgrátt
B11xD37, H7 cm **995,-**



PYRA wokpanna, svart
Ø35 H10 cm **595,-**



IKEA 365+ Pottur m/loki,
ryðfrítt stál, 3 l. **1.990,-**

Morgunmat
frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga - laugardaga



195,-

IKEA FOOD

Grænmetisbuff
með graslaukssósu, kúskús
og grænmeti



340,-

IKEA FOOD



Opið virka daga 10.00 - 20.00
Opið laugardaga 10.00 - 18.00
Opið sunnudaga 12.00 - 18.00
Veitingastaður opnaður klukkutíma fyrir en verslun

www.IKEA.is



GÓÐAN DAG!
Í dag er laugardagurinn
1. mars, 61. dagur ársins.

| Sólarupprás | Hádeggi | Sólarlag |
|----------------|---------|----------|
| Reykjavík 8.34 | 13.40 | 18.47 |
| Akureyri 8.23 | 13.25 | 18.28 |

Heimild: Almanak Háskólans